


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Bækur







FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
17. nóvember 2010
270. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

# Grunur um falsaðan kaupsamning ein ástæða húsleita

**Sérstakur saksóknari rannsakar kaup gjaldeyrissjóðs Glitnis á verðlausu skuldabréfi fyrir yfir milljarð af Saga Capital. Kaupsamningurinn er talinn falsaður. Lárus Welding hyggst mæta í yfirheyrslu á morgun.**

**LÖGREGLUMÁL** Gjaldeyrissjóður á vegum Glitnis keypti verðlaust skuldabréf af Saga Capital á rúman milljarð eftir bankahrun. Talið er að samningurinn um kaupin hafi verið falsaður til að láta líta út fyrir að hann hafi verið gerður fyrir hrun. Þetta er meðal þess sem liggur til grundvallar húsleitum og yfirheyrslum Sérstaks saksóknara í allan gærdag.

Ráðist var í tæplega tuttugu húsleitir í gær vegna rannsóknar á fimm málum tengdum Glitni. Allir liðsmenn svokallaðrar sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem stefnt hefur verið í New York, koma við sögu í félögum sem viðriðin eru hin meintu vafasömu viðskipti.

Enginn sjömenninganna var þó yfirheyrður í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggjast starfsmenn Sérstaks saksóknara undirbyggja rannsókn sína betur með yfirheyrslum og gagnayfirlegu áður en stórlaxarnir verða kallaðir fyrir.

Lárus Welding ætlar, samkvæmt heimildum blaðsins, að koma frá London í yfirheyrslu á morgun. Jón Ásgeir sagði við Fréttablaðið í gær að hvorki hann né Ingibjörg Pálmadóttir kona hans hefðu verið boðuð í skýrslutöku.

Meðal staða sem leitað var á í gær er heimili Lárusar í Blönduhlíð – þar sem ekki var lagt hald á neitt að sögn Ragnars H. Hall, lögmanns hans – skrifstofa Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á 101 Hóteli, skrifstofa Pálma Haraldssonar í Reykjavík og skrifstofur Saga fjárfestingarbanka í Reykjavík og á Akureyri. Þá gerði lögreglan á Hvolsvelli eina húsleit vegna málsins.

Alls voru tíu manns yfirheyrðir í gær, einkum stjórnendur úr gamla Glitni og Saga fjárfestingarbanka. Meðal þeirra voru Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga fjárfestingarbanka, og Guðný Sigurðardóttir af lánasviði Glitnis. Sumir voru handteknir, þeirra á meðal Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi viðskiptastjóri bankans, sem var sóttur á heimili sitt árla morguns.

Húsleitir og skýrslutökur stóðu enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Ekki var þó farið fram á gæsluvarðhald eða farbann yfir neinum hinna yfirheyrðu í gær.

- sh / sjá síðu 6



## Boðið til Hollywood

*Elísabet Ormslev fékk dularfullt tilboð frá Borg englanna.*

fólk 34

## Gestgjafinn í þrjátíu ár

*Fljótandi súkkulaði laðar að lesendur.*

tímamót 18



## Fámennt en góðmennt

*Ólafur Jóhannesson er hvergi banginn fyrir leikinn gegn Ísrael í kvöld.*

sport 30

## veðrið í dag




**VÆTUSAMT EYSTRA** Í dag verða norðaustan 10-15 m/s NV-til, annars hægari. Vætusamt SA- og A-til en annars úrkomulítið fram á kvöld. Hiti 0-8 stig.

VEÐUR 4



**ÆGISHJÁLMAR ÍSLENSKUNNAR** Vigdís Finnbogadóttir kankast á við meðlimi í hljómsveitinni Hjálmum í Landnámssetrinu í gær. Hjálmar og Möguleikhúsið hlutu sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vigdís Finnbogadóttir er handhafi verðlauna Jónasar Hallgrímssonar í ár:

## Enginn gúgglar innri máltilfinningu

**MENNING** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu í gær. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Vigdísi verðlaunin við hátíðlega athöfn í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Í ræðu við verðlaunaafhendinguna sagði Vigdís að tungumálið væri það verðmætasta sem Íslendingar ættu, ásamt landinu og frelsinu. Hún benti á að í heiminum væru töluð um sjö þúsund tungumál og bætti við að jafnvel þótt tæknin hefði gert hina stóru veröld aðgengilega mætti ekki slá slöku við að rækta málið.

„Við teljum okkur geta gúgglað allt, sem er auðvitað plat. Það gúgglar enginn innri tilfinningu fyrir tungumálinu,“ sagði hún.

Auk verðlaunanna hlutu Möguleikhúsið og hljómsveitin Hjálmar sérstakar viðurkenningar fyrir stuðning við íslenska tungu.

- bs / sjá síðu 26

Hálfs mánaðar varðhald:

## Karl grunaður um kynferðislega misnotkun

**LÖGREGLUMÁL** **Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær úrskurðaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gæsluvarðhald. Maðurinn er grunaður um kynferðislega misnotkun á börnum.**

**Maðurinn sem um ræðir er búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Hann var handtekinn í fyrradag, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í hálfan mánuð.**

**Grunur leikur á að maðurinn hafi misnotað fleiri en eitt barn. Um er að ræða börn af báðum kynjum og leikur grunur á að misnotkunin hafi staðið yfir um nokkurt skeið.**

- jss









## SPURNING DAGSINS



*Kristín, kippir brotthvarf Össurar fótunum undan Kauphöllinni?*

„Nei, það stoðar lítið að hugsa þannig."

Kristín Jóhannsdóttir er markaðs- og kynningarstjóri Kauphallar Íslands. Stoðtækja- og gervilimaframleiðandinn Össur vill afskráningu úr Kauphöllinni. Markaðsvirði Össurar er 37 prósent af virði allra hlutabréfa í Kauphöllinni.

Hálfrar aldar kafla í sögu skíðaiðkunar í Skálafelli mun ljúka með slökkviliðsæfingu:

# Ætla að brenna skíðaskála KR

**UMHVERFISMÁL** Bera á eld að gömlum skíðaskála KR í Skálafelli. Ætlunin er að nota tækifærið til æfinga fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Byggingarfulltrúi frestaði afgreiðslu málsins í gær þar sem ekki lá fyrir umsögn Minjasafns Reykjavíkur.

Skálinn var byggður af sjálfboðaliðum og vígður árið 1959. Hann tók þá við af skála sem reistur var 1938 en brann 1955 í eldsvoða. Var það skíðamönnum mikið áfall. Reykjavíkurborg tók yfir skíðasvæðin í Skálafelli árið 1990.

„Þá tók borgin líka yfir lyftuna við skálann og rekstrargrundvöllur hans hvarf þá fljótlega, sérstaklega þegar ekkert er búið að hugsa um Skálafell í öll þess ár," segir Anna Laufey Sigurðardóttir, formaður Skíðadeildar KR. Langt sé síðan skálinn hafi orðið utanveltu og hann sé nú algerlega ónýtur.

„Þetta er voðalega sorglegt því þetta er afar fallegur skáli en grunnurinn er ónýtur og skálinn er bara slysagildra í dag," segir Anna, sem kveður slökkviliðsmenn hafa verið lagða af stað upp í Skálafell í lok október til að kveikja í skálanum en á síðustu stundu hafi komið í ljós að tilskilin leyfi skorti. - gar



**SKÍÐASKÁLI KR** Formaður stjórnar skíðadeildar segir sorglegt að gamli skálinn þurfi að hverfa en hann sé nú orðinn slysagildra. MYND/ÁRNI RUDOLF RUDOLFSSON

Innheimta námslána hjá LÍN:

# Fjárnám vegna 160 námslána

**ALÞINGI** Tvær lögmannsstofur sem starfa fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) hafa frá því í október 2008 látið gera 160 fjárnám vegna vangoldinna lána.

Þetta kom fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur þingmanns. Lánþegar LÍN eru 29.595 og að á fyrstu átta mánuðum ársins hafi 97 prósent greitt afborganir áður en kom til milliinnheimtu. „Aðeins 1,5 prósent af kröfum LÍN fara að áfram í löginnheimtu," segir í svari ráðherra.- gar

Írar vilja ekki aðstoð:

# Líf evrusvæðisins sagt í húfi

**BELGÍA, AP** Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, var ómyrkur í máli við upphaf fundar evruríkjanna í Brussel í gær, þar sem fjárhagsvandi Írlands var til umræðu.



HERMAN VAN ROMPUY

„Við verðum öll að vinna saman til að lifa af með evrusvæðið," sagði Van Rompuy, „því ef við lifum ekki með evrusvæðið lifum við ekki með Evrópusambandið."

Írar standa fast við það að þiggja ekki aðstoð, þótt ESB hafi á fundinum lagt hart að þeim að tryggja að írskir bankar fari ekki á hausinn, sem gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir evruna. - gb

Líkamsárásin í Þingholtunum:

# Ólafur sofandi í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL Ólafur Þórðarson tónlistarmaður liggur enn alvarlega slasaður á sjúkrahúsi eftir að sonur hans veitti honum alvarlega áverka á sunnudag. Að sögn læknis á Landspítalanum í gærkvöldi er líðan Ólafs óbreytt frá því á sunnudag. Honum er enn haldið sofandi í öndunarvél.**



ÓLAFUR ÞÓRÐARSON

**Sonur Ólafs hefur sem kunnugt er játað árásina á sig og situr nú í tveggja vikna gæsluvarðhaldi sem hann var á mánudag úrskurðaður til að sæta.** - gar

# Nítján ára grunaður um nærri 70 innbrot

**Ungur maður er grunaður um þátttöku í á sjöunda tug innbrota í sumarhús á þessu ári. Síðast var hann á ferð í þeim tilgangi í Skorradal fyrr í mánuðinum. Þá er hann grunaður um að hafa svikið út fé með stolnum greiðslukortanúmerum.**

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára piltur er grunaður um að hafa framið að minnsta kosti á sjöunda tug innbrota í sumarhús auk annarra brota á þessu ári.

Pilturinn var síðast handtekinn, ásamt öðrum pilti af erlendum uppruna, af lögreglunni í Borgarfirði og Dölum fyrr í þessum mánuði eftir að brotist hafði verið inn í átta sumarbústaði í Skorradal. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þurfti þá einnig að ná tali af honum vegna brota í sínu umdæmi. Lögreglan í Borgarnesi ók því báðum piltunum á móti lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu sem tóku við þeim og fluttu til Reykjavíkur, þar sem íslenski pilturinn var yfirheyrður.

Þá rannsakar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fjársvikamál, þar sem greiðslukortanúmer fólks hafa verið notuð til að svíkja út fé. Yfir þúsund greiðslukortanúmer, bæði íslensk og erlend, fundust í tölvu piltsins, sem er grunaður um svikin.

Mikil innbrotahrina gekk yfir sumarbústaðabyggðir á Suður- og Vesturlandi fyrr á árinu, eins og komið hefur fram. Mál sem risið hafa vegna hennar eru nú tekin að streyma til ákæruvaldsins. Umræddur piltur er talinn eiga hlut að stórum hluta innbrotanna, yfirleitt í félagi við sér yngri pilta.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, vill ekki tjá sig efnislega um málið, en staðfestir að mál á hendur einum einstaklingi, sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur kallað eftir frá Selfossi og Borgarnesi til ákærumeðferðar, slagi hátt í sjötíu, ásamt þeim sem eru til meðferðar á höfuðborgarsvæðinu.

Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi, segir sumarbústaðaeigendur í Borgarfirði hafa átt fundi og ráðfært sig við lögreglu um hvernig best megi verjda sumarhúsin gegn innbrotsþjófum. Tæknin sé nú orðin með þeim hætti að auðvelt sé að koma upp ýmiss konar búnaði sem gerir eigendum kleift að fylgjast með bústöðum sínum og fæli þjófa frá. Þá sé nágrannavarslan afar mikilvæg verði fólk vart við grunsamlegar mannaferðir. Það geti skrifað hjá sér bílnúmer og haft samband við lögreglu.

„Hins vegar er ekki ráðlegt að fólk hætti sér í námunda við hina grunsamlegu," útskýrir Theodór. „Þeir geta verið illa áttaðir af neyslu og oft í slíkum látum að alveg óvíst er hvernig þeir bregðast við." jss@frettabladid.is




**LÖGREGLAN Í BORGARNESI** Lögreglan í Borgarnesi handtók piltinn fyrr í þessum mánuði eftir innbrotahrinu í sumarbústaði í Skorradal. Hann var talinn eiga hlut að máli þar, ásamt öðrum yngri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**STOLTIR VERÐLAUNAHAFAR** Með verðlaunagripinn „Þröstinn góða" í höndunum. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Verðlaun afhent í Ráðhúsi:

# Lestrarhestar fá viðurkenningu

**MENNING Hátt í eitt hundrað grunnskólanemar í Reykjavík fengu í gær afhent íslenskuverðlaun menntaráðs borgarinnar við hátíðlega athöfn í Ráðhúsinu.**

**Verðlaunahafarnir hafa skarað fram úr á ýmsa vegu í lestrarfærni, sagnasmíð, ljóðaskrifum og framsögn. Nokkrir þeirra eiga annað móðurmál en íslensku, en hafa sýnt miklar framfarir í íslenskunámi og tjáningu.**

**Verndari verðlaunanna er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti. Markmið þeirra er að hvetja nemendur til framfara í íslenskunámi.** - gb

Vilja draga úr sorphirðu:

# Tíu dagar milli tunnutæminga

**SORPMÁL** Fulltrúar meirihluta umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur leggja til að frá og með áramótum verði sorp sótt á tíu daga fresti í stað þess að vera sótt á sjö daga fresti. Það sé í samræmi við sorphirðu hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig er lagt til að sorpílát verði að hámarki sótt fimmtán metra inn á lóð en að fólk geti keypt viðbótarþjónustu þar sem ílát séu sótt lengra. Þá verði sorpi skipt í tvo flokka við öll heimili á næsta ári. Árið 2013 verði síðan hafin söfnun og vinnsla á lífrænum eldhúsúrgangi. - gar




Degi rauða nefsins hrint af stað til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna:

# Borgarstjórnin öll rauðnefjuð

**SAMFÉLAGSMÁL** Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, og aðrir í borgarstjórn keyptu í gær fyrstu rauðu nefin sem Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna selur til styrktar bágstöddum börnum um allan heim.

Það var borgarstjórn Reykjavíkur sem ýtti sölu nefjanna úr vör þegar Dagur rauða nefsins var haldinn í fyrsta skipti hér á landi árið 2006. Jón Gnarr lagði átakinu lið strax þá, þegar hann var skemmtikraftur.

Dagur rauða nefsins var haldinn aftur árið 2009 og verður haldinn í þriðja sinn hinn 3. desember næstkomandi á vegum UNICEF á Íslandi. Söfnunin nær hámarki þegar landslið leikara og skemmtikrafta kemur saman þá um kvöldið í sjónvarpsútsendingu söfnunarátaksins á Stöð 2. - gb





**BORGARSTJÓRINN Í FARARBRODDI** Jón Gnarr hefur frá upphafi stutt Dag rauða nefsins. Óttarr Proppé og Dagur B. Eggertsson láta ekki sitt eftir liggja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




+ Bókaðu gistingu erlendis á icelandair.is

ICELANDAIR

**GENGIÐ 16.11.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,55 | 113,09 |
| Sterlingspund | 180,24 | 181,12 |
| Evra | 152,91 | 153,77 |
| Dönsk króna | 20,51 | 20,63 |
| Norsk króna | 18,755 | 18,865 |
| Sænsk króna | 16,327 | 16,423 |
| Japanskt jen | 1,351 | 1,359 |
| SDR | 174,90 | 175,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,0921

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúar allra flokka telja þörf á að endurskipuleggja aðgang að sérfræðiþjónustu í heilbrigðiskerfinu:

# Þarf að fjölga heimilislæknum um 20 til 30

**ALÞINGI** Fulltrúar fjögurra stærstu þingflokkanna gáfu til kynna við umræður á Alþingi í gær að þeir styddu það að sérfræðiþjónusta í heilbrigðiskerfinu yrði endurskipulögð og aðgangur að ódýrri þjónustu takmarkaður með einhvers konar tilvísunarkerfi.

Til að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu heimilislækna í kjölfar breytingarinnar þyrfti að mennta 20 til 30 nýja sérfræðinga í heimilislækningum til starfa á höfuðborgarsvæðinu og kom fram að vegna þess gæti undirbúningur málsins tekið meira en tíu ár. Nefnd heilbrigðisráðuneytisins um málið er að störfum og skilar líklega tillögum um næstu mánaðamót.

Tilvísunarkerfi felur í sér að ríkið niðurgreiðir ekki sérfræðiþjónustu lækna nema sjúklingar framvísi tilvísun frá heimilislækni. Nú greiða sjúklingar sama gjald til sérfræðinga hvort sem þeir framvísa tilvísun heimilislæknis eða ekki. Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, hvatti til að fylgt yrði fordæmi Dana, þar sem fólk á þess kost að standa utan tilvísunarkerfis en greiða þá hærra gjald fyrir þjónustu sérfræðinga. 98% hafa valið almenna kerfið og tilvísanir.

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra sagði að breyting á kerfinu krefðist ítarlegs undirbúnings. Hann sagðist stefna að því að vinna að breytingum á núverandi kerfi í eins mikilli pólitískri sátt og kostur er eftir að nefnd ráðuneytisins lýkur störfum í lok þessa mánaðar. „Það skiptir miklu máli að menn séu ekki að breyta um stefnu með hverjum nýjum ráðherra," sagði Guðbjartur. - pg



**HEILBRIGÐISRÁÐHERRA** Guðbjartur Hannesson segir brýnt að nýta skattpeninga sem best. Hins vegar verði tímafrekt að endurskipuleggja reglur um aðgang sjúklinga að þjónustu sérfræðilækna.

Frambjóðendur skora á RÚV:

## Vilja að RÚV sinni skyldum

**STJÓRNLAGAÞING Páll Magnússon útvarpsstjóri tók í gær á móti undirskriftalista frá 168 frambjóðendum til stjórnlagaþings þar sem skorað var á Ríkisútvarpið að sinna skyldum sínum og kynna stefnu frambjóðenda.**

**Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur gætt ólgu meðal hluta frambjóðenda í garð stjórnvalda og fjölmiðla þar sem frambjóðendurnir telja að þeir hafi ekki fengið tækifæri til að koma stefnumálum sínum á framfæri við almenning í landinu.** - bj



**BJÖRGUNARSTÖRF** Vonir dvínuðu hratt um að fleiri fyndust á lífi. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir fórust í Nýju-Delí:

## Múrsteinshús hrundi niður

**INDLAND, AP** Að minnsta kosti 66 manns létu lífið og 73 særðust þegar fátæklegt múrsteinshús hrundi í þéttbyggðu hverfi í Nýju-Delí á Indlandi á mánudagskvöld, um það leyti sem fólk var að huga að kvöldmat.

Björgunarfólk leitaði ákaft að fólki á lífi í rústunum, en vonir um að fleiri fyndust dvínuðu hratt þegar leið á daginn.Svo virðist sem undirstöður hússins hafi veikst í monsúnrigningum nýverið. - gb

# Ekki gott ástand fyrir Icesave

**Formaður Framsóknarflokksins telur óskynsamlegt að setja Icesave á dagskrá í því pólitíska ástandi sem ríki í landinu. Hann segir fjármálaráðherra nálgast sjálfstæðismenn í gegnum Samtök atvinnulífsins.**

**STJÓRNMÁL** „Ég held að ein af ástæðunum fyrir því að það hefur lítið til þessa máls spurst síðustu vikurnar sé pólitíska ástandið á Íslandi," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.

Hann, og fleiri, eru þeirrar skoðunar að ekki sé frjór jarðvegur fyrir Icesave. Ræðst það til dæmis af áhrifum landsdómsmálsins, fjöldamótmæla og átaka um lausnir á skuldamálum heimilanna.

„Ég get ekki séð að hægt sé að koma með þetta mál upp núna, að það eigi að ganga frá kröfu upp á segjum hundrað milljarða, ef við núvirðum þetta ekki, á sama tíma og staða skuldamála heimilanna er eins og hún er og hér til umræðu fjárlög með verulegum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu," segir Sigmundur.

Tveir ráðherrar, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, hafa í viðtölum verið bjartsýnir á gang málsins. Í samtali við Reuter í byrjun mánaðarins sagðist Össur telja að viðræðum lyki innan mánaðar og skömmu áður sagðist Steingrímur, á Stöð 2, vonast til að málið skýrðist mjög fljótt.

Nokkuð er um liðið frá því að þeir lýstu þessu yfir en lítið spurst af samningum fyrr en í fyrrakvöld og í gær þegar fjallað var um málið í fréttum.

Sigmundur Davíð telur málið hafa tekið undarlega stefnu. „Mér heyrist fjármálaráðherra telja sig geta klárað dæmið og hafa reynt að fá Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið til að bakka sig upp í því. Hann hefur meðal annars fengið Samtök atvinnulífsins til að hringja í þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Það er kostulegt að kommarnir séu að fá kapítalistana til að aðstoða sig við að koma þessu í gegn hjá Sjálfstæðisflokknum."

Hann segist ekki vita til að nokkuð nýtt liggi fyrir frá því sem var fyrir nokkrum vikum eða jafnvel mánuðum. Þá hafi margt vantað upp á til að hægt væri að tala um samninga. „Við fengum til dæmis ekki svör við spurningum um hvort verið væri að tala um gamla samninginn með nýjum tölum eða hvort gera ætti grundvallarbreytingar á honum."



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Sigmundur kveðst kannast við umræður um þær tölur sem nefndar hafi verið, til dæmis, um þriggja prósenta vexti, níu mánaða vaxtahlé og að um 60 milljarðar króna kunni að falla á ríkissjóð. „En það var ákveðið að gera ekki neitt með þetta heldur bíða enda voru menn sammála um að ekkert lægi á." Aukinheldur hafi ekkert fengist á pappír.

Mat Sigmundar er að ekki sé nóg með að pólitíska ástandið nú um stundir bjóði ekki upp á umræður um Icesave heldur sé hagstætt að bíða. „Ég held að það liggi ekkert á með þetta mál og að það sé miklu skynsamlegra að taka það upp síðar. Eftir því sem tíminn líður minnkar óvissan. Við sjáum þá betur hvernig fer með þrotabú Landsbankans sem er aðalatriðið í þessu, svo lengi sem menn greiði ekki vexti á meðan. Ég held að menn ættu ekki að flýta sér í þessu."

bjorn@frettabladid.is




**33 JÁ** Icesave-lögin voru samþykkt á Alþingi rétt fyrir áramót. Í kjölfarið vísaði forsetinn þeim til þjóðarinnar, sem felldi þau með miklum mun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hægt að semja en pólitíkin ræður

Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður var tilnefndur af stjórnarandstöðunni í Icesave-samninganefndina. Hann hefur haldið formönnum stjórnarandstöðuflokkanna upplýstum um framvindu viðræðnanna en segir ekkert stórvægilegt hafa gerst í málinu síðustu daga, hvorki gagnvart erlendu viðsemjendunum né á innanlandsvettvangi.



**LÁRUS BLÖNDAL**

„Það eru ágætar líkur á því að hægt sé að ná samningum og það veit stjórnarandstaðan að sjálfsögðu enda verið virkur þátttakandi í þessu ferli og haft mikil áhrif á gang mála. Það þarf hins vegar pólitískan vilja og samstöðu til að ljúka samningunum," segir Lárus. Viðræður sem staðið hafi með hléum frá því í febrúar hafi þokað málinu verulega fram veginn.

Frá upphafi hefur legið fyrir krafa Breta og Hollendinga um að sem víðtækust pólitísk sátt ríki um málið á Íslandi. Öðruvísi verði ekki samið enda kunni málið að fara í sama farveg og síðast þegar því var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lárus er efins um að pólitíska landslagið sé þannig að hægt sé að ná fram lausn nú. „Það er ekki mikil eindrægni á þinginu og það markar auðvitað þann hraða sem er á málinu. Menn hafa ekki talið síðustu vikurnar að hægt sé að ná þeim samhljómi sem þarf til að ljúka þessu."


RÝMINGARSALA!



SELJUM ÖLL GARÐHÚSGÖGN, ÚTIELDSTÆÐI, BLÓMAPOTTA OFL.
MEÐ 40-70% AFSLÆTTI Í NOKKRA DAGA! FRÁBÆRT TÆKIFÆRI
TIL AÐ KAUPA VANDAÐA VÖRU Á PALLINN EÐA SVALIRNAR.

Opið:
Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

Signature húsgögn


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**ÚRKOMA VÍÐA**
Það hvessir norðvestantil er líður á daginn en annars verður vindur fremur hægur. Nokkuð úrkomusamt á landinu í dag og á morgun, einkum suðaustanlands. Hitinn svipaður áfram en horfur á að það kólni á ný um helgina.



**Á MORGUN** Dregur smám saman úr vindi NV-lands.

**FÖSTUDAGUR** Stíf NA-átt SA-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 7° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 16° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -2° |
| París | 5° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is


VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ – EXPRESSFERÐIR
VILDARÞJÓNUSTA BYRS
Kynntu þér kostina á byr.is
Njóttu þess besta í Berlín
**Það er gaman að ferðast.** Þess vegna bjóða Expressferðir viðskiptavinum í Vildarþjónustu Byrs **þrjár ferðir á kostakjörum** í janúar og febrúar. **Vertu í Vildarþjónustu Byrs og skelltu þér til Berlínar.**
BYR
BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is
**Vertu í Vildarþjónustu Byrs** og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértilboð hjá samstarfsaðilum.
DYNAMO REYKJAVÍK

**FRÉTTASKÝRING:** Rannsókn Sérstaks saksóknara á málum tengdum Glitni

Sjötíu manns tóku þátt í um 20 húsleitum í gær:

## Eitt alstærsta verkefnið


ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

„Þetta er ein sú allra stærsta sem við höfum farið í,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, um aðgerðina í gær.

Um sjötíu manns tóku þátt í aðgerðunum. Sérstakur saksóknari naut liðsinnis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Hvolsvelli, sérsveitar og efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins.

Ráðist var í tíu húsleitir í gærmorgun en eftir því sem leið á daginn fjölgaði þeim. Þær voru orðnar tæplega 20 undir lok dags. „Það er eðlilegt ferli að þegar það kemur í ljós að gögnin er að finna annars staðar þurfi að fara og leita þar,“ segir Ólafur.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir:

Engan má vanta [一個都不能少]

Þessi hrífandi saga úr kínversku dreifbýli segir frá kornungri kennslukonu í afleysingum og leit hennar að nemanda sem hleypur á brott. Myndin varpar ljósi á gífurlegann mun á afkomu og lifnaðarháttum í dreifbýli og stórborgum Kína. Leikstjórinn Zhang Yimou er margverðlaunaður og vel þekktur unnendum kínverskra kvikmynda.



Sýningin er öllum opin og án endurgjalds. Sýningartími 140 mín.

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is
HÁSKÓLI ÍSLANDS
北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20



Hana Nú
Ferskur kjúklingur á tilboði á miðvikudögum
Kostur Ferskur kjúklingur
489 kr/kg
Aðeins 3 stk. á körfu.
Gildir meðan birgðir endast
*Kjúklingurinn er nýslátraður í neytendaumbúðum
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

Framboð til stjórnlagaþings



Ástrós Gunnlaugsdóttir
stjórnmálafræðingur
Tryggjum ungu fólki áhrif við gerð nýrrar stjórnarskrár.
5779
„Ég borga þessa auglýsingu úr eigin vasa“. astrosg.is

# Keypti verðlaust bréf af Saga á yfir milljarð

**Gjaldeyrissjóður Glitnis keypti verðlausa skuld af Saga Capital á yfir milljarð eftir hrun. Talið er að kaupsamningurinn hafi verið falsaður til að láta líta út fyrir að hann hafi verið gerður fyrir hrun. Forstjóri Saga segist ekki í rannsókn.**



**GLITNIR** Heimildarmaður Fréttablaðsins segir viðskipti gjaldeyrissjóðsins GLP FX langskýrasta dæmið um lögbrot af þeim sem eru til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gjaldeyrissjóður á vegum Glitnis, GLP FX, keypti rétt eftir bankahrun verðlaust skuldabréf af Saga Capital fjárfestingarbanka á meira en milljarð króna. Fjárfestar sem áttu fé í sjóðnum töpuðu jafnvirði kaupanna enda voru engin verðmæti á bak við þau. Talið er að skjöl vegna samningsins hafi verið fölsuð. Þetta er meðal þess sem varð tilefni húsleita Sérstaks saksóknara í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.


ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON

Þetta er eina málið af þeim fimm sem nefnd eru í tilkynningu Sérstaks saksóknara frá því í gær sem ekki hefur verið fjallað um opinberlega fyrr. Öll hin hafa verið nefnd í stefnum og málsskjölum slitastjórnar Glitnis á hendur Glitnismönnum hér heima og í New York.

Skuldabréfið var til komið vegna láns frá Saga Capital til Stíms hf. fyrir kaupum á hlut í Glitni. Samkvæmt samningi sem liggur fyrir um kaupin á skuldabréfinu var hann gerður 18. ágúst 2008, en var framvirkur til 19. nóvember 2008.

Engin gögn hafa hins vegar fundist um gerð samningsins í ágúst 2008 og því telja rannsakendur að hann hafi verið falsaður; í raun hafi hann ekki verið gerður fyrr en í nóvember, ríflega mánuði eftir að Glitnir féll og skuldabréfið varð verðlaust.

Fleira kemur til. Jafnvel þótt samningurinn reynist ósvikinn telja menn að aldrei hefði átt að kaupa skuldabréfið á fullu verði með vöxtum eins og gert var, enda hafði virði hlutabréfa í Glitni hríðfallið frá því að Saga Capital veitti Stím lánið síðsumars 2007 og fram til 18. ágúst 2008 og því hefði Stím aldrei getað greitt skuldina. Á þessum tíma hafði virði bréfanna í Glitni meira að segja verið fært nálægt núlli í bókum Stíms.

Þar fyrir utan var sjóðurinn gjaldeyrissjóður og mátti reglum samkvæmt ekki fjárfesta í skuldabréfum. Það eitt er talið varða við lagaákvæði um umboðssvik.

Heimildarmaður Fréttablaðsins, sem þekkir vel til málsins, segir að þetta sé langskýrasta dæmið um lögbrot af þeim fimm atriðum sem til rannsóknar eru varðandi Glitni.

Ekki liggur fyrir hvers vegna Glitnismenn kusu að greiða með þessum hætti skuld Stíms við Saga Capital. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga, þvertekur hins vegar fyrir það að rannsóknin beinist að sér eða fyrirtæki sínu.

„Ég náttúrlega get ekki svarað fyrir gjaldeyrissjóðinn GLP FX en við seldum skuldabréf fyrir milligöngu Glitnis og það er í tengslum við það sem við erum að hjálpa til.“

Spurður hvernig standi á því að Glitnir hafi keypt svo gott sem verðlaust skuldabréf fullu verði svarar Þorvaldur Lúðvík: „Lá það fyrir á þeim tíma? Þeir leggja auðvitað sitt mat á það.“

**Stigur Helgason**
stigur@frettabladid.is



## Hin fjögur málin sem eru til rannsóknar:

**1** Lánveitingar til félagsins Stíms hf. vegna kaupa á hlutabréfum í Glitni og FL Group. Stím hf. hét áður FS37 og var stofnað af Fons, eignarhaldsfélagi Pálma Haraldssonar. Glitnir tók það síðar yfir og nefndi það Stím. Félaginu var ætlað að kaupa hlutabréf í Glitni og FL Group fyrir tæpa 24,8 milljarða króna.

Helstu viðskiptavinum Glitnis var síðan boðið að kaupa í Stími, en Glitnir var eftir sem áður stærsti eigandinn með 32,5 prósenta hlut. Glitnir og FL Group lánuðu svo Stími fyrir 90 prósentum af hlutabréfakaupunum með veðum í bréfunum sjálfum. Talið er að þetta hafi verið flétta til að losa Glitni undan eign í sjálfum sér og halda uppi gengi bréfa í bankanum.


JAKOB VALGEIR FLOSASON

Jakob Valgeir Flosason, útgerðarmaður frá Bolungarvík, var skráður stjórnarformaður Stíms og átti 10 prósent í félaginu. Hann sagðist þegar málið kom upp sannfærður um að athugun FME myndi ekki leiða neitt óeðlilegt í ljós. Annað hefur komið á daginn.

Fréttablaðið hafði samband við Jakob Valgeir í gær og sagði hann þá að enginn rannsakandi hefði nokkru sinni haft samband við hann vegna málsins. „Þeir sjá væntanlega að ég hef verið plataður.“

**2** Lánveitingar til félagsins FS38 ehf. til kaupa á Aurum Holding Ltd. af Fons hf. FS38 var stofnað af Fons, líkt og FS37. Slitastjórn Glitnis hefur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur stefnt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding og þremur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis til greiðslu sex milljarða króna vegna málsins.

Forsaga þess er sú að Fons fékk sumarið 2008 sex milljarða lán hjá Glitni. Fons lánaði féð áfram til FS38, sem lánaði féð áfram til FS37, sem síðar varð Stím. Á sama tíma keypti Stím hlutabréf Fons í bresku skartgripakeðjunni Aurum Holdings fyrir sex milljarða króna. Milljarður af þeirri greiðslu fór inn á persónulegan reikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.


PÁLMI HARALDSSON

**3** Lánveitingar til Fasteignafélagsins Stoða (síðar Landic Properties), Baugs og 101 Capital ehf. í tengslum við kaup á danska fasteignafélaginu Keops.

Í tilefni af þessu var ráðist í húsleit á skrifstofu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á 101 hóteli í gær. Jón Ásgeir sagði í svari við spurningum Fréttablaðsins í gær að ekkert óeðlilegt væri við viðskiptin. „Keops var skráð hlutafélag í Danmörku. Félagið var yfirtekið af innlendum aðilum á sínum tíma og fjárfestar nutu ráðgjafar innlendra og erlendra aðila við yfirtökuna. Það er ekkert meira um það að segja. Allar greiðslur varðandi þetta mál getur sérstakur saksóknari rakið í gegnum reiknistofu bankanna.“


JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

**4** Kaup Glitnis á hlutabréfum í Tryggingamiðstöðinni. Fléttunni er lýst í stefnu slitastjórnarinnar gegn svokallaðri sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs í New York.

Í stefnunni segir að við kaupin hafi Glitnismenn lagt sig í framkróka um að fela fjárhagsleg tengsl sín við FL Group. „Hinir stefndu tóku því þátt í blekkingarleik sem gerði þeim kleift að flytja fjárhagsleg tengsl við tengda aðila, sem voru orðin mikil, yfir á aðra aðila, án þess að opinbera sannleikann. Kaupin á TM voru algjörlega fráleit fyrir bankann frá efnahagslegu sjónarmiði,“ segir í stefnunni. Þar segir einnig að af viðskiptunum hafi hlotist 25,75 milljarða króna tap fyrir bankann.



# EINFALT
## AÐ SKILA OG SKIPTA

**AÐ SKIPTA JÓLAGJÖFUM ER EINFALT...**

hjá okkur geta þínir nánustu valið úr yfir 50.000 vörutegundum og allir finna eitthvað við sitt hæfi:

*leikföng, spil, snyrtivörur, fatnaður, skór, skemmtiefni, bækur, búsáhöld, raftæki og margt fleira.*




**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

*Það er kaffitími núna*




# Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins...

**Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði**

**Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast**

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir kaffitímann*
*Kíktu á bki.is*

Hugmyndafræði laga um sjúkratryggingar er brostin vegna efnahagshrunsins:

# Endurskoða þarf sjúkratryggingalögin

**ALÞINGI** Fyrirhugað er að endurskoða lög um sjúkratryggingar vegna breytinga sem orðið hafa frá því að þau tóku gildi 2008.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um frestun gildistöku ákvæða um samninga Sjúkratrygginga Íslands um rekstur hjúkrunarheimila.

Upphaflega áttu þau að taka gildi um síðustu áramót en gildistöku var frestað um ár. Nú er lagt til að gildistöku verði frestað um þrjú ár og um leið að heilbrigðisráðuneytið ákveði daggjöld vegna hjúkrunarrýma og gefi út reglugerð um þau.

Í greinargerð segir að ljóst sé að enn vanti talsvert upp á að Sjúkratryggingarnar verði í stakk búnar að gera umrædda samninga. Í kjölfar hrunsins hafi orðið ákveðinn forsendubrestur að því er varðar hugmyndafræði þá sem liggi að baki lögum um sjúkratryggingar. Þau verði því að endurskoða með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafi. **- bþs**

**Skorið niður um einn og hálfan milljarð milli ára**

**Framlög til tryggingamála og reksturs Sjúkratrygginga Íslands**

| | Reikningur 2009 | Fjárlög 2010 | Frumvarp 2011 |
|---|---|---|---|
| Sjúkratryggingar Íslands | 547 | 477 | 415 |
| Sjúkratryggingar | 30.838 | 27.728 | 26.224 |
| Slysatryggingar | 662 | 636 | 709 |
| Sjúklingatrygging | 97 | 120 | 120 |
| Samtals | 32.143 | 28.961 | 27.468 |

Heimild: Fjárlagafrumvarp 2011



**SJÓÐIR** Nú er starfandi 31 lífeyrissjóður. Landsmenn greiða þó ekki í þá alla, sumir taka ekki við nýjum sjóðfélögum og munu því leggjast af á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segir lífeyrissjóðina fegra kostnaðartölur

**Rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna er á níunda milljarð króna segir stjórnarmaður í VR. Hægt að hagræða verulega í lífeyrissjóðakerfinu. Fráleitt að tölur séu fegraðar, notum sömu aðferðir og erlendis segir talsmaður lífeyrissjóða.**

**EFNAHAGSMÁL** Lífeyrissjóðirnir fegra kostnaðartölur sínar með því að reikna umsýslukostnað vegna fjárfestinga erlendis ekki inn í rekstrarkostnað, segir Ragnar Þór Ingólfsson, stjórnarmaður í VR. Hann segist áætla að rekstrarkostnaður allra íslensku lífeyrissjóðanna í fyrra hafi verið á níunda milljarð króna.

Þessu mótmælir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, harðlega. Hann segir rekstrarkostnaðinn um 3,8 milljarða króna, reiknaðan með sömu aðferðum og í Danmörku.

„Ég er sannfærður um að það er hægt að hagræða gríðarlega í lífeyrissjóðakerfinu,“ segir Ragnar. Hann vill að lífeyrissjóðum verði fækkað verulega og að sjóðsfélagar fái að kjósa stjórnarmenn.

Ragnar hefur birt útreikninga á rekstrarkostnaði lífeyrissjóðanna á vefsíðu sinni. Þar leggur hann saman rekstrarkostnað sex stærstu lífeyrissjóðanna út frá ársreikningum sjóðanna í fyrra. Út frá því hefur hann áætlað að uppgefinn rekstrarkostnaður allra sjóðanna sé um 3,3 milljarðar króna á ári.

**1.830 milljarðar**
Heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna

Þetta er þó aðeins hluti raunverulegs rekstrarkostnaðar sjóðanna, segir Ragnar. Með réttu ætti að bæta við þetta erlendum fjárfestingargjöldum, sem er kostnaður vegna verðbréfamiðlara sem sýsla með erlend verðbréf sjóðanna. Ragnar segir að sá kostnaður hafi að lágmarki verið um fimm milljarðar króna í fyrra.

Landssamband lífeyrissjóða hefur bent á að rekstrarkostnaður íslensku lífeyrissjóðanna sé lágur í samanburði við kostnað við lífeyriskerfin í öðrum ríkjum OECD, þegar miðað sé við kostnað sem hlutfall af heildareignum. Ragnar segir þetta ekki alls kostar rétt. Á vefsíðu sinni bendir hann á að sé kostnaður við fjárfestingar erlendis talinn með sé kostnaðurinn töluvert langt frá því að vera lægstur innan ríkja OECD, „nema þau beiti sambærilegum brellum til að fegra kostnað við kerfið“.

Hrafn hafnar því alfarið að brellum sé beitt. Kostnaður við fjárfestingar erlendis sé dreginn af tekjunum eins og alltaf hafi verið gert. Hann segist aðspurður ekki hafa upplýsingar um hversu mikill sá kostnaður sé.

Rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða var rétt um 0,2 prósent af heildartekjum sjóðanna í fyrra og hefur verið óbreyttur undanfarin ár, segir Hrafn. Eignirnar í fyrra voru um 1.830 milljarðar en rekstrarkostnaður 3,8 milljarðar.

Hann bendir á að sérfræðingar OECD kjósi að nota þetta hlutfall sem mælikvarða á lífeyrissjóðina, ekki lífeyrissjóðirnir sjálfir.

brjann@frettabladid.is

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

**Hjúkrunarþjónusta í Lyfju Lágmúla**

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. ráðgjöf við val og notkun á vörum fyrir sykursjúka. Láttu okkur mæla blóðsykurinn.

**Þjónustan er veitt virka daga frá kl. 8 til 17.**




ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 52165 11/10

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

+5% staðgr.afsláttur

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚS INNRÉTTINGAR



LINE Glerhörð, kámfrí áferð

Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð

Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til afgreiðslu af lager



HORIZONTAL

Spónlögð amerísk hnota



DUCALE

Ljós eik - innfelld handföng



DUCALE Glerhörð, kámfrí áferð

Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

## FATASKÁPAR

*Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm*

40% afsláttur

+5% staðgr. afsláttur



www.i-t.is

DRAUMA ELDHÚS

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15**

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**FERÐAST Á ÚLFALDA** Þessir tveir indversku landamæraverðir tóku þátt í nokkurra daga úlfaldareisu um Rajastan-hérað ásamt tuttugu félögum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Vopnfirðingar héldu ánægðir heim af fundi með ráðherra og þingmönnum:

# Gamla fólkið verði ekki sent í burtu

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég er mjög bjartsýnn á að fundin verði lausn og fullviss um að Sundabúð verði ekki lokað."

Þetta segir Ólafur Ármannsson frá Vopnafirði, sem ásamt Unu B. Jónsdóttur afhenti í gær heilbrigðisráðherra og þingmönnum Norðausturkjördæmis mótmæli 400 Vopnfirðinga vegna boðaðrar lokunar legudeildarinnar Sundabúðar. Þar búa ellefu eldri borgarar sem flytja átti til Egilsstaða eða Seyðisfjarðar.

Ólafur segir stjórnmálamennina hafa gefið til kynna að góð lausn fyndist. Þeir sæju að sökum aðstæðna, ekki síst landfræðilegra, gengju þessi áform ekki upp. - bþs



**KYNNTU MÁLSTAÐINN** Þingmenn Norðausturkjördæmis og heilbrigðisráðherra tóku í gær við mótmælum 400 Vopnfirðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný aðferð við bílasölu:

# Riffill fylgir í kaupbæti

**BANDARÍKIN Nick Ginetta, bílasali í Flórída, býður viðskiptavinum sínum ókeypis riffil af gerðinni AK-47 ef þeir kaupa vörubifreið.**

**Það er bandaríska sjónvarpsstöðin Fox sem skýrir frá þessari nýstárlegu söluaðferð.**

**Riffillinn fylgir að vísu ekki í bílnum, heldur fá kaupendur miða sem þeir geta framvísað í vopnabúð og fengið riffilinn afhentan, en þó því aðeins að þeir hafi útvegað sér öll tilskilin leyfi til byssueignar.** - gb

PIPAR\TBWA • SÍA • 91340



oryggi.is

Hollráð gegn innbrotum

Læsingar og krækjur

Mikilvægt er að **krækjur á gluggum** séu traustar og **læsingar** sterkar.

*Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is*

Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Hvað hvetur, hvað letur?

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fimmtudaginn 18. nóvember 2010

Hótel Hilton Nordica

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS — MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Dagskrá:

13:15 Skráning og kaffi

13:30 Þróun framhaldsfræðslu á Íslandi
Halldór Grönvold, formaður stjórnar FA

13:45 Hvers vegna koma þau ekki?
Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir

14:25 Árangur eftir óhefðbundnum leiðum
Reynslusögur námsmanna

14:35 Fyrirmyndir í námi fullorðinna
Verðlaunahafar tilkynntir og afhending verðlauna

14:45 Hlé – Kaffi

15:05 Hlustað á raddir notenda náms- og starfsráðgjafar
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

15:45 Tækifæri til starfsþróunar
Svava Þorkelsdóttir og Þórleif Drífa Jónsdóttir, mannauðssviði Landspítala

16:15 Fjölvirkjar í fiskvinnslu
Kristín G. Ármannsdóttir, Skinney Þinganes

16:30 Slit

Fundarstjóri: Guðfinna Harðardóttir

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA · BSRB · FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**SVARAR SÁRRI NAUÐ** Hópurinn um Jólaaðstoð 2010 mun deila út vörum til þeirra sem þurfa í þessu vöruhúsi við Skútuvog. Söfnunarátakið er nýhafið og er vonast til að fylla sem flestar hillur með mat og öðrum nauðsynjum fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjálparþurfi fólki fjölgar

**Félagasamtök hafa sameinast um Jólaaðstoð 2010. Talið er að 4.500 fjölskyldur muni sækja aðstoð fyrir jólin. Við vitum að þetta eru þung skref fyrir marga, segir Elín Hirst, talsmaður Jólaaðstoðarinnar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Nær öruggt er talið að mun fleiri muni leita á náðir hjálparstofnana og félagasamtaka fyrir þessi jól en þau síðustu. Þetta kom fram á fundi sem haldinn var í gær til kynningar á átakinu Jólaaðstoð 2010.

Þar var opinberað formlegt samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Rauða krossins í Reykjavík og Hjálpræðishersins, en vonast er til þess að með sameiginlegu átaki sé hægt að auka þjónustu við þá sem þurfa á hjálp að halda.

Þess ber að geta að Fjölskylduhjálp Íslands stendur fyrir utan þetta samstarf, en stendur fyrir úthlutunum á mat og nauðsynjum hvern miðvikudag.

Á fundinum kom fram að um fjögur þúsund fjölskyldur af landinu öllu hefðu leitað aðstoðar fyrir síðustu jól, og er fastlega búist við því að fjöldinn í ár verði ekki undir 4.500. Er það ráðið af því hve mikið aðsókn í mataraðstoð hefur aukist í haust.

Elín Hirst, talsmaður hópsins um Jólaaðstoð, segir að þeim sem þurfi á hjálp að halda hafi fjölgað verulega í haust og að um holskeflu sé að ræða.

„Ástæður þess að fólk leitar aðstoðar fyrir jólin eru margþættar, en við vitum það að útgjöld aukast verulega hjá fólki vegna jólanna. Þeir sem hafa lág laun eða njóta lágra bóta lenda nú sem aldrei fyrr í erfiðleikum með að ná endum saman."

Elín bætir því við að auðvitað sé erfitt að leita sér svona aðstoðar. „Við vitum að þetta eru þung skref sem enginn tekur nema nauðbeygður."

Eitt lykilatriðið að baki þessu starfi er að fá sjálfboðaliða til starfs, en um það bil 400 slíka vantar. Þeir sem hafa áhuga á að leggja sitt af mörkum geta snúið sér til Rauða krossins, sem hefur umsjón með þeim þætti starfsins.

Þeir sem þurfa á Jólaaðstoð að halda þurfa fyrst að sækja um aðstoð hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Öryrkjabandalaginu eða hjá Hjálpræðishernum, dagana 1. til 10. desember. Stefnt er að því að reyna að ná til allra landsmanna sem þurfa á hjálp að halda og verður því afgreiðsla á Akureyri, Grindavík og Keflavík auk þess sem allir geta snúið sér til presta eða félagsþjónustu í sinni heimabyggð.

Jólaaðstoð hefur fengið aðstöðu, sér að kostnaðarlausu, í vöruhúsi við Skútuvog 3, sem er í eigu feðganna Karls Steingrímssonar og Arons Karlssonar.

Talsmenn átaksins sögðust vongóðir um hlýjar viðtökur, enda væri samtakamáttur Íslendinga ávallt mikill þegar reyndi á.

thorgils@frettabladid.is

**Jólaaðstoð 2010**

Úthlutun verður með þeim hætti að við skráningu fær viðkomandi upplýsingar um hvenær hægt er að koma til að sækja vörurnar að Skútuvogi 3, dagana 20. til 22. desember.

Með því er leitast við að gera ferlið þægilegra og koma í veg fyrir að biðraðir myndist.

Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar hafa lagt Jólaaðstoð lið og er vonast til þess að viðtökurnar verði ekki síðri þessa jólatíð.

Ákært fyrir líkamsárás:

## Sparkaði í andlit lögregluþjóns

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir atlögu gegn lögreglu á Strandgötu á Akureyri fyrr á þessu ári. Manninum er gefið að sök að hafa slegið til lögreglukonu þannig að hún féll aftur fyrir sig á grindverk. Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa sparkað í andlit eins lögreglumannanna þriggja í lögreglubíl við Strandgötu.**

**Þegar maðurinn hafði verið færður í fangaklefa hótaði hann fjórum lögreglumönnum og fangaverði lífláti.** - jss

**ATHAFNAVIKA: Alþjóðleg keppni sprotafyrirtækja felur í sér tækifæri**

ReMake Electric er komið í úrslit í alþjóðlegri keppni um grænar hátæknilausnir:

# Helstu fjárfestar geirans verða viðstaddir

Íslenska sprotafyrirtækið ReMake Electric er komið í úrslit í alþjóðlegri keppni sprotafyrirtækja um grænar hátæknilausnir, Cleantech Open Global Ideas Competition. Keppnin er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum og er Hilmir Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri ReMake, nú staddur í Kísildalnum í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum að kynna hugmyndir fyrirtækisins.

Úrslitin eru hluti af alþjóðlegu athafnavikunni.

ReMake Electric sigraði í Gullegginu, frumkvöðlakeppni Innovit fyrir íslensk sprotafyrirtæki, í apríl síðastliðnum. Í haust fjárfestu Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Eyrir Invest í uppbyggingu fyrirtækisins á alþjóðavísu.

„Það getur án vafa opnað margar dyr fyrir íslenskt sprotafyrirtæki að komast í snertingu við alþjóðlega fjárfesta og mögulega viðskiptavini í Bandaríkjunum í gegnum virta keppni sem þessa,“ segir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit og stjórnarmaður í Nordic Cleantech Open.

„Keppnin hefur gott orðspor og þarna verða samankomnir fremstu fjárfestar í geiranum ásamt fulltrúum stórfyrirtækja sem eru í leit að nýjum og grænni tæknilausnum en áður hafa þekkst.“ - sv



**AFHENDING GULLEGGSINS** Starfsfólk ReMake Electric tekur við GulleggINU við hátíðlega athöfn í apríl.

Ögmundur athafnasamastur:

## Ráðherrar fá athafnateygju

**TÆKNI** Allir ráðherrar landsins, ásamt bæjarstjórum, rektorum háskóla og stjórnendum fjölmargra fyrirtækja, hafa nú fengið Athafnateygju Innovit að gjöf í tilefni athafnavikunnar sem stendur nú yfir.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra tók við fyrstu teygjunni við setningu athafnavikunnar á mánudag.

Höfn í Hornafirði hefur tekið forystu í athafnasemi á landsvísu og er Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra athafnasamastur allra ráðherra.

Frekari upplýsingar er að finna á www.athafnateygjan.is. - sv

Sætir ákæru fyrir ofbeldi:

## Réðst með hnífi á mann

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært mann um þrítugt fyrir að ryðjast inn í hús og veitast þar með hnífi að manni. Atvikið átti sér stað í október í fyrra.**

**Innrásarmaðurinn lagði til hins mannsins með hnífnum, en hann bar hendur fyrir sig og lenti hnífurinn á vinstri framhandlegg hans. Þá réðst innrásarmaðurinn á hann, kýldi hann margsinnis og sparkaði ítrekað í hann, að því er segir í ákæru.**

**Fórnarlambið hlaut meðal annars langan skurð á handlegg, heilahristing, mar og rispur.**

**Árásarmaðurinn er krafinn um rúmlega 700 þúsund krónur í miskabætur.** - jss

Íbúðalánasjóður:

## Gerir ráð fyrir að eiga 1.100 íbúðir í árslok

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður yfirtók 537 íbúðir fyrstu átta mánuði ársins og átti samtals 822 íbúðir hinn 1. september síðastliðinn. Áætlanir sjóðsins gera ráð fyrir að hann muni eiga um 1.100 íbúðir í lok þessa árs.

Þetta kemur fram í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns sem lögð var fram á Alþingi í gær.

Fram kemur að sjóðurinn áætlar að fyrirhugað kaupleigukerfi dragi úr uppsöfnun íbúða í eigu sjóðsins. Þannig fækki íbúðum í eigu hans um rúmlega tvö hundruð á næsta ári og um rúmlega eitt hundrað til viðbótar árið 2012. Því verði 765 íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs í lok ársins 2012. - pg




# Hafa sjálfstraust til að meta hvað tókst vel og hvað miður

**Verkfræðingafélag Íslands undirbýr endurskoðun siðareglna. Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður félagsins, segir verkfræðinga meðvitaða um að stéttin eigi að taka þátt í þeim breytingum sem nú eiga sér stað.**

**VERKFRÆÐI** Verkfræðingafélag Íslands vinnur að endurskoðun siðareglna sinna svo að þær endurspegli betur kröfur breyttra tíma til starfsins. „Eftir því sem verkefni verkfræðinga hafa orðið fjölbreyttari og þjóðfélagið flóknara hefur þörfin aukist fyrir einfaldar, almennar reglur sem gætu þjónað sem almennur siðlegur hornsteinn fyrir öll störf sem verkfræðingar takast á við í krafti menntunar sinnar,“ segir Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður Verkfræðingafélagsins. „Það hefur mikið breyst í vinnuumhverfi verkfræðinga, bæði með tölvuvæðingu og rafrænni upplýsingamiðlun. Eins má nefna uppgang og hrun bankakerfisins.“

„Verkfræðingar hafa gegnt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu landsins og samfélagsins og eru meðvitaðir um að stéttin eigi líka að taka þátt í þeim breytingum sem nú eiga sér stað,“ segir Jóhanna. Þannig taki stéttin hlutverk sitt alvarlega og sýni að hún ætli áfram að vera traustsins verð.

Gildandi siðareglur verkfræðinga eru að stofni frá 1955 en voru endurskoðaðar 1993. Sú endurskoðun, sem nú sér fyrir endann á og verður rædd á ráðstefnu félagsins á miðvikudag, hófst vorið 2008. Síðastliðið vor var slembiúrtak stéttarinnar kallað til fundar með þjóðfundarfyrirkomulagi þar sem siðareglur voru til umræðu.

## Samfélagsleg ábyrgð

Drög að nýjum siðareglum Verkfræðingafélags Íslands gera ráð fyrir þremur meginreglum. Ein þeirra er svohljóðandi og fjallar um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni:

„Meðlimir VFÍ eru meðvitaðir um áhrif verka sinna á samfélag, umhverfi og náttúru“

**Þetta felur í sér:**

- að hafa ávallt í huga öryggi, heilsu og velferð almennings
- að stuðla að því að tæknilegar lausnir séu miðaðar við sjálfbærni og ábyrga nýtingu auðlinda
- að vera heiðarlegur og opinn um margþætt áhrif tæknilegra lausna og annarra verkefna, og greina frá atriðum sem gætu ógnað öryggi almennings eða verið skaðleg umhverfinu
- að stuðla að upplýstri samfélagslegri umræðu með því að taka þátt þegar hún beinist að fagsviði verkfræðingsins.

Félagið heldur ráðstefnu um siðareglurnar í Norræna húsinu á miðvikudag.



**FORMAÐUR VERKFRÆÐINGAFÉLAGSINS** Jóhanna Harpa Árnadóttir starfar sem verkfræðingur í kerskála álversins á Grundartanga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhanna segir að niðurstaðan sé sú að hverfa frá áherslu á ítarlegar reglur um samband verkkaupa og verksala og leggja þess í stað áherslu á fáar en gagnsæjar meginreglur þar sem fjallað er um virðingu og jafnrétti, faglega ábyrgð og ráðvendni og samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. „Verkfræðingar eru stétt sem hefur nógu mikið faglegt og siðferðilegt sjálfstraust til að meta hvað tókst vel og hvað tókst miður vel,“ segir Jóhanna Harpa Árnadóttir.

peturg@frettabladid.is



**MÆTTI STORKI Á FÖRNUM VEGI** Þessi kona gat ekki annað en kastað kveðju á storkinn sem hún mætti á göngustíg í almenningsgarðinum St. James Park í London. NORDICPHOTO/AFP

Kæra Tryggingastofnun:

## Heyrnarlausir telja á sér brotið

**SAMFÉLAGSMÁL** Félag heyrnarlausra ætlar að kæra Tryggingastofnun ríkisins fyrir brot á réttindum fatlaðra.

Heyrnarlausir sem leita eftir þjónustu hjá stofnuninni þurfa sjálfir að greiða fyrir táknmálstúlk. Stöð 2 sagði frá málinu í gærkvöld.

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, segir að með þessu sé stofnunin að brjóta gegn réttindum heyrnarlausra.


MANNSLÍF 0 1 2 3 4 5 6

UMFERÐARÞING 2010

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK 25. NÓVEMBER

DAGSKRÁ UMFERÐARÞINGS:

8:30 SKRÁNING OG AFHENDING ÞINGGAGNA

9:00 ÁVARP FORMANNS UMFERÐARRÁÐS
Karl V. Matthíasson

9:10 ÁVARP SAMGÖNGURÁÐHERRA
Ögmundur Jónasson, samgönguráðherra

9:20 AFHENDING UMFERÐARLJÓSSINS
Verðlaunagripur Umferðarráðs veittur í níunda sinn þeim aðila, einstaklingi, samtökum eða stofnun, sem unnið hefur sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála

9:40 KAFFIHLÉ

10:00 NÚLLSÝN Í UMFERÐARMÁLUM
Claes Tingvall, yfirmaður umferðaröryggismála hjá Trafikverket í Svíþjóð

10:50 HVAÐ ÞARF AÐ BREYTAST TIL AÐ FRAMFYLGJA NÚLLSÝN?
Jón Ásgeir Kalmansson, siðfræðingur

11:10 PANELUMRÆÐUR UM NÚLLSÝN Í UMFERÐARMÁLUM
Fulltrúar stjórnmálaflokkanna og Claes Tingvall

12:00 HÁDEGISMATUR

13:00 NÝJUNGAR Í ÖKUKENNSLU Á ÍSLANDI
Jón Haukur Edwald, formaður Ökukennarafélags Íslands
Einar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Sjóvá

13:20 HJÓLABORGIN REYKJAVÍK
Pálmi Freyr Randversson, sérfræðingur á umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkur

13:40 BÆTTUR AÐBÚNAÐUR FYRIR HJÓLREIÐAMENN LEIÐBEININGAR REYKJAVÍKURBORGAR
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, verkfræðingur, Eflu

14:00 VEÐURFAR OG UMFERÐARÖRYGGI
Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur

14:20 FRÆÐSLUEFNI UM UMFERÐARÖRYGGI FYRIR FRAMHALDSSKÓLA
Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslufulltrúi Umferðarstofu

14:40 ÞAÐ SEM MÉR ÞÓTTI Í LAGI, VARÐ BARNINU MÍNU AÐ BANA!
Sig. Óskar Sólmundarson

15:00 KAFFIHLÉ

15:30 NÝ TÆKNI Í ÖRYGGI ÖKUTÆKJA
Skúli Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri þjónustusviðs Ingvars Helgasonar ehf

15:50 HJÓLBARÐAR OG UMFERÐARÖRYGGI
Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB blaðsins

16:10 UMHVERFI VEGA OG UMFERÐARÖRYGGI
Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar

16:40 ÞINGSLIT
Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu

FUNDARSTJÓRI:
Birna Hreiðarsdóttir, varaformaður Umferðarráðs

Umferðarþing er öllum opið. Þáttökugjald er 10.000 kr. Innifalið er jólahlaðborð í hádeginu og kaffiveitingar. Skráning er á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is, til 23. nóvember. Þar er að finna nánari upplýsingar um þingið. Einnig í síma 580 2000.

UMFERÐARSTOFA   á þínum vegum!   UMFERÐAR RÁÐ




**VIKTOR BOUT** Fluttur í járnum út á flugvöll í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vopnasalinn Viktor Bout:

## Framseldur til Bandaríkjanna

**TAÍLAND, AP Rússneskur vopnasali, Viktor Bout, var í gær framseldur til Bandaríkjanna frá Taílandi, þar sem hann var handtekinn fyrir tveimur árum.**

**Bout er fyrrverandi hermaður í sovéska flughernum. Hann er sagður hafa stundað ólöglega vopnasölu til landa í Suður-Ameríku, Afríku og Mið-Austurlöndum, meðal annars til Moammars Gaddafí Líbíuleiðtoga og Charles Taylor, harðstjóra í Líberíu.**

**Bandaríkjamenn hafa lengi reynt að fá hann framseldan, en Rússar hafa gert margvíslegar athugasemdir við það.** - gb

Ákærður fyrir fjárdrátt:

## Dró sér rúmar 17 milljónir af getraunafé

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir að draga sér rúmlega 17,6 milljónir úr sölukössum fyrir lottó og íþróttagetraunir. Hann var jafnframt dæmdur til að endurgreiða Íslenskri getspá fjármunina.

Maðurinn dró sér féð á tæplega tveggja mánaða tímabili árið 2008. Hann játaði brot sitt fyrir dómi og hafði ekki gerst brotlegur við lög fyrr.

Héraðsdómur Reykjavíkur leit svo á að í ljósi fjárhæða í málinu kæmi skilorðsbinding refsingarinnar ekki til álita. - jss

Bandarískur þingmaður:

# Þverbraut siðareglur þingsins

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski fulltrúadeildarþingmaðurinn Charles Rangel hefur gerst brotlegur í ellefu atriðum við siðareglur þingsins, meðal annars með því að nota bréfsefni þingsins og starfslið til að afla fjár til skóla sem nefndur er eftir honum.

Rangel er áttræður og hefur í fjörutíu ár verið fulltrúi Demókrataflokksins fyrir Harlemhverfið í New York. Niðurstaðan þykir áfall fyrir flokkinn, sem tapaði meirihluta sínum í deildinni í byrjun mánaðarins. - gb

Bretar fagna ánægjulegum tíðindum frá bresku konungsfjölskyldunni:

# Vilhjálmur og Kate ganga í það heilaga

**BRETLAND, AP** Bretar fylgdust spenntir með þegar Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton, unnusta hans til margra ára, skýrðu frá trúlofun sinni í gær. Tíðindin kættu þjóðina og foreldrar unnustunnar, þau Carole og Michael, sögðust ákaflega ánægð með að fá prinsinn í fjölskylduna.

Vilhjálmur bar fram bónorðið þegar þau voru á ferðalagi í Keníu í síðasta mánuði og gaf henni trúlofunarhring sem móðir hans, Díana prinsessa, hafði átt.

Stefnt er á hjónaband næsta vor eða sumar, og eiga Bretar þá líklega von á stærstu brúðkaupsathöfn þjóðarinnar síðan Díana giftist Karli prins árið 1981.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir að þegar tíðindin af trúlofuninni hafi borist inn á ríkisstjórnarfund hafi þeim verið tekið af miklum fögnuði og ráðherrarnir barið mikið í borðin til að lýsa ánægju sinni.

Ekki veitir af ánægjulegum tíðindum í Bretlandi, nú þegar efnahagsástandið er heldur bágborið og fréttir berast helst af niðurskurði og óvissu um framtíðina. - gb



**VILHJÁLMUR PRINS OG KATE MIDDLETON** Skýrðu opinberlega frá trúlofun sinni í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Eygló Harðardóttir formaður:

# Nefnd meti kosti og galla verðtryggingar



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

**ALÞINGI Eygló Harðardóttir, þingmaður úr Framsóknarflokki, er formaður nýrrar nefndar sem Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur skipað til að kanna forsendur verðtryggingar á Íslandi.**

**Nefndin er skipuð í framhaldi af samþykkt Alþingis um að láta meta kosti og galla þess að draga úr vægi verðtryggingar í íslensku fjármálakerfi, án þess að fjármálastöðugleika sé ógnað.**

**Auk formannsins og fulltrúa fjármálaráðuneytisins eiga allir þingflokkar fulltrúa í nefndinni. Nefndin á að skila áliti og tillögum í lok árs.** - pg



**HÓTEL LOFTLEIÐIR** Viðhald og öryggisáætlun vantar fyrir sundlaugina.

Hótellaugin á Loftleiðum:

# Hunsa tilmæli um úrbætur

**HEILBRIGÐISMÁL** Dong Fang Salon – nudd- og snyrtistofa hefur fengið áminningu frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eftir að hafa ekki orðið við ítrekuðum kröfum um úrbætur vegna brota á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum í rekstri sundlaugarinnar á Hótel Loftleiðum.

Félagið hefur allar götur frá 3. júní hunsað að gera öryggisáætlun um hvernig eigi að tryggja öryggi gesta, útbúa hreingerningaráætlun fyrir sundlaugarsvæðið, lagfæra rakaskemmdir í hvíldarherbergjum endurnýja slitnar flísar og yfirfara festingar á gufubaðsbekkjum. - gar

## SKAGAFJÖRÐUR

### Vilja klór og vatn í laugina

Íbúar á Hólum í Hjaltadal, Starfsmannafélag Hólaskóla og Nemendafélag Hólaskóla hafa óskað eftir því við sveitarfélagið Skagafjörð að styrkja rekstur sundlaugarinnar á Hólum yfir vetrarmánuðina með fjárframlagi sem dugi fyrir kostnaði við kaup á laugarvatni og klór. Upphæðin er 1,2 milljónir króna fyrir veturinn.


Nýsköpun alls staðar

– tækifærin í fjárlagafrumvarpinu

Samtök iðnaðarins efna til umræðufundar föstudaginn 19. nóvember 2010
kl. 13:00-15:45 Hilton Reykjavík Nordica Hotel

Fundarstjóri: Davíð Lúðvíksson

- **Kynning á ÁRI NÝSKÖPUNAR - Klasar og samstarfsvettvangar – samstarfsform opinberra aðila og fyrirtækja í anda Michaels Porter**
  Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI
- **Fjárlagafrumvarpið 2011 – er hægt að bæta þjónustu og árangur fyrir minna fé?**
  Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra
- **Felast tækifæri til nýsköpunar og efnahagsþróunar í fjárlagafrumvarpinu 2011?**
  Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra

**Kaffihlé - Tækifæri í atvinnulífinu kynnt í máli og myndum**

- Pallborðsumræða: Nýsköpunartækifæri í mikilvægum málaflokkum í fjárlagafrumvarpi, stjórnendur eru Helga Valfells, NSA og Davíð Lúðvíksson, SI
  - **Katrín Júlíusdóttir**, iðnaðarráðherra
  - **Katrín Jakobsdóttir**, menntamálaráðherra
  - **Guðbjartur Hannesson**, heilbrigðisráðherra
  - **Svana Helen Björnsdóttir**, Stiki ehf. og formaður Samtaka sprotafyrirtækja
  - **Eyjólfur Guðmundsson**, CCP hf. og stjórnarmaður í Icelandic Gaming Industries
  - **Sveinbjörn Höskuldsson**, Nox Medical ehf, fulltrúi heilbrigðistæknifyrirtækja/SSP
  - **Ari Kristinn Jónsson**, rektor Háskólans í Reykjavík
  - **Björn Zoëga**, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss
  - **Þorsteinn Ingi Sigfússon**, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þátttaka er ókeypis, en skráning er í síma 591 0100 eða með tölvupósti á mottaka@si.is

Alþjóðleg athafnavika á Íslandi www.athafnavika.is

ÁR NÝSKÖPUNAR
FRUMKVÆÐI - FJÁRFESTING - FARSÆLD

SI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugur þjóðarinnar í fjötrum afleiðinga hrunsins:

## Óöryggi einkennir þjóðarsálina

Íslenskt samfélag virðist hugarfarslega á bjargbrún. Á sama tíma og Íslendingar telja að ríkjandi gildi í samfélaginu séu óörugg framtíð, spilling og atvinnuleysi hafa þeir önnur gildi í öndvegi fyrir sig persónulega. Þetta kemur fram í rannsókn sem Bjarni Snæbjörn Jónsson hjá Capacent hefur unnið á grunngildum þjóðarinnar og sett var fram á afar myndrænan hátt í síðustu helgarútgáfu Fréttablaðsins.

Auk óöruggrar framtíðar, spillingar og atvinnuleysis skipa ásakanir og áhyggjur af komandi kynslóðum fimm efstu sætin hjá svarendum í rannsókn Bjarna þegar spurt er um ríkjandi gildi og samfélagsáherslur. Hins vegar sér sami hópur allt önnur gildi sem æskileg gildi í samfélaginu, svo sem heiðarleika, fjárhagslegt öryggi, atvinnutækifæri, fjölskyldu og virðingu. Og þegar litið er til persónulegra gilda svarenda eru í efstu sætum fjölskylda, heiðarleiki, vinátta, jákvætt viðhorf og traust.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Þannig ríkir ákveðið samræmi milli þeirra gilda sem fólk hefur í heiðri persónulega og þeirra sem það álítur æskileg gildi í samfélaginu.

Gildunum hefur verið raðað á sjö þrepa skala þar sem neðstu þrepin þrjú snúa að grunnþörfum sem verður að fullnægja til þess að ná til efri þrepanna, sem gefa þá til kynna meiri þroska samfélagsins, samræmi og víðsýni. Í ljós kemur að gildin sem talin eru ríkjandi í íslensku samfélagi falla öll í neðstu þrepin. Hjá okkur virðast ekki komast að gildi sem metin eru lýsandi fyrir þroskaðri samfélög, svo sem mannréttindi, friður, umhverfisvitund og náttúruvernd, sem eru gildi sem lúta að virðingu bæði fyrir mönnum og jörðinni sem við byggjum.

Þjóðin varð fyrir miklu áfalli fyrir rúmlega tveimur árum og hefur verið í einhvers konar losti síðan. Þótt margir hafi í aðdraganda hrunsins orðið til að spá því að bólan spryngi og að flestir hafi gert sér grein fyrir því að það sem fer upp hefur tilhneigingu til að koma niður aftur var hrunið áfall þegar það reið yfir. Mikill ótti greip um sig og þótt alsvartsýnustu hugmyndir manna um afleiðingar hrunsins hafi ekki gengið eftir stendur eftir að nú rúmum tveimur árum síðar ríkir enn mikil óvissa í samfélaginu.

Þótt spár um atvinnuleysi hafi heldur ekki gengið eftir, sem betur fer, sér þorri þjóðarinnar nú í fyrsta sinn raunverulegt atvinnuleysi í kringum sig og því fylgir mikið óöryggi.

Mikil óvissa er einnig bundin við þann niðurskurð sem fram undan er í velferðarkerfinu og ekki liggur fyrir hvar verður og hvernig mun birtast í lífi hvers og eins.

Sömuleiðis ríkir enn mikil óvissa um það hvað bankahrunið muni raunverulega kosta skattgreiðendur næstu ár og áratugi.

Það er því afar ótraustur raunveruleiki sem blasir við íslenskum almenningi þrátt fyrir að lífið gangi vissulega sinn vanagang hjá stórum hluta þjóðarinnar. Meðan svo er má líklega búast við að ríkjandi gildi og samfélagáherslur beinist fremur að grunnþörfum en æðri gildum hins mannlega samfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Áfram með smjörið

Ögmundur Jónasson vill að við klárum aðildarviðræður við ESB á eins og tveimur mánuðum. Eitthvað líst mönnum illa á það. Því svarar Ögmundur: „Ég ætla ekki að kalla þetta hroka vegna þess að þetta er eflaust ekki illa meint. Þetta eru einfaldlega viðbrögð steinrunnins kerfis. Steingervingum kerfismennskunnar finnst allt erfitt, óyfirstíganlegt, ógerlegt.“ Ögmundur er sem sagt ráðherra sem vill ganga í málin og klára þau.



### Annað hljóð í strokkinn

Hvað þá með önnur mál á könnu Ögmundar Jónassonar, til dæmis fyrirhugaða uppstokkun á sýslumannsembættum? Jú, henni hefur verið frestað aðeins. Til ársins 2016. Ögmundur segir nefnilega „mikilvægt að vinna málið vandlega og í góðu samstarfi við alla sem hlut eiga að máli“. Ögmundur er maður andstæðna: Stundum storkar hann. Og stundum storknar hann.

### Flott þróun

Væntanlegt stjórnlagaþing hefur gefið mörgum von um breytingar á íslenskri stjórnmála- og umræðuhefð. Hver frambjóðandinn á fætur öðrum kveðst vilja tala um kjarna málsins. Ófáir taka líka fram að þeir séu óháðir öllum hagsmunaaðilum og samtökum. Undanfarið hefur umræðan um stjórnlagaþingið reyndar ekki snúist um stjórnarskrána heldur að mörgum frambjóðendum finnst þeir ekki fá nóga mikla athygli í fjölmiðlum. Til að bæta úr því hafa um 200 frambjóðendur myndað vísi að eins konar hagsmunasamtökum.



bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Orðsending til frambjóðenda

Stjórnlagaþing



Baldur Kristjánsson

sérfræðingur í ECRI tilnefndur af íslenskum stjórnvöldum

Í skýrslu sinni um Ísland frá 13. febrúar 2007 beinir ECRI, sem er sú nefnd á vegum Evrópuráðsins sem berst gegn kynþáttafordómum og kynþáttamisrétti, því til íslenskra stjórnvalda að þau styrki, geri skýrari, þau ákvæði stjórnarskrár sem vernda eða eiga að vernda fólk gegn kynþáttafordómum og kynþáttamismunun. Yfirvöld hér sýnist mér voru á því að 65. greinin veitti nægilega vernd gegn slíku, en það var þá. 65. greinin hljóðar svo: Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Allir virðast sammála um það nú að 65. greinin þurfi að vera miklu ítarlegri og koma framar í stjórnarskrána, jafnvel fremst. Og ég bið ykkur ágætu verðandi stjórnlagaþingmenn að vera óhrædd við að nota orðin kynþáttafordómar og kynþáttamismunun (sem felur í sér uppruna, litarhátt og trú), ekki hræðast þau eða telja þau óþörf. ECRI vitnar til „general Policy Recommendation No. 7“ sem ég bið ykkur að kynna ykkur á vef Evrópuráðsins (http://.coe.int) þar má einnig sjá og lesa þau tilmæli sem ég vitna til og finna má í 3ju skýrslunni um Ísland.

> Íslendingar hafa hingað til ekki beinlínis hlaupið til vegna athugasemda að utan. En kannski er kominn tími til.

Ég lofa því að íhuga það vandlega að mæra hvern þann sem sýnir þessu máli skilning og áhuga.

Þarna er ábending frá einni virtustu sérfræðinganefnd Evrópuráðsins. Íslendingar hafa hingað til ekki beinlínis hlaupið til vegna athugasemda að utan. En kannski er kominn tími til enda ábendingin í fullu samræmi við þá hugsun sem nú er uppi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Orð eru til alls fyrst

Börn
Margrét María Sigurðardóttir
umboðsmaður barna



Nýlega fögnuðum við degi íslenskrar tungu og er þá vel við hæfi að íslenska þjóðin staldri við og minnist þess hve mikilvægt og stórt hlutverk íslenska tungan hefur í samfélagi okkar. Á sama tíma og við gleðjumst er mikilvægt að huga að því að það standa ekki öll börn jafnfætis þegar það kemur að tungumálinu okkar. Mörg börn þurfa á sérstakri aðstoð að halda til að geta tjáð sig eða öðlast málskilning. Íslenska ríkinu ber skylda til þess að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til að ná eðlilegum þroska, eins og meðal annars kemur fram í 6. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Er því mikilvægt að gera öllum börnum kleift að ná eins góðum málþroska og hægt er, án nokkurrar mismununar. Eðlilegur málþroski skiptir miklu máli fyrir framtíð barna og er forsenda fyrir því að börn geti notið ýmissa annarra réttinda sinna, svo sem rétt til menntunar og þátttöku í samfélaginu. Þegar barn á í erfiðleikum með að tjá sig getur það haft áhrif á félagsleg tengsl og líðan þess. Ef barn nær ekki góðum tökum á móðurmáli sínu í æsku getur það því takmarkað verulega framtíðarmöguleika þess.

Þjónusta talmeinafræðinga skiptir miklu máli fyrir börn sem af einhverjum ástæðum þurfa aðstoð til að ná tökum á tungumálinu. Frá árinu 2007 hefur orðið neikvæð þróun á málefnum umræddra barna. Umboðsmaður barna hefur fengið fjölmargar ábendingar um að greiðslubyrði foreldra vegna talþjálfunar barna hafi aukist mikið og sumir treysta sér ekki til að kaupa þjónustuna þar sem um umtalsverðan kostnað er að ræða. Þessi þróun er óásættanleg að mati umboðsmanns barna, enda er um mikilvæg réttindi barna að ræða.

Einungis sex talmeinafræðingar á landinu eru með samning við Sjúkratryggingar Íslands, þar af einn á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim tilvikum sem talmeinafræðingar eru með slíkan samning greiða Sjúkratryggingar Íslands stóran hluta af kostnaðinum, eða 5.584 kr. fyrir hvern tíma en foreldrar greiða 1.396 kr. Þegar talmeinafræðingar eru ekki með samning við Sjúkratryggingar Íslands er hins vegar einungis veittur 2.000. kr. styrkur í fyrstu 25 skiptin sem barn fer til talmeinafræðings á 12 mánaða tímabili en eftir það 4.000 kr. á sama tímabili. Þar sem hver tími hjá talmeinafræðingi utan samnings kostar á bilinu 6.500 til 7.600 kr. er því ljóst að foreldrar þurfa að greiða töluvert háar fjárhæðir fyrir talþjálfun í langflestum tilvikum. Ljóst er að þessi kostnaður getur verið verulega íþyngjandi fyrir foreldra og leiðir til þess að mörg ofangreindra barna fá ekki þá þjónustu sem þau þurfa. Börnum er því mismunað að þessu leyti eftir efnahag foreldra, en það er ekki í samræmi við 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

> Einungis sex talmeinafræðingar á landinu eru með samning við Sjúkratryggingar Íslands, þar af einn á höfuðborgarsvæðinu.

Börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarfnast sérstakrar verndar og umönnunar umfram aðra þjóðfélagsþegna. Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmaður hefur ítrekað komið ábendingum um nauðsyn þess að tryggja öllum börnum þá talþjálfun sem þau þurfa, meðal annars með bréfum til stjórnvalda, á fundum með ráðherrum, í fjölmiðlum o.fl.

Umboðsmaður vinnur nú að gerð skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem hefur eftirlit með framkvæmd Íslands á Barnasáttmálanum. Vegna þeirrar vinnu hefur umboðsmaður fundað með ráðherrum og notað tækifærið til að minna á þetta alvarlega mál. Allir virðast sammála um að þörf sé á úrbótum. Þar sem orð eru til alls fyrst vonar umboðsmaður barna að breytinga sé að vænta í þessum málaflokki og að börnum verði tryggð sú þjónusta sem þau eiga rétt á.

# Forgangsröðun í þágu almennrar löggæslu

löggæsla
Arndís Soffía Sigurðardóttir
varaþingmaður VG á Suðurlandi



Það var fyrir 10 árum að ég útskrifaðist frá Lögregluskóla ríkisins og var í framhaldinu skipuð lögreglumaður í almennu deild embættis Lögreglustjórans í Reykjavík sem þá var. Á þessum tíma var mikið rætt um fækkun lögreglumanna í almennri löggæslu. Reyndir lögreglumenn sögðu mér frá því þegar vaktirnar voru miklu betur mannaðar, fleiri bílar og hjól í umferð og fleiri lögreglumenn á vakt. Nú væri öldin önnur og pappalögreglumenn látnir fylla upp í skarðið. Við vorum ekki alltaf sammála lýsingum hærra settra á stöðunni; Ástandið væri alls ekki svo slæmt, lögreglumönnum væri alls ekki að fækka heldur væri stöðugildum þvert á móti að fjölga. Ekki fylgdi þó sögunni hvar í kerfinu stöðugildum væri að fjölga.

Nú þegar þrengir all verulega að þurfum við að einbeita okkur að því að styrkja öryggisnetið á öllum sviðum. Við þurfum að forgangsraða í þágu velferðarkerfisins, styrkja grunnstoðirnar og þar með löggæsluna. Við verðum að leita allra leiða til að færa fjármuni frá þeim útgjaldaliðum ríkisins sem mögulega geta beðið eða þola betur niðurskurð til þeirra útgjaldaliða sem við getum alls ekki verið án. Þá þurfum við líka að forgangsraða innan hvers liðar þannig að fjármunir til þeirra stofnana, deilda eða verkefna sem geta beðið eða þola lægri fjárframlög færist til þeirra deilda sem mest mæðir á. Ég vil meina að enn sé svigrúm til að færa fjármuni á milli útgjaldaliða hrunfjárlaganna og innan hvers liðar þannig að forgangsraðað verði í þágu almannaheilla.

Ég hef áhyggjur af því að ef ekki verður forgangsraðað betur í þágu almennrar löggæslu í landinu verði ekki hægt að ætlast til þess af lögreglunni að hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu með viðunandi hætti, að gæta að almannaöryggi og halda uppi lögum og reglum. Sorglegt er til þess að hugsa að ekki hafi verið hugað betur að almennri löggæslu áður en hrunið skall á okkur þannig að lögreglan hefði verið betur í stakk búin í dag að mæta skakkaföllum í ríkisbúskapnum. Það er hins vegar staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og getum ekki breytt.

Lögreglufélög víða um land, Suðurlandi, Austurlandi og á Vestfjörðum hafa sent frá sér ályktanir þar sem boðuðum niðurskurði hjá lögregluembættum landsins er harðlega mótmælt. Lögreglumenn telja sig samkvæmt ályktununum ekki geta tryggt öryggi íbúa eða þeirra sjálfra við skyldustörf sín. Það er háalvarlegt ástand ef löggæsla fer niður fyrir lágmarks öryggiskröfur. Við verðum að leita allra leiða til að tryggja lögreglunni það fjármagn sem hún þarf til að geta haldið uppi lögum og reglu í landinu og sinnt öryggishlutverki sínu.


Veldu þér Polo

Veldu þér Polo – Komdu við og skoðaðu úrvalið af VW Polo bílaleigubílum sem voru að koma inn til okkar. Verðið er sérlega hagstætt og með Bílaábyrgð Heklu getur þú haft bílinn í ábyrgð þar til hann nær fimm ára aldri.

Das Auto.

MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Dæmi um bílaleigubíla sem eru á skrá:

VW Polo Comfortline
1.4 bensín, 5 dyra
Verð: 1.490.000 kr. Ekinn 55.000 km.
Skráningardagur 14.06.07. Beinskiptur.

VW Polo Comfortline
1.4 bensín, 5 dyra
Verð: 1.590.000 kr. Ekinn 55.000 km.
Skráningardagur 23.06.08. Beinskiptur.

VW Polo Comfortline
1.4 bensín, 5 dyra
Verð: 1.650.000 kr. Ekinn 63.000 km.
Skráningardagur 14.05.07. Sjálfskiptur.



Bílaábyrgð Heklu fylgir öllum Volkswagen Polo bílaleigubílum sé bíllinn keyptur fyrir 15. desember 2010.

HAFÐU HANN Í ÁBYRGÐ MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Notaðir bílar · Klettháls og Laugavegi 174 · Sími: 590-5040 · Opið virka daga 10–18 og laugardaga 12–16.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

# Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað

Ríkisrekstur

Þórarinn Eyfjörð
framkvæmdastjóri SFR



Á vegum Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Ríkisendurskoðunar og Stofnunar stjórnsýslufræða var haldinn morgunverðarfundur þann 10. nóvember síðastliðinn. Yfirskrift fundarins var „Starfsmannamál ríkisins – er breytinga þörf?“. Fyrsta erindi fundarins kom frá Ingunni Ólafsdóttur sérfræðingi á stjórnsýslusviði Ríkisendurskoðunar og fjallaði hún um könnun á viðhorfi forstöðumanna til starfsmannalaga. Í könnun Ríkisendurskoðunar koma fram mjög alvarlegar vísbendingar um takmarkaða þekkingu og getu forstöðumanna ríkisstofnana í mannauðsmálum. Styrkur þeirra virðist sannarlega ekki liggja í mannauðsstjórnun heldur á fagsviði viðkomandi forstöðumanns. Hvernig er þá ástandið í starfsmannamálum? Helmingur forstöðumanna metur ekki frammistöðu starfsmanna með formlegum hætti, flestir þeirra telja sig þó umkomna til að sinna starfsmannamálum með fullnægjandi hætti og rúmlega þriðjungur þeirra telur sig geta bætt þjónustu sinnar stofnunar með því að reka eldri starfsmenn og ráða nýja! Hér er verulegra umbóta þörf.

Ríkisendurskoðun hefur í gegn um tíðina oft komið fram með ábendingar og leiðsögn sem virðast bæði vera þarfar og gagnlegar. Það var því nokkuð sérstakt að hlýða á málflutning fulltrúa stofnunarinnar á umræddum fundi því ekki var lagt út af augljósustu og alvarlegustu niðurstöðu könnunarinnar; að helmingur stjórnenda innan ríkiskerfisins hefur ekki sérþekkingu á sviði mannauðsstjórnunar. Af þessu má að minnsta kosti draga eina ályktun. Það er innbyggt í starfsmannahald ríkisins að upp muni koma vandamál hvað varðar stjórnun starfsmanna og árangur þeirra deilda og sviða þar sem stjórnendur hafa enga eða litla þekkingu á mannauðsstjórnun. Í ljósi þessarar

> Helsti einstaki áhrifavaldur fyrir tryggð og frammistöðu starfsfólks er leiðtogahæfni stjórnenda.

stöðu þá liggur það beint við að sá stjórnandi sem illa veldur hlutverki sínu í stjórnun starfsmanna, er líklegur til að kenna öðrum um slaka frammistöðu sinnar einingar. „Bara ef ég gæti nú rekið þig, já og líka þig, þá myndi allt verða í himnalagi“. Því miður þá getur viðhorf af þessu tagi orðið að meinsemd. Við höfum dæmin allt í kring um okkur; agaleysi barna er skólanum að kenna, vont hjónaband er makanum að kenna og slæleg frammistaða í rekstrinum er starfsmönnum að kenna. Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað.

Á umræddri ráðstefnu átti Gunnar Björnsson skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins lokaerindið. Ef hægt er að tala um kjarna málsins, eða vandans, þá kom hann fram í máli Gunnars. Hann lagði út af því hvert væri hlutverk og ábyrgð stjórnenda innan ríkiskerfisins. Erindi hans bar yfirskriftina „Betri mannauðsstjórnun – öflugri stjórnsýsla“. Í máli Gunnars kom meðal annars fram;

60%-75% af lélegri frammistöðu í rekstri má skrifa á stjórnun.

Góðir stjórnendur skila meiri framleiðni og starfsánægju en slakir stjórnendur.

Helsti einstaki áhrifavaldur fyrir tryggð og frammistöðu starfsfólks er leiðtogahæfni stjórnenda.

Helsta ástæða uppsagna starfsfólks er óásættanleg samskipti við næsta stjórnanda.

Þar höfum við það. Fjölmiðlar hafa gert sér mat úr þessum morgunfundi. Það hefur vakið athygli að þeir hafa látið hjá líða að fjalla sérstaklega um þennan kjarna málsins.

Það er að sínu leyti leitt hvað heimskulegar fullyrðingar um ófullnægjandi frammistöðu ríkisstarfsmanna vekja krampakennd viðbrögð hjá ákveðnum hópi manna. Það er einnig leitt að Ríkisendurskoðun skuli ekki í annars góðum verkum sínum, benda á meinsemdina í stjórnun ríkisstofnana og leggja til skynsamlegar úrbætur. Staðreyndin er sú að almennir ríkisstarfsmenn sinna verkum sínum og ábyrgðarsviðum af stakri prýði og fyrir lægri laun að jafnaði en aðrir njóta. Vitaskuld koma upp vandamál varðandi starfsmannahald í öllum skipulagseiningum. Gunnar Björnsson hefur bent á hið augljósa; að efla beri þekkingu og getu stjórnenda stofnana ríkisins til að stýra starfsfólki sínu með faglegum hætti. Þetta eru góðar og gagnlegar ábendingar. Um þetta eru fræðin afdráttarlaus; góð stjórnun skilar góðum árangri – slök stjórnun skilar slökum árangri. Til þess að auka árangur í rekstri ríkisstofnana er því lykilatriði að tryggja að stjórnendur hafi forsendur til að axla þá ábyrgð sem í stjórnun starfsmanna felst. Meðal annars þar er að finna lykilinn að góðum árangri.



# Spennandi tímar fram undan!

Fatlaðir



Gerður A. Árnadóttir
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar



Sigursteinn Másson
formaður Geðhjálpar

Undanfarið hefur talsvert verið rætt um fyrirhugaðan flutning sértækrar félagsþjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga sem verður að veruleika um næstu áramót. Mikilvægt er að átta sig á um hvaða þjónustu er verið að ræða þegar fjallað er um málið. Fatlað fólk á rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga eins og aðrir landsmenn og stór hluti þessa hóps nýtur nú þegar þjónustu í því sveitarfélagi sem það býr í í formi félagsþjónustu, liðveislu og heimahjúkrunar. Ef þjónustuþörf fatlaðs einstaklings er meiri en almennt gerist á viðkomandi rétt á þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra. Það er eingöngu sú þjónusta sem verið er að flytja nú til sveitarfélaganna, þ.e. sértæk félagsþjónusta vegna mikillar þjónustuþarfar sem nú er veitt af svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra. Það er vert að geta þess að í úttekt Guðrúnar Hannesdóttur á lífskjörum öryrkja eru það eingöngu 11% öryrkja sem njóta þjónustu svæðisskrifstofanna. Þegar skoðuð er fötlun þjónustuþega svæðisskrifstofa kemur á daginn að um 75% hópsins eru einstaklingar með þroskahömlun eða geðfötlun. Hagsmunasamtök fólks með þroskahömlun og geðfatlaðs fólks eru eindregnir stuðningsmenn þess að fatlað fólk sæki félagsþjónustu sína til sveitarfélags síns eins og aðrir íbúar. Þannig drögum við úr aðgreiningu fólks vegna fötlunar en leggjum drög að samfélagi fyrir alla. Slík samskipan í þjónustu er einnig í anda Madrídaryfirlýsingar fatlaðs fólks frá árinu 2002 og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.

Nokkur sveitarfélög og landssvæði, s.s. Akureyri og Norðurland vestra, Vestmannaeyjar, Þingeyjarsýslur og Hornafjörður, hafa um árabil sinnt sértækri félagsþjónustu við fatlað fólk, fyrst sem tilraunaverkefni en síðan skv. þjónustusamningum. Reynslan hefur verið góð og alls staðar hafa menn verið sammála um að halda þjónustunni áfram hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Markmið þeirrar breytingar sem á sér stað um áramót er að veita sértæka félagsþjónustu við fatlað fólk sem nærþjónustu í heimabyggð, bæta þjónustu og nýta betur fjármagn. Framkvæmd þjónustu og eftirlit með henni verða aðskilin með augljósum ávinningi fyrir þá sem þjónustunnar njóta. Þá felast spennandi tækifæri til þróunar í breytingunum og brýnt að menn horfi til framtíðar og verði óhræddir við að prófa nýjar leiðir. Benda má á að í samkomulagi ríkis og sveitarfélaganna er gert ráð fyrir þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sem þjónustuformi og sett er fjármagn til þessa verkefnis sérstaklega. Fatlað fólk á Íslandi hefur barist fyrir því að slík þjónusta yrði almennari en verið hefur, hér er verið að stuðla að því og er það vel. Um áramót verða engar breytingar á þjónustu sem nú er veitt, starfsfólk á þjónustustöðvum verður það sama og notendur ganga til sinnar þjónustu óbreyttrar. Þetta er öllum hagsmunaaðilum ljóst og óþarfi og óábyrgt að ala á ótta og óvissu þegar um svo viðkvæma þjónustu er að ræða. Í framtíðinni munum við vonandi sjá jákvæða þróun í þjónustu við fatlað fólk, nýjar leiðir sem þróast í samstarfi notenda og sveitarfélaga.

> Alls staðar hafa menn verið sammála um að halda þjónustunni áfram hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Þegar þetta er skrifað er verið að leggja lokahönd á samkomulag ríkis og sveitarfélaga um verkefnið og lagafrumvarp verður lagt fram nú í byrjum nóvember. Gengið var frá fjárhagslegu samkomulagi í sumar. Samkomulagið felur í sér að fjármagn til þjónustunnar verður nánast óbreytt milli áranna 2010 og 2011 og sá niðurskurður sem boðaður var í þessum málaflokki kemur ekki til framkvæmda. Fjármagnið varðveitist því í málaflokknum og nýtist fötluðu fólki, sem er afar mikilvægt í ljósi þess niðurskurðar sem öll velferðarþjónusta þarf að taka á sig um þessar mundir. Í framtíðinni mun fjármagn til þjónustunnar miðast við þjónustuþarfir fólks í hverju sveitarfélagi og tryggt verður að fatlað fólk geti flust milli svæða án þess að þjónusta við það breytist.

Landssamtökin Þroskahjálp og Geðhjálp eru hagsmunasamtök þess hóps fatlaðs fólks sem þessi breyting varðar mestu. Við erum þess fullviss að flutningur þjónustunnar til sveitarfélaganna sé mikilvægur liður í að bæta þjónustu við fatlað fólk og stuðli að samskipan og samfélagi þar sem margbreytileiki mannfólksins er mikilvægur. Við lítum á 1. janúar 2011 sem upphaf vegferðar þar sem notendur þjónustunnar, sveitarfélög landsins og ríkisvaldið vinna saman að bættum hag þessa hóps. Við höfum allar forsendur til að gera vel, gerum það saman.



Sjóðir

Vilt þú *fjárfesta* í ríkisverðbréfum?

Arion banki býður þér úrval ríkisskuldabréfasjóða sem fjárfesta eingöngu í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Hvort sem þú hugsar fjárfestinguna til lengri eða skemmri tíma þá er lausnin hjá okkur.

**Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur [1]**

- Ráðlagður fjárfestingartími 3 ár+
- Fjárfesting í óverðtryggðum og verðtryggðum eignum
- Fjárfesting í víxlum og skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins
- Laus til innlausnar með eins dags fyrirvara

**Eignayfirlit 30. 10. 2010 [2]**




**Stefnir – Ríkisvíxlasjóður [1]**

- Ráðlagður fjárfestingartími 3 mán.+
- Fjárfesting í víxlum og stuttum skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins
- Laus til innlausnar með eins dags fyrirvara

**Eignayfirlit 30. 10. 2010 [2]**




*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Rekstraraðili sjóðanna er Stefnir hf. og helsti söluaðili sjóðanna er Arion banki.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og kynntu þér það sem við höfum upp á að bjóða.
Við tökum vel á móti þér.

1) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.
Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Nánari upplýsingar um sjóðina þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir
2) Upplýsingar eru fengnar frá Arion verðbréfavörslu.

Arion banki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BOLLI GÚSTAVSSON VÍGSLUBISKUP (1935-2008)**

*„Engin hugsjón nær fullkomnun við jarðneskar aðstæður. Það verður ævinlega að stefna hærra.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 17. NÓVEMBER 1940

## Akureyrarkirkja vígð

Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði Akureyrarkirkju sem var vígð þennan dag fyrir sjötíu árum. Hún var þá stærsta guðshús þjóðkirkjunnar. Hallgrímskirkja er stærsta kirkja á Íslandi í dag, einnig teiknuð af Guðjóni Samúelssyni en hún var vígð fullbúin árið 1986. Akureyrarkirkja er steinsteypt og klædd skeljasandi eins og algengt var með byggingar á þessum árum. Kirkjuna prýða tveir 28 metra háir turnar og stendur kirkjan efst í brekku við Gilið. Upp að kirkjunni liggja margar tröppur og gerir fólk sér það gjarnan að leik að telja tröppurnar, fjöldi þeirra verður því ekki gefinn upp hér en þær eru þó rúmlega hundrað. Kirkjan rúmar um 500 manns í sæti. Lágmyndir á söngloftinu kirkjunnar gerði Ásmundur Sveinsson myndhöggvari. Þær sýna atburði úr lífi Jesú. Altaristaflan er úr fyrstu kirkjunni sem reist var á Akureyri 1863. Miðglugginn í kór kirkjunnar er úr dómkirkjunni í Coventry á Englandi sem eyðilagðist í seinni heimsstyrjöldinni.



TÍMARITIÐ GESTGJAFINN: FAGNAR 30 ÁRA AFMÆLI MEÐ ÚTGÁFU BÓKAR

# Bráðið súkkulaði á forsíðu kveikir jafnan í kaupendum

„Bókin geymir brot af því besta frá síðustu árum, með öllu því jákvæða sem reynslan gefur,“ segir Sólveig Baldursdóttir, annar tveggja ritstjóra Gestgjafans, um nýja og glæsilega bók sem út er komin í tilefni af 30 ára útgáfuafmæli tímaritsins. Hún heitir einfaldlega Gestgjafinn 30 ára.

Sólveig er búin að vera við stjórnvölinn frá 1998, fyrst ein en síðustu fjögur árin hefur Guðrún Hrund Sigurðardóttir verið við hlið hennar. „Þegar ég tók við árið 1998 voru blöðin sex á ári og komu út annan hvern mánuð en fór fjölgandi og árið 2006 fóru þau upp í sautján, þannig að þau koma út á þriggja vikna fresti,“ lýsir Sólveig.

Hjónin Hilmar Jónsson og Elín Káradóttir stofnuðu Gestgjafann 1981, voru ein með hann í byrjun og gerðu allt sjálf. Hann eldaði matinn, tók myndirnar og seldi auglýsingarnar og hún sá um bókhaldið. Þá voru tölublöðin fjögur á ári. Síðar tók Frjálst framtak við útgáfunni og Íris Erlingsdóttir og Rut Helgadóttir höfðu sinnt ritstjórn áður en Sólveig tók við.

Nú er Gestgjafinn með flesta áskrifendur allra seldra tímarita í landinu og þeim fjölgar, að sögn Sólveigar. Sum blöðin seljast líka vel í lausasölu. „Kökublaðið selst alltaf mest og Klúbbablaðið kemur nálægt því. Hvort tveggja árviss blöð. Ég byrjaði með Klúbbablaðið en Kökublaðið er gamalt í hettunni. Jólablaðið er auðvitað líka vinsælt,“ segir Sólveig brosandi. Hvaða myndefni skyldi svo helst slá í gegn? „Það virðist alveg skothelt að vera með bráðið súkkulaði á forsíðu! Slíkt kveikir ansi vel í kaupendum.“

Sólveig ber lof á starfslið Gestgjafans. „Það eru miklir listamenn sem hafa valist til okkar,“ segir hún og nefnir nöfn ljósmyndaranna Kristins Magnússonar, Karls Peterssonar og Rakelar Óskar. „Þeir eru líka matmenn, veiða sjálfir og koma með hugmyndir. Svo á Úlfar Finnbjörnsson stóran þátt í villibráðarblaðinu. Hann er mikill villimaður og veiðikló.“

En hvað um annað hráefni? Fæst allt hér á landi sem við á að éta?

„Já, nú orðið. Það var auðvitað vandamál í byrjun en þegar fólk fór að ferðast meira gerði það meiri kröfur um að geta búið til ýmislegt sem það hafði bragðað erlendis. Innflytjendur kveiktu á perunni og nú er bara allt komið. Við getum ekki kvartað yfir því.“

Sólveig kveðst finna glöggt fyrir hinni íslensku sveiflu sem orðið hafi hér á landi eftir hrunið. „Fólk er að gera miklu meira sjálft heima heldur en það gerði á tímabili. Búa til sultur og allt mögulegt og nota meira íslenskt hráefni en áður.“ gun@frettabladid.is



**BLAÐAÐ Í NÝJU BÓKINNI** Sigríður Björk Bragadóttir matarhönnuður, Úlfar Finnbjörnsson kokkur, Guðrún Hrund Sigurðardóttir og Sólveig Baldursdóttir ritstjórar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elsu Petru Björnsdóttur**
Skálarhlíð, Siglufirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar fyrir umönnun og hlýju í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.

**Ingimar H. Þorláksson**
**Erla Ingimarsdóttir** **Konráð Baldvinsson**
**Guðfinna Ingimarsdóttir**
**Þórdís Ingimarsdóttir** **Ragnar Ragnarsson**
**Jóhanna Ingimarsdóttir** **Sveinn Einarsson**
**Sólrún Ingimarsdóttir** **Oddur Óskarsson**
**Björn Ingimarsson** **Lukrecija Bokan Daníelsdóttir**
**Birgir Ingimarsson** **Pálína Kristinsdóttir**
**Bylgja Ingimarsdóttir** **Guðbrandur Skúlason**
**Rakel Björnsdóttir** **Thomas Fleckenstein**
**Baldvin Kristjánsson** **Jóna Heiðdal**

---

†



*Elskuleg eiginkona mín, systir, mágkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hugrún Selma Hermannsdóttir**
frá Raufarhöfn,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 14. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 19. nóvember kl. 15.00.

**Friðrik Björnsson**
**Ásta Helen Hermannsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Anna Friðriksdóttir** **Sverrir Valsson**
**Björn Friðriksson** **Svava Dögg Gunnarsdóttir**
**Hermann Friðriksson**
**Þorvaldur Freyr Friðriksson** **Jóhanna Ásta Vilhjálmsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kjartan Magnússon**
Borgarbraut 65a, Borgarnesi,

lést 12. nóvember. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 20. nóvember kl. 14.00.

**Jóna Sigurðardóttir**
**Haukur A. Kjartansson** **Svanhildur Ólafsdóttir**
**Eyþór M. Kjartansson**
**Hanna S. Kjartansdóttir** **Anders Larsen**
**Svandís E. Ragnarsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar,*

**Ingibjörg Kristjana Guðmundsdóttir**
frá Naustvík, Árneshreppi,
Álftamýri 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 14. nóvember.

**Soffía Guðrún Ágústsdóttir,**
**Ósk Sigurrós Ágústsdóttir.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Indriða Guðjónssonar**
vélstjóra, Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, í Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu.

**E. Sigurlaug Indriðadóttir** **Björn Þorsteinsson**
**Friðgeir Indriðason** **Stella María Reynisdóttir**
**Ingibjörg Indriðadóttir**
**Guðjón Indriðason**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorkell Sigurbjörn Ingimarsson**
Engjaseli 33, Reykjavík,

lést sunnudaginn 14. nóvember á Landspítalanum. Útför verður frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

**Grethe Kortsen Ingimarsson**
**Christian Emil Þorkelsson** **Guðrún Axelsdóttir**
**Anna María Þorkelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

ROLEX

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Svansmerkt prentverk!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 17. nóvember 2010 – 12. tölublað – 6. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Tækni**
Hvernig farsíma vill fólk?
4

**Íslenskur kuldaklæðnaður**
Er að finna um allan heim

6-7

**Í glasi með Óla Kristjáni:**
Hvað er þetta Laphroaig?


10

## Verðbólgan hjaðnar milli ára

Verðbólga hér á landi í október mældist 4,6 prósent samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs sem Eurostat, Hagstofa Evrópusambandsins, tók saman og birti í gær. Verðbólga minnkar því um 0,5 prósentustig milli mánaða en hún var 5,1 prósent hér á landi í september samkvæmt vísitölunni.

Í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka kemur fram að miðað við þetta hafi verðbólga hér á landi hjaðnað umtalsvert síðasta árið en í október í fyrra mældist hún 13,8 prósent. Þar segir jafnframt að meginástæða hjöðnunar sé styrking krónu frá upphafi árs. - þj

## Petrobras ætlar á toppinn

Brasilíska olíufyrirtækið Petrobras hyggur hátt, en það áætlar að verða stærsti olíuframleiðandi heims árið 2015.

Fundur mikilla olíulinda í hafinu út af ströndum landsins síðustu ár hefur gefið góðar vonir og hefur verið ákveðið að leggja út í framkvæmdir fyrir um 25 þúsund milljarða íslenskra króna á næstu fimm árum. Petrobras stefnir að því að framleiða um 5,4 milljónir tunna af olíu á dag, en BP var stærsti framleiðandinn í fyrra með rétt tæplega fjórar milljónir tunna á dag.

Fyrirtækið er að meirihluta í eigu brasilíska ríkisins. - þj

**HELST Í ÚTLÖNDUM**



### Engin fjárlög

Evrópusambandið verður fjárlagalaust í byrjun næsta árs, og þarf því að láta sér duga þær upphæðir sem um var samið í fjárlögum fyrir árið 2010. Samkomulag tókst ekki milli Evrópuþingsins og aðildarríkjanna um fjárlögin vegna þess að sum aðildarríkin vilja ekki að Evrópuþingið fái meira að segja um afgreiðslu fjárlaga.

### Karpað um skatta

Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, vill að Bandaríkjaþing afgreiði sem fyrst tillögur repúblikana um að skattaafsláttur til handa auðjöfrum standi þeim til boða til frambúðar.



Geithner segir Bandaríkjastjórn eftir sem áður andvíga þessum hugmyndum.

### Kínverjar kaupa meira

Kínverskt stjórnvöld hafa haldið áfram að kaupa bandarísk ríkisskuldabréf í stórum stíl. Í september áttu Kínverjar 883,5 milljarða dala í bandarískum ríkisskuldabréfum, og hafði eignin þá hækkað um 1,7 prósent milli mánaða.

# Arðgreiðslur skila sér ekki inn í landið

Gjaldeyrishöft og skattabreytingar hvetja ekki til þess að fjármagn sé flutt heim, segir sérfræðingur í skattamálum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Dótturfélög íslenskra fyrirtækja og félög í eigu innlendra aðila í útlöndum sendu ekki arð af rekstri þeirra heim til móðurfélaga hér á fyrri hluta árs. Arðgreiðslur voru sömuleiðis ekki fluttar heim á fyrstu sex mánuðum síðasta árs.

Arður af rekstri fyrirtækja hefur ekki verið fluttur heim á fyrsta ársfjórðungi á síðustu tíu árum en óvanalegt er að hann vanti fyrir annan ársfjórðung. Það hefur aðeins gerst í ár og í fyrra síðastliðinn áratug, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum.

Arðgreiðslurnar töldu alla jafna í hundruðum milljóna króna fram til 2002 þegar þær fóru yfir einn milljarð króna. Hæstar voru þær árið 2007 þegar 82,6 milljarðar voru fluttir heim.

Páll Jóhannesson, lögmaður hjá Nordik Legal, segir skiljanlegt við núverandi aðstæður að fyrirtæki haldi erlendum gjaldeyri utan landsteina. „Ég held að fáir séu hrifnir af því að flytja gjaldeyri inn í landið. Með því að greiða arð frá erlendu dótturfélagi til íslensks móðurfélags er notkun fjármuna bundin gjaldeyrishöftum, þar með talinni skilaskyldu nema við eigi þröngar undanþágur,“ segir hann. Dótturfélög innlendra fyrirtækja í öðrum löndum falla ekki undir gjaldeyrishöft sem voru innleidd fyrir tveimur árum.

Arður af rekstri erlendra dótturfélaga var áður almennt undanþeginn tekjuskatti þar sem búið var að skattleggja hagnað dótturfélaga í heimalandi þess. Lögum um meðhöndlun arðs og söluhagnaðar var

**ARÐUR AF REKSTRI ERLENDRA DÓTTURFÉLAGA**

árin 2000 til 2010.




breytt í fyrrahaust á þann veg að yfirfæranlegt tap móðurfélagsins lækkar sem nemur fjárhæð móttekins arðs frá dótturfélagi. Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins sögðu fyrr á árinu þetta leiða til tvísköttunar á arðgreiðslum og myndu arðgreiðslur ekki flytjast heim.

„Þessar breytingar á skattalögum hvetja fyrirtæki ekki til þess að flytja gjaldeyri heim. Í ljósi hafta má velta fyrir sér hvort ekki hefði verið eðlilegra að fara í þveröfuga átt og skapa skattalegan hvata til þess að arður sé greiddur hingað til lands. Þess í stað voru slíkar arðgreiðslur gerðar ófýsilegri en áður, sem eykur neikvæð áhrif gjaldeyrishafta. Notkun erlends gjaldeyris er frjálsari í höndum erlends dótturfélags auk þess sem móðurfélagið glatar yfirfæranlegu tapi sem það gæti annars notað á móti síhækkandi skattlagningu hagnaðar hér. Ákvörðunin er ekki flókin nema fjárþörfin sé þeim mun meiri.“ segir Páll.

Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina!

Borgun býður vandaða posa til leigu á hagstæðum kjörum.
Hægt er að leigja posa í skemmri tíma, t.d. helgar- og mánaðarleigu.

- Einfaldir í notkun og uppsetningu
- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu er ókeypis
- Seljendur á landsbyggðinni fá posa senda uppsetta endurgjaldslaust

Pantaðu posa á borgun.is eða leitaðu frekari upplýsinga í síma 560 1600.

BORGUN
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



## Óbreyttir vextir Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður hefur í kjölfar útboðs á íbúðabréfum og í samræmi við breytingu á vaxtaálagi ákveðið að útlánavextir sjóðsins verði óbreyttir. Útlánavextir íbúðalána með uppgreiðsluákvæði verða 4,5 prósent og 5 prósent á íbúðalánum án uppgreiðsluákvæðis.

Vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs byggir á ávöxtunarkröfu í útboði íbúðabréfa sem haldið var 15. nóvember síðastliðinn ásamt vegnum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa. - þj

# Spónn fyrir íslenskan landbúnað

Endurvinnslan Fengur ehf. áætlar að framleiða 3-4 þúsund tonn af spóni á ári fyrir íslenskan landbúnað. Við endurvinnsluna er hrein orka, jarðgufa, notuð við framleiðsluna. Þá er verið að búa til vöru úr endurvinnanlegu hráefni, með því að nýta timbur sem áður var að mestu urðað í jörðu eða notað til brennslu í stóriðjum, að því er segir í tilkynningu.

Spónninn er notaður til undirburðar fyrir hesta og annan búfénað hér á landi, en í dag nemur innflutningur á undirburði 300-500 milljónum króna á ári.

Endurvinnslan er til húsa í Hveragerði þar sem áhersla er lögð á vistvæna orkugjafa til framleiðslunnar, eins og jarðgufuna. Nú þegar hafa skapast nokkur ný störf og vonir standa til að þeim fjölgi í allt að tíu á næstu misserum.

Töluvert magn af vörubrettum og öðru timbri fellur til hérlendis á hverju ári. Fengur hyggst endurnýta timbur í auknum mæli. Timbrið býður einnig upp á mikla möguleika á framleiðslu á fleiri vörum.

Fengur ehf. hyggur á frekari vöruþróun, að því er segir í tilkynningu.

Fengur ehf. var stofnað árið 2009 af Sigurði G. Halldórssyni.



**FENGUR** Fyrirtækið framleiðir spón fyrir íslenskan landbúnað og hyggur á frekari vöruþróun.

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | **Hæstu innlánsvextir** | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,65% A | 11,85% | 11,7% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 2,70% | 12,25% | 12,25% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 2,05% B | 12,50% | 12,50% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 3,40% C | 12,35% | 10,85 til 12,35% |
| BYR | PM-reikningur 3,45% | 12,75% | 12,35 til 12,90% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 3,60% D | 12,95% | 13,00% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 3,00% | 11,05% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Bundinn í einn mánuð. D Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Stærstir í rekstrarþjónustu og vélbúnaðarsölu

### EJS og rekstrarlausnir Skýrr hafa sameinast undir nafni EJS sem verður framvegis eitt af þremur tekjusviðum Skýrr.

**Pétur Gunnarsson**
**skrifar**

Við sameingu EJS og rekstrarlausna Skýrr eru starfsmenn fyrirtækisins 470 talsins og áætluð velta ársins 2010 er 8,5 milljarðar króna, segir Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr.

„Við erum að renna saman tveimur fyrirtækjum í rekstrarþjónustu og vélbúnaðarsölu og búa til öflugasta fyrirtæki af þessu tagi hérlendis," segir hann. Ekkert í rekstri eða umhverfi EJS og Skýrr hafi rekið á eftir sameiningunni.

„Þetta er ekki gert í hagræðingarskyni," segir Gestur. „Bæði fyrirtækin hafa staðið sig mjög vel og aðlagað sig breyttum efnahagsaðstæðum af miklum myndarskap."

Fyrirtækin eru bæði í eigu Teymis og Gestur segir að þegar skoðað hafi verið hvað hægt væri að gera betur hafi lykilstjórnendur beggja vegna borðsins komist að þeirri niðurstöðu að sameining væri besta niðurstaðan.

Af um 470 starfsmönnum eru nú um 190 starfandi hjá EJS og mynda þar öflugustu einingu landsins í þjónustu og sölu á rekstrarlausnum og vélbúnaði, að sögn Gests. Eyjólfur Magnús Kristinsson verður framkvæmdastjóri EJS. Hann stýrði áður rekstrarlausnum Skýrr. Sameiningin hefur ekki áhrif á þjónustu við þær þúsundir viðskiptavina að öðru leyti en því að „lausnaúrval og þjónustuþættir Skýrr og EJS breikka og dýpka við sameininguna," segir Gestur.



**FORSTJÓRI** Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr, segir fyrirtækið hafa alls 470 starfsmenn eftir sameiningu við EJS.

Um tíu prósent af ársveltu fyrirtækisins eru nú frá erlendum verkefnum. Gestur segir að eftir hrun gefi slík verkefni mjög vel af sér. Sameiningin þýði að fyrirtækið hafi náð hentugri stærð til þess að leita í auknum mæli eftir erlendum verkefnum. - pg

# Arev eignast rekstur Next á Íslandi

Einkafjármagnssjóðurinn Arev NI slhf. sem er í meirihlutaeigu Jóns Scheving Thorsteinsson, eignaðist að fullu tískuvöruverslunina Next hér á landi í október. Next rekur eina verslun í Kringlunni á 1.500 fermetrum að ótöldum lager og skrifstofu.

Haraldur Bergsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Next, segir nóg að gera. „Við höfum verið að taka á móti stórum sendingum og fáum eina af þeim stærstu í næstu viku. Við erum að fylla búðina og stefnum á að eiga hér mjög góð jól enda góð blanda verðs og vöruúrvals um þessi jól." Haraldur segir reksturinn ganga ágætlega og móðurfélagið, Dagsól, skulda lítið. Arev lagði nýtt fé í reksturinn við kaupin.

Sverrir Berg Steinarsson og Ragnheiður Anna Jónsdóttir stofnuðu Next á Íslandi og áttu verslunina upphaflega í gegnum Nordex, dótturfélag Árdegis. Félagið varð gjaldþrota í kringum bankahrunið fyrir tveimur árum. Arev keypti Next úr þrotabúi Nordex og seldi þeim Sverri og Ragnheiði minnihluta í desember 2008. - jab



**HARALDUR** Stofnendur Next á Íslandi hafa selt reksturinn til meðeigenda sinna.
MARKAÐURINN/VILHELM

# 5,2 milljarða hagnaður hjá Icelandair

Icelandair skilaði 5,2 milljarða króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi ársins. Þetta er töluvert betri afkoma en á sama tímabili í fyrra þegar hagnaðurinn nam fjórum milljörðum króna.

Í tilkynningu um uppgjörið segir að mikill munur sé á rekstrartekjum félagsins á milli ára en þær hafi aukist um 5,8 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Á sama tímabili hafi rekstrargjöld aftur á móti aukist um 4 milljarða kr. milli ára.

„Bætt afkoma skýrist einkum af aukinu framboði og auknni sölu á Norður-Atlantshafsmarkaði en jafnframt af góðri sætanýtingu og tekjustýringu í leiðakerfi Icelandair," segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair, í tilkynningunni. „Þrátt fyrir góða afkomu á fyrstu níu mánuðum ársins liggur fyrir að framundan eru tveir krefjandi ársfjórðungar. Áframhaldandi óvissa í íslensku efnahagslífi er fyrirtækinu kostnaðarsöm og á næsta ári eru líkur á að samkeppni í millilandaflugi til og frá Íslandi harðni umtalsvert."




# Microsoft Dynamics NAV:
# **Nýjungar í verkefnastjórnun**

**Opinn morgunverðarfundur Skýrr föstudaginn 19. nóvember um aukin afköst og betri yfirsýn með verkefnastjórnun í Microsoft Dynamics NAV**

**Skýrr býður atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar um nýjungar í Microsoft Dynamics NAV. Á fundinum verður fjallað um hvernig verkefnastjórnun í NAV og tengdar sérlausnir geta aukið afköst og bætt yfirsýn í rekstri fyrirtækja og stofnana.**

Reynslusaga fundarins kemur frá Mannviti sem nýtir verkbókhald á árangursríkan hátt. Aðrir fyrirlesarar á fundinum munu fjalla um verkbókhald, vefskráningu og bankalausnir í NAV.

Fundurinn verður haldinn núna á föstudaginn kemur, 19. nóvember, frá kl. 8:00 til 10:00.

Ljúffengur morgunverður að hætti hússins verður framreiddur frá kl. 8:00 og formleg dagskrá hefst stundvíslega kl. 8:30.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).








8:00 *Húsið opnað - Morgunverður*
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

8:30 *Morgunverðurinn er aldrei (alveg) ókeypis*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8:40 *Bankalausnir NAV í Classical 2009*
Gylfi Þórisson, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Skýrr

9:00 *Reynslusaga: Gagnsemi verkbókhalds fyrir verkefnadrifin stórfyrirtæki*
Svava Bjarnadóttir, fjármálastjóri Mannvits

9:20 *Verkbókhald í Microsoft Dynamics NAV í Role Tailor 2009*
Jón Gunnar Gunnarsson, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Skýrr

9:40 *Vefskráning*
Erna Valdís Sigurðardóttir, ráðgjafi hjá Skýrr

*Fundarstjóri*
Magnús Ingi Stefánsson, sölustjóri viðskiptalausna Skýrr

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

# Flestir kjósa farsíma með góðu *lyklaborði*

Flestir í viðskiptalífinu nota Blackberry-farsíma, samkvæmt óformlegri könnun Markaðarins. Þeir sem eiga iPhone-síma frá Apple horfa á útlitið fremur en aðrir. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðaði hverju fólk leitar helst eftir.

Blackberry-farsíminn er sími viðskiptalífsins, samkvæmt niðurstöðu óformlegrar könnunar Markaðarins. Aðrir vinsælir símar er Nokia 71 og iPhone-farsímar frá Apple. Færri nota farsíma frá öðrum fyrirtækjum.

Meirihluti þeirra sem nota Blackberry-símana fær þá hjá vinnuveitendum. Aðrir kaupa sína síma í mörgum tilvikum sjálfir.

Flestir símanna sem þátttakendur í könnuninni notuðu kostuðu allt frá 50 þúsund krónum og upp úr og var meirihluti þeirra um og yfir 100 þúsund krónurnar. Þeir eru með svokölluðu QWERTY-lyklaborði sem gerir notendum þeirra auðveldara um vik að skrifa tölvuskeyti, minnispunkta og færa í dagbók sína í símanum. Fæstir vilja taka myndir, þótt sumir kjósi þann möguleika.

## Aðrir *farsímar*



Það er langt því frá að símar frá Blackberry og Apple séu þeir einu sem fólk notar.

**ÞETTA SEGJA ÞEIR SEM EIGA AÐRA SÍMA:**

*„Hann á það til að frjósa og þarfnast þá endurræsingar. Hef mjög góða reynslu af Nokia.“*
**Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, um Nokia E71.**



*„Ég skipti tiltölulega oft til þess að prófa mismunandi síma. Síminn sem ég nota mest núna er Nokia E71, hef þrjá mismunandi Opera-vafra í símanum og nota þá mikið. Mest myndi mig langa í nýja útgáfu af Nokia 9210. Sá sími hafði frábært lyklaborð sem maður gat notað tíu fingur á.“*
**Jón S. von Tetzchner, stofnandi Opera Software.**

*„Hann er bæði fallegur og harðgerður, sem er aðalsmerki Nokia og skiptir máli fyrir mig því ég missi símann nær daglega í gólfið. Ég er mikill Nokia-maður. Nenni helst ekki að læra á Samsung- eða Motorola-stýrikerfi. Síminn er líka í þægilegri stærð og fer vel í hendi og vasa. Skjárinn og lyklaborðið eru í hæfilegri stærð þannig að maður sér vel á skjáinn og auðvelt er að skrifa á lyklaborðið. Lyklaborðið er QWERTY, sem þýðir að það er með sömu uppsetningu og hefðbundið tölvulyklaborð. Þá er fljótlegra að skrifa SMS og tölvupóst og að leita í símaskránni.“*
**Andrés Jónsson, eigandi Góðra samskipta, um Nokia E71.**



*„Léttur og lipur, skjámynd góð og gott að skoða fjölmiðlaefni, tölvupóst og fleira. Auðveldar notandanum notkun á tölvupósti, sms eða símaskrá og býður upp á vistun á gögnum. Myndavélin er frábær.“*
**Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi, um HTC Desire.**

*„Android-símar eru með mjög þægilegt og auðskiljanlegt viðmót. Það er lítið mál að sækja hin ýmsu forrit sem bæði geta verið skemmtileg og/eða auðveldað manni lífið í daglegu amstri.“*
**Birkir Marteinsson hjá Amivox um farsíma frá LG.**

*„Hann er sterkbyggður, hefur þolað ýmislegt og virkar enn þokkalega. Mér hrýs hugur við að setja mig inn í alla þessa möguleika sem eru nú í boði. Það væri ótrúlega þægilegt ef einhver sölumaður myndi hringja í mig og kynna fyrir mér bara eina gerð sem hentar mér.“*
**Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, um tveggja ára gamlan Sony Ericsson W380.**

## *iPhone* frá Apple



Tæp fjögur ár eru síðan fyrstu iPhone-farsímarnir komu á markað. Símarnir eru sambærilegir Blackberry-símunum að mörgu leyti; þeir tengjast þráðlausu neti, taka myndir í mismikilli upplausn, halda dagbók og sækja tölvupóst.

**ÞETTA SÖGÐU EIGENDUR IPHONE-SÍMA:**

*„Frábær netvafri en lítil rafhlöðuending.“*

*„Frábær skjár, falleg hönnun, fer vel í vasa, góður vefrápari, samhæfður iTunes. Ég nota hann sem fjarstýringu á tónlistargræjurnar heima.“*

*„Var orðinn þreyttur á vefrápara í Blackberry, og þótti iPhone ómótstæðilega fallegur.“*

*„Lyklaborðið er of lítið og erfitt að skrifa nema stutt skeyti.“*

*„Hægt að taka frábærar myndir, stórar og skýrar og dagatalið er frábært.“*

*„Ég hef alltaf verið hrifinn af iPhone en ég smitaðist af strákunum mínum þegar ég bjó erlendis. Hef haldið tryggð við hann síðan en eflaust hefur öðrum símafyrirtækjum fleygt fram og bara í dag var ég að sjá síma sem virkaði eins og iPhone. Ég efast ekkert um að aðrir samkeppnisaðilar elta Apple.*

*Ég nota hann til margra hluta svo sem að lesa í gegnum pdf-, excel-, og word-skjöl á símanum þar sem auðvelt er stækka letrið. Skoða dagbókina, fylgist með veðri, nota sem reiknivél og upptökuvél þegar setja þarf inn minnispunkta. Ég nota raunar símann sem úr og vekjaraklukku á ferðalagi og hér heima, les helstu fréttamiðla í gegnum símann, tek myndir, hlusta á músík á ferðalögum og fylgist með skilaboðum. Ég hef átt Skype-fundi þar sem myndavélin á honum leyfir það. Nýtt prógram sem ég var að fá inn á símann leyfir mér að setja inn flugnúmer og fylgjast með flugi sem ég á bókað erlendis. Öll þessi prógröm eru mjög ódýr og auðvelt að nálgast þannig að ég get ekki verið án símans í dag.“* - Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips.



GYLFI SIGFÚSSON

**AÐRIR SEM EIGA IPHONE:**
Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAM Management, Svava Johansen, forstjóri NTC, og Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP.

## *Blackberry frá Research in Motion*

Nokkrar gerðir eru til af Blackbrry-farsímum, helstar þeirra eru Blackberry Curve, sem eru í ódýrari flokki. Blackberry 8900 og Blackberry Pearl eru skör hærri.



BIRKIR HÓLM GUÐNASON

**ÞETTA SÖGÐU NOKKRIR EIGENDUR SÍMANNA:**

*„Algjörlega ódrepandi. Ekkert venjulegt álag á þessu greyi af öllu tagi og hann höktir sama hvað. Hann er rosasjúskaður – samt ekki nóg til að láta hann fara.“*

*„Kúlan (skrollið) á það til að virka ekki. Síminn býður ekki upp á „vibrate“ með hringingu sem stundum kæmi sér vel.“*

*„Allt í einu tæki: net, sími, tölvupóstur – nema útvarp.“*

*„Stýrikerfið er flókið og ruglingslegt.“*

*„Lítill skjár takmarkar notkunarmöguleika við að vafra um netið og það vantar meiri hugbúnaðarmöguleika.“*



*„Mér finnst Blackberry-símarnir bera af ef þarf að nota síma sem inniheldur tölvupóst. Mér finnst hann vinna hraðar og hann er auðveldari í notkun en aðrir símar. Lyklaborðið finnst mér best. Það eru ófáir tölvupóstar sem maður fær og þarf að svara í símanum og auðveldar manni starfið.“ – Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair. Hann getur hugsað sér að fá sér næst Blackberry Torch, sem sameinar kosti Blackberry og iPhone.*

**ÞESSI NOTA BLACKBERRY:**
Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir, upplýsingafulltrúi í Kauphöllinni, Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, Ásta H. Bragadóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs, Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair, Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Regins ehf., dótturfélags Landsbankans, Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Byr, Hilmar V. Pétursson, forstjóri CCP, Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia (áður Flugstoðir), Jafet S. Ólafsson fjárfestir, Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans, Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Fjárfestingarbanka.




Víðtæk tryggingavernd fyrir fjölbreytt atvinnulíf

Mikilvægt er að huga vel að vátryggingaþörf fyrirtækja. Fyrirtækjafulltrúar VÍS fara reglulega yfir málin með viðskiptavinum sínum til þess að sníða vátryggingaverndina að þörfum hvers og eins.

Allar nánari upplýsingar veita fyrirtækjafulltrúar VÍS í síma 560 5000.

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

# NÝR RENAULT KANGOO

## MEST SELDI SENDIBÍLL Á ÍSLANDI
## ER KOMINN Í NÝRRI ÚTGÁFU






Verð frá:
2.590 þús. kr.*
*Bensínbíll. Verð án vsk: 2.064 þús. kr.

www.renault.is

ENNEMM / SIA / NM44093

Einn vinsælasti sendibíll landsins er nú fáanlegur í nýrri útfærslu. Nýr Renault Kangoo er bæði 10 cm lengri og 10 cm breiðari en eldri gerðin. Breidd á milli hjólaskála er nú 122 cm og því er Kangoo eini bíllinn í sínum flokki sem rúmar „Euro“ vörubretti. Ný útfærsla þakhlerans leyfir enn meiri opnun og auðveldar þannig flutning á löngum hlutum. Ökumaður nýtur meiri þæginda en áður og allt vinnuumhverfi bílsins hefur verið endurhannað með tilliti til notagildis.

**SJÓN ER SÖGU RÍKARI - KOMDU Í KAFFI OG SKOÐAÐU ÞENNAN VINSÆLA SENDIBÍL FRÁ RENAULT.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

RENAULT

**SJÓKLÆÐAGERÐIN 66°NORÐUR**

Fjöldi starfsmanna: Um 300
Ísland: Um 120
Lettland: Um 180 (2 saumaverksmiðjur/ dreifing/sala)
Bandaríkin: 2
Kína: Saumaverktakar
Föt 66°N eru til sölu í: Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Færeyjum, Grænlandi, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Sviss, Austurríki, Liechtenstein, Belgíu, Hollandi, Ítalíu, Slóveníu.
Umboðs-sölumenn í BNA og Kanada: 9
Bein sala til: Hong Kong, Ástralíu.

**ICEWEAR**

Fjöldi starfsmanna: 8
Ísland: 8
Litháen: dótturfyrirtæki
Föt Icewear eru seld á Íslandi, í Austurríki, Þýskalandi, Noregi, Kanada, Bandaríkjunum.




## Miklu munar á þeim stærstu og þeim minnstu sem framleiða íslenskan útivistarfatnað. Fjöldi manns starfar hins vegar um heim allan við að framleiða föt bæði fyrir innanlandsmarkað og alþjóðamarkaði. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér umfang starfsemi þeirra fyrirtækja sem haslað hafa sér völl á þessu sviði.

# Íslenskan kuldaklæðnað er að fi

Íslenskur útivistarfatnaður er ekki bara áberandi hér heima heldur hafa hin ýmsu merki haslað sér völl víða um heim. Allir eiga það sameiginlegt sem framleiða íslenskan útivistarfatnað að horfa til tækifæra sem gefast í sölu utan landsteinanna. Fimm íslensk fyrirtæki framleiða útivistarfatnað undir eigin merkjum, en eru afskaplega misstór. Stærst er Sjóklæðagerðin 66°Norður, en þar á eftir koma í stærðarröð Nikita, Cintamani, ZO-ON og Icewear.

Þrjú stærstu fyrirtækin er að finna á listanum yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins sem Frjáls verslun birti nýverið. Þar er 66°Norður í 119. sæti með ársveltu upp á 2,9 milljarða króna í fyrra, Nikita í 166. sæti með 1,7 milljarða króna veltu og Cintamani í 233. sæti með áætlaða veltu upp á 900 milljónir króna.

Öll eiga fyrirtækin það sammerkt að megnið af allri framleiðslu þeirra fer fram utan landsteinanna. 66°Norður skera sig þó úr í því að starfrækja saumastofu hér heima, en að sögn Halldórs Gunnars Eyjólfssonar, forstjóra fyrirtækisins, sinnir hún aðallega sérpöntunum, breytingum og lagfæringum. Þá er fyrirtækið eitt um að starfrækja sínar eigin saumastofur í útlöndum, meðan aðrir íslenskir framleiðendur fatnaðar „útvista“ þeirri starfsemi með því að kaupa þjónustu erlendra saumastofa.

**NIKITA SKER SIG ÚR**

66°Norður reka tvær verksmiðjur í Lettlandi þar sem starfa 180 til 200 manns. Meðal annars af þessum sökum er fyrirtækið með mun fleira starfsfólk á sínum snærum en keppinautarnir, bæði hér heima og erlendis. „Fyrirtækið framleiðir einnig fatnað í Kína í gegnum verktaka,“ segir Halldór.

Núna starfa í allt rúmlega 300 manns hjá 66°Norður og fást vörur fyrirtækisins í yfir 500 verslunum í 19 löndum. Ef til vill þarf ekki að furða sig á forskotinu því fyrirtækið er eitt elsta framleiðslufyrirtæki landsins, hóf árið 1926 framleiðslu á sérstökum hlífðarfatnaði fyrir sjómenn og fiskverkunarfólk. Þá er fyrirtækið með langumfangsmesta sölunetið. Tveir starfsmenn eru í Bandaríkjunum á skrifstofu 66°Norður, en að auki eru umboðsmenn og dreifingaraðilar bæði þar og í Kanada. „Auk þess seljum við beint til Hong Kong og Ástralíu,“ segir Halldór.

Utan eitt eiga fyrirtækin fimm það sammerkt að mest sala er hér á heimamarkaði, en í þessum efnum sker Nikita sig nokkuð úr. Halldór Gunnar segir helstu markaði hjá sér Norðurlöndin og Þýskaland, auk Bandaríkjanna. „Fyrirtækið hefur síðustu fimm ár vaxið um 20 til 30 prósent á hverju ári. Veltan var um einn milljarður árið 2004 en er um þrír milljarðar 2010,“ segir hann.

Rúnar Ómarsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Nikita, segir 95 prósent af sölu fyrirtækisins eiga sér stað erlendis. Telja verður vöxt fyrirtækisins ævintýri líkastan, orðið næststærst á sínu sviði í landinu á rúmum áratug, en Nikita var stofnað í Reykjavík árið 2000 og starfrækir verslun við Laugaveg. Hér á landi er fyrirtækið með 16 starfsmenn, en að auki starfa 16 í Þýskalandi og tveir í Frakklandi. Rúnar segir framleiðsluna svo fara fram í Kína, Taívan, Víetnam, Túnis og Argentínu. „En þar sem við úthýsum framleiðslunni er ekkert starfsfólk hjá Nikita í framleiðslu,“ segir hann. Föt fyrirtækisins eru hins vegar til sölu í um 1.500 verslunum í yfir 30 löndum. „Jafnframt seljum við beint í gegnum netverslun okkar til landa utan almenna dreifingarnetsins,“ segir hann og bendir um leið á að eingöngu hluti af sölu Nikita sé í „útivistarfatnaði“ en annað sé í „lífsstílsfatnaði“ sem ýmist sé seldur í útivistar- eða götutískuverslunum.

70 prósent af sölu Nikita segir Rúnar að fari fram á meginlandi Evrópu. „En Skandinavía, Kanada, Bandaríkin, Japan, Nýja-Sjáland og Ástralía skipta með sér 30 prósentum,“ segir hann og kveður fyrirtækið hyggja á mikla sókn á erlendum mörkuðum á næstu árum, með frekari áherslu á eigin verslanir og yfirtöku á dreifingu til verslana á lykilmörkuðum.

**VÍÐA ER HUGAÐ AÐ ÚTRÁS**

Í kjölfar hlutafjáraukningar sem gerð var hjá Cintamani í byrjun síðasta mánaðar er ráðgerð metnaðarfull útrás á Þýskalandsmarkað. Þá keypti Kristinn Már Gunnarsson kaupsýslumaður þriðjungshlut í Sportís ehf., framleiðanda Cintamani. Hann sagði þá stefnt að því að opna til að byrja með níu Cintamani-verslunareiningar í verslunarmiðstöðvum víðs vegar um Þýskaland. Samhliða því yrði ráðist í markaðssetningu, með áherslu á íslenskan uppruna fatnaðarins.

Skúli Björnsson, einn eigenda Cintamani, segir markaðsátak í Þýskalandi þegar hafið og kveður fatnað fyrirtækisins brátt fá kynningu í einum stærsta sportmagasín þætti þýsks sjónvarps. Þá verði innan skamms í Þýskalandi tveir sölumenn ráðnir til að sinna markaðnum þar.

Framleiðsla Cintamani fer fram í Litháen og í Kína, en fyrirtækið kaupir þjónustu af þarlendum fyrirtækjum. Skúli áréttar hins vegar að efniviðurinn í framleiðsluna komi ekki þaðan, í Litháen sé framleitt úr ítölsku efni og í Kína úr japönsku, þar sem kínverskur efniviður standist ekki gæðakröfur fyrirtækisins.

Er með þessu ekki öll sagan sögð af útrás íslensks útivistarfatnaðar. Jón Erlendsson, eigandi og forstjóri ZO-ON, segir líklegt að nokkuð stórra tíðinda verði að vænta af sínu fyrirtæki innan tíðar. „Við höfum alltaf verið að horfa til annarra landa og höfum undirbúið hlutina nokkuð vel á undanförnum árum. En þegar hrunið gekk yfir voru margir hlutir settir á ís, en eru nú aftur komnir á skrið,“ segir hann.

Jón var í gær á förum til Indlands til að fylgja eftir framleiðslu þar. „Við framleiðum mest í Kína og á Indlandi, en einnig í Portúgal og lítilsháttar í Pakistan,“ segir hann, en líkt og hjá flestum er þar um keypta þjónustu að ræða.

Alls starfa því ekki nema 14 hjá ZO-ON, en þar eru meðtaldir tveir finnskir hönnuðir, sem eru með aðsetur þar í landi. Jón segir þó samstarfið við fólkið hér heima náið og gott, nútímasamskiptatækni hjálpi þar til, auk þess sem hönnuðirnir komi reglulega í heimsókn. „Við höfum síðastliðin þrjú ár eytt óhemju tíma í nýja hönnun,“ segir Jón og boðar nýjar vörulínur og töluverðar breytingar á fatnaði ZO-ON. „Við erum núna að klára alla hönnun fyrir vorið 2012,“ segir hann.

Jón slær þann varnagla að enn sé ekkert fast í hendi með tíðindi af aukinni útrás fyrirtækisins, en segir ZO-ON komið vel á skrið með stóra samninga um sölu í Japan. „Þetta skýrist innan mjög skamms tíma, en það er náttúrulega ekki enn búið að skrifa undir. Það er ekkert endanlegt fyrr en það er gert.“ Hann segir þó skammt í land og að samningarnir séu nokkuð umfangsmiklir þar sem um svokallað „licence“ sé að ræða. Gangi þeir eftir fær því japanska fyrirtækið leyfi til að framleiða fatnað í Japan undir merkjum ZO-ON.

Fyrir hrun segir Jón að fyrirtækið hafi verið langt á veg komið með markaðssetningu í Bandaríkjunum og þau mál séu einnig komin á fullt skrið á ný. Núna séu helstu erlendu markaðirnir hins vegar í Noregi og í Þýskalandi. „Síðastliðin tvö ár höfum við lagt áherslu á markaðinn hér heima,“ segir hann, en kvíðir ekki samkeppninni utan landsteinanna. „Þetta gengur út á að skera sig úr og vera ekki eins og allir aðrir,“ segir hann og áréttar um leið að standa

> Við höfum alltaf verið að horfa til annarra landa og höfum undirbúið hlutina nokkuð vel á undanförnum árum. En þegar hrunið gekk yfir voru margir hlutir settir á ís, en eru nú aftur komnir á skrið.
>
> **JÓN ERLENDSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI OG EIGANDI ZO-ON



**Alþjóðleg hundasýning** Hundaræktarfélags Íslands fer fram um helgina í Reiðhöllinni í Víðidal. Þá mæta 829 hreinræktaðir hundar af 81 tegund í dóm en dómar hefjast klukkan 9 báða daga. www.hrfi.is

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






**Ýmislegt kom Kristínu Jónsdóttur skrifstofustjóra á óvart er hún heimsótti alþýðulýðveldið Kína:**

# Heimsótti æskuhús Maós

Þetta var mjög lærdómsrík ferð, fræðandi og skemmtileg," segir Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, nýlega heimkomin frá Kína. „Og," bætir hún við, „... mér finnst Kínverjar afar glaðlegir og þægilegir viðmóts."

Til Kína hélt Kristín með vinkonu sinni Danfríði Skarphéðinsdóttur í heimsókn til annarrar vinkonu, Kristínar Árnadóttur, sendiherra Íslands í Kína. Þar dvöldu þær í tæpan hálfan mánuð. Eitt af því sem þær upplifðu saman var að fara á markaði. „Þar fer fram mikil glíma um raunverulegt verð," segir hún og kveðst hafa þurft að venjast prúttinu. „Það gat verið þreytandi að prútta um hvern einasta hlut en ef ég var í stuði þótt mér það skemmtilegt eins og annað sem maður prófar."

;Á FERÐINNI | 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










**Jólakort MS félagsins** í ár er skreytt listaverki eftir Karolínu Lárusdóttur sem ber nafnið Þreyttir englar. Kortin fást á skrifstofu félagsins en einnig hjá sölumönnum um allt land. Nánari upplýsingar í síma 568 8620.



VIÐ BJÓÐUM BETUR SANNKALLAÐ JÓLAVERÐ Á ÖLLUM INNRÉTTINGUM LÁTTU REYNA Á ÞAÐ
nettoline Mán. - föst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

HERRA-KULDASKÓR
Úrval af herrakuldaskóm úr leðri, fóðruðum með lambsgæru.
Stærðir: 41 - 47
Verð: 23.700.-
Misty skor Laugavegi 178
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Auglýsingasími 512 50 50
Allt sem þú þarft...

VETRARDAGAR
20% AFSLÁTTUR
TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 17.600
ERNA
Skipholti 3, s. 552 0775, www.erna.is



Helga Björg Jónasdóttir vöruhönnuður hefur haldið námskeið í kertagerð í rúm tíu ár á verkstæði sínu Vaxandi á Seltjarnarnesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auðvelt í eldhúsinu heima

**Kertaljós tilheyra aðventunni og gaman er að lýsa upp heimilið með heimatilbúnum kertum. Helga Björg Jónasdóttir vöruhönnuður heldur námskeið í kertagerð á verkstæði sínu Vaxandi.**

„Kertagerð er í sjálfu sér einföld og í rauninni þarf lítið meira en það sem finnst í venjulegum eldhúsum,“ útskýrir Helga Björg Jónasdóttir vöruhönnuður, en hún heldur námskeið í kertagerð á kertaverkstæði sínu Vaxandi á Seltjarnarnesi.

„Grunnnámskeiðin byggi ég þannig upp að fólk verði sjálfbjarga með að steypa kerti heima. Við steypum þrjú til fjögur mismunandi kerti á námskeiðinu þar sem farið er í gegnum helstu grunnatriði í kertagerð og það sem gott er að hafa í huga,“ segir Helga. „Fólk þarf til dæmis að muna að hita vaxið í vatnsbaði en ekki beint á hellunni.“

Í næstu viku hefjast einnig námskeið í jólakertagerð sem fólk gæti nýtt til gjafa eða til að lýsa upp heimilið á aðventunni. Helga segir fólk gjarnan leita eftir því sama fyrir jólin. Jólaeplakertin séu til dæmis alltaf vinsæl, og einnig þriggja arma kóngakertin. „Ég hef líka verið að steypa greni inn í kertin en við munum fara yfir sitt lítið af hverju.“

Helga lærði kertagerð í Englandi. Í framhaldinu stofnaði hún kertaverkstæði sitt Vaxandi og hefur haldið tugi námskeiða, meðal annars hjá Mími símenntun.

„Ég setti mig í samband við kertagerðarmeistara í Englandi sem tók mig í einkatíma. Ég hef verið með verkstæðið í rúm tíu ár og er alveg orðin vaxhúðuð eftir allan þennan tíma,“ segir Helga hlæjandi. „Þetta er líklega 21. önnin sem ég held námskeið hjá Mími og mörg hundruð manns hafa farið gegnum námskeið hjá mér. Vertíðin er alltaf mest fyrir jólin.“

Hjá Helgu í Vaxandi er einnig hægt að kaupa vax, mót, ilm og liti og fleira til kertagerðar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.vaxandi.is þar sem einnig er hægt að skrá sig á námskeiðin.

*heida@frettabladid.is*



Kerti eru ómissandi á aðventunni. Sérstök námskeið í jólakertagerð fara fram hjá Vaxandi eftir helgina.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU
Meiri Vísir.
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
visir.is

Nóvembertilboð á hreinsun
Við hreinsum fjórar flíkur en þú greiðir aðeins fyrir þrjár
EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík •Sími 553 1380



Valgerður við Lágafellskirkju en árlegir styrktartónleikar kirkjukórsins verða hins vegar í Guðríðarkirkju á sunnudaginn klukkan 17. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hugmyndin er að gleðja

**Jólaljós, styrktartónleikar kirkjukórs Lágafellssóknar, styður í ár við bakið á stúlku sem lamaðist í umferðarslysi. Tónleikarnir verða haldnir í tólfta sinn á sunnudaginn klukkan 17, nú í Guðríðarkirkju.**

Upphaf styrktartónleika kirkjukórs Lágafellssóknar má rekja til ársins 1999. „Hugmyndina fengu þau Margrét Árnadóttir sópransöngkona og Jónas Þórir organisti. Margrét var þá nýorðin ekkja, ung að árum, og með lítið barn. Þau ákváðu þá að efna til minningartónleika í Neskirkju,“ segir Valgerður Magnúsdóttir, formaður kirkjukórs Lágafellssóknar. Ekki var rukkað inn á þessa fyrstu tónleika en fólki boðið að setja pening í söfnunarbauk. „Peninginn gáfum við síðan Hjálparstofnun kirkjunnar,“ segir Valgerður en styrktartónleikar kirkjukórsins hafa verið haldnir árlega síðan og fengu nafnið Jólaljós.



Fyrstu þrjú árin voru tónleikarnir í Neskirkju, eftir það í Fríkirkju Reykjavíkur en nú verða þeir í fyrsta sinn í Guðríðarkirkju í Grafarvogi. Arnhildur Valgarðsdóttir stjórnar kórnum í ár þar sem Jónas Þórir er í ársleyfi.

Margir hafa notið góðs af tónleikunum í gegnum tíðina. „Við höfum styrkt Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauða krossinn, Reykjalund, björgunarsveitinni í Mosfellsbæ og skjólstæðinga sem eiga erfitt,“ segir Valgerður en þá verða oft sveitungar kórmeðlima fyrir valinu. „Við styrktum eitt sinn unga konu sem missti manninn sinn í bílslysi en þau áttu fjögur lítil börn, við styrktum systkini eitt árið, en móðir þeirra hafði fyrirfarið sér. Við finnum verkefni þar sem peninga er þörf,“ segir Valgerður, en í ár rennur aðgangseyrir óskiptur til styrktar Rebekku Allwood, 21 árs Mosfellings sem fyrir átta árum lenti í slæmu umferðarslysi og hefur verið bundin í hjólastól síðan en er nú í stofnfrumumeðferð á Indlandi. „Hugmyndin er að gleðja aðra, því það gleður okkur svo mikið.“

Frábærir tónlistarmenn koma fram með kórnum og gefa þeir allir vinnu sína. Þar má nefna Jógvan Hansen, Diddú, Egil Ólafsson og Birgi Haraldsson sem margir þekkja sem Bigga í Gildrunni. „Hanna Björk Guðjónsdóttir og dóttir hennar, Björg Birgisdóttir, sem báðar eru sópransöngkonur syngja með okkur og svo syngur vinakór okkar, Kór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði, með okkur líka ásamt öðrum,“ upplýsir Valgerður og lofar góðri stund.

Styrktartónleikarnir verða sunnudaginn 21. nóvember klukkan 17 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

*solveig@frettabladid.is*


GERRY WEBER
Úlpur
20% afsláttur



skoðið yfirhafnir
á heimasíðu
www.laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

3 FRÁBÆRAR
úr bómull




Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



ALLT TIL
INNPÖKKUNAR

BORÐAR
Í MIKLU
ÚRVALI

Eingöngu sala
til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN
MARKAÐUR

Sími: 535-8500

„Stekkjarstaur kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
Hann laumaðist í fjárhúsin
og lék á bóndans fé.“




Erindi úr Jólasveinavísum Jóhannesar úr Kötlum. Þær komu fyrst út árið 1932 í bókinni Jólin koma. Þórhallur Bjarnarson prentari gaf bókina fyrst út. 25. prentun kom út árið 2008.

www.johannes.is



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



**Ferðafélag Íslands** býður upp á ýmsar ferðir í vetur. Til dæmis verður farin aðventuferð í Þórsmörk 26. nóvember. Þar verður aðventustemning með jólaföndri og kvöldvöku þar sem sagðar verða sögur af jólasveinunum.


**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús
**Neysluvatnshitarar**
**Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.**
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



**Rafhitun**
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is


Jólatréð sem prýða mun Austurvöll í ár hefur þegar verið fellt í Noregi en kveikt verður á trénu 29. nóvember. Tréð er 40 ára gamalt og tólf metra hátt og mun án efa sóma sér vel í borginni.

**visitreykjavik.is**



Kristín Árnadóttir sendiherra í Kína, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Kristín Jónsdóttir við himinháa styttu af Maó þegar hann var ungur.

Framhald af forsíðu

Mestum tíma varði Kristín í Peking en auk þess fór hún í þriggja daga ferð. „Við skoðuðum meðal annars æskuheimkynni Maós og ég var hissa á í hversu veglegu húsi hann hafði alist upp. Þetta var þó ekki staðurinn sem hann var á eftir að hann varð leiðtogi. Þá bjó hann í Peking.

Annað kom Kristínu verulega á óvart í Kína og það var hve samfélagið er kapítalískt því greiða þarf þar fyrir alla heilbrigðisþjónustu og menntun. „Ég hafði gert ráð fyrir að samfélagsstoðirnar væru styrkar, jöfnuður mikill og félagslega kerfið gott í þessu alþýðulýðveldi en það var nú öðru nær,“ segir hún. „Kína er sjálfsagt eitt kapítalískasta ríki í heimi. Það hefur komið í ljós að 0,4% þjóðarinnar eigi 70% auðæfa meginlands Kína. Hin hliðin er svo fátæktin, lág laun og langur vinnudagur. Ég ræddi við stúlku sem ég fékk fótanudd hjá á einum af þessum mörkuðum. Hún er gift, á eitt barn, vinnur sjö daga vikunnar í 11 tíma á dag og fær einn frídag í mánuði. Tengdaforeldrarnir passa barnið. Mér varð hugsað til „kreppunnar á Íslandi“. Ég átti einnig spjall við sölukonu. Hún á tvö börn, dreng og stúlku. Dótturina átti hún á undan, annars hefði hún ekki mátt eignast annað barn. Sú kona er fráskilin og er að safna fyrir menntun barnanna auk þess sem hún styrkir foreldra sína, hún vinnur sjö daga vikunnar, 11 klukkustundir á dag og á aldrei frí.“



Kristín segir Kína allt annað land en fyrir 15-20 árum þegar fólk fékk ókeypis samfélagsþjónustu og menntun, eftir því sem fátækt samfélag gat boðið upp á. „Fyrir nokkrum árum voru götur Peking líka fullar af hjólreiðafólki en nú hafa reiðhjólin að nokkru vikið fyrir bílum. Þeim fylgir mengun og mikil þrengsli á götunum,“ lýsir hún.

Borgarbúar í Kína mega bara eignast eitt barn og Kristín segir ofalin og fordekruð börn vaxandi vandamál í samfélaginu. „Þessi einbirni hafa fullkomlega fengið að ráða stefnunni heima, því þau eru það dýrmætasta sem foreldrarnir eiga og líka báðar tengdafjölskyldurnar. Þeim hættir til að verða sjálfselsk og eiga í erfiðleikum með mannleg samskipti og ég sá dæmi um ótrúlega feit börn sem varla gátu hreyft sig.“



Við fólksflutningatæki sem er á undanhaldi.

Háhýsin setja svip á Peking að sögn Kristínar en suma daga sást varla milli þeirra vegna mengunar í lofti. Hún segir Kínverja þó eiga mikinn jarðvarma ónýttan. „Nú horfa þeir til Íslands eftir aðstoð við rannsóknir og nýtingu á þessum auðlindum.“

*gun@frettabladid.is*







**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**




Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



**Kanarí**
**Frá kr. 124.900 með „öllu inniföldu“**
**11. desember – 10 nætur**
**Dunas Mirador – Ótrúlegt sértilboð!**
Nú bjóðum við allra síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum. nóvember á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábært sértilboð með „öllu inniföldu“ á Dunas Mirador. Þetta er gott hótel í Dunas hótelkeðjunni, sem er staðsett í Sonnenland í norðurhluta Maspalomas. Stór og fallegur hótelgarður með tveimur sundlaugarsvæðum og góðri sólbaðsaðstöðu. Aðeins örfá sæti í boði.
Kr. **124.900** – með „öllu inniföldu“
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og eitt barn 2 -11 ára í herbergi í 10 nætur með „öllu inniföldu“.
Netverð á mann. Verð á mann í tvíbýli 129.800 með allt innifalið í 10 nætur.
Heimsferðir Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Náttúruvernd og ferðaþjónusta verða til umræðu á fundi á Grand Hóteli á morgun klukkan 8.30 til 10. Þar verður meðal annars fjallað um nýlega úttekt Umhverfisstofnunar á álagi á friðlýstum svæðum vegna ferðamanna, úrræði til umbóta og fjármögnun þeirra.

**www.ferdamalastofa.is**


Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

# BÆKUR








Michael Bond
Paddington
Kate Alley


Pottormarnir
Sleppa sér!
David Melling


Fróði Sóði
David Roberts


Má ég kíkja í bleyjuna þína?
Guido van Genechten


Hildur Knútsdóttir
Kátína


Sjáðu svarta rassinn minn


Símon Jón Jóhannsson
NÝJA
Draumaráðningabókin


NÝJA
Tilvitnanabókin


Árni Árnason og Halldór Baldursson
Þrauta geilungurinn
Orðaþrautir, talnaþrautir, orðarugl, krossgátur og myndþrautir!
IÐNÚ


Adam Blade
Óvættaför
Nanúk


Sigrún Eldjárn
Iðnir krakkar


Sveppabókin
Íslenskir sveppir og sveppafræði
Helgi Hallgrímsson


Hrafnar, sóleyjar og myrra
Eyrún Ósk Jónsdóttir og Helgi Sverrisson


Ein báran stök
Ólafur Haukur Símonarson


Jón G. Snæland
Fjallaskálar á Íslandi


Ólafur Jóhann Sigurðsson
Spói


Kristín Steinsdóttir
Ljósa


Dante
Gleðileikurinn guðdómlegi


Ævintýri Tinna
Fjársjóður Rögnvaldar rauða
IÐUNN


Kepler
Dávaldurinn




Eoin Colfer
Artemis Fowl
Atlantisduldin


Ekki lita út fyrir
Birta

# HEILLANDI SKÁLDSKAPUR




**Fantagóð saga úr íslensku sjávarplássi þar sem lífið virðist við fyrstu sýn ganga sinn vanagang. En undir yfirborðinu ólgar allt af ástríðum og átökum um eignir, völd og hjörtu mannanna. Heillandi bók eftir Ólaf Hauk Símonarson.**




**Lára Sjöfn er 13 ára unglingsstelpa sem tekst á við lífið eftir mikinn sorgarvetur. Hún flækist inn í dularfulla atburðarás og þarf að bregða sér í hlutverk leikara, spæjara og hetju til þess að leysa úr málunum. Hörkuspennandi saga handa börnum og unglingum.**

**SKRUDDA.IS**




# Utangátta í þorpi

**Ólafur Haukur Símonarson hefur í gegnum tíðina skrifað og sent frá sér fjölmörg vinsæl ritverk, skáldsögur og leikrit. Ein báran stök er nýjasta skáldsaga hans sem bókaforlagið Skrudda gefur út fyrir þessi jól.**



**Ólafur Haukur Símonarson hefur verið með nýjustu skáldsögu sína, Ein báran stök, í farteskinu í nokkur ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sögusvið bókarinnar Ein báran stök er lítið bæjarfélag við íslenska sjávarsíðu í kringum árið 2000 þar sem aðalpersónan, efnilegur ungur maður um tvítugt, sér margt betur en aðrir. Söguna segist rithöfundurinn hafa verið með í farteskinu í langan tíma.

„Ég er búinn að vera í mörg ár að skrifa bókina og er í dag loksins orðinn þokkalega sáttur við hana. Þessi heimur, sem sagan segir frá, hefur smám saman verið að þéttast fyrir innri sjónum mínum og líklegt er að það verði framhald af bókinni enda kalla persónur bókarinnar á að ég segi meira af þeirra högum," segir Ólafur Haukur.

Ungi maðurinn, aðalpersóna bókarinnar Ein báran stök er svolítið utanveltu í þorpinu, enda hefur hann óvenjulega hluti fyrir stafni. Hann leggur stund á píanónám hjá konu sem er helmingi eldri en hann og er í þokkabót ástfanginn af píanókennaranum. „Þetta er breið mynd af litlu samfélagi þar sem lítill kjarni fólks ræður för og stýrir því sem hann vill stýra. Pilturinn segir sína sögu sjálfur og bregður upp mynd af þessu samfélagi sem hann býr í, sem var auðvitað dálítið öðruvísi fyrir það sem við köllum í dag „hrun". Þarna dúkka því menn upp á yfirborðið sem berja sér á brjóst og vilja vera miklir í stærra samhengi."

Sagan segir frá átökum um eignir og völd í plássinu en er þó fyrst og síðast saga unga mansins og frásögnin miðast út frá hans löngunum og draumum, hárfín blanda af gamni og alvöru eins og verk Ólafs eru gjarnan. „Drengurinn er í raun alger undantekning í þessu plássi. Bæði í sínu píanónámi, ást á konsertpíanóleikara og athöfnum. Vinkill hans á hversdagslega atburði í þorpinu er því alls ekki hversdagslegur," segir Ólafur Haukur.

# Krassandi saga full af sykri

Barna- og unglingabókin L7 – Hrafnar, sóleyjar og myrra er nýkomin út hjá Skruddu. Höfundar eru þau Helgi Sverrisson kvikmyndagerðarmaður og Eyrún Ósk Jónsdóttir, rithöfundur og leikari, en kvikmynd byggð á sögunni verður frumsýnd í SAM-bíóunum í febrúar á næsta ári. Bókin er fyrsti hluti af væntanlegum þríleik.



**Helgi Sverrisson og Eyrún Ósk Jónsdóttir eru höfundar L7 – Hrafnar, sóleyjar og myrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

„Ég hef verið í kvikmyndagerð í þrjátíu ár og þar sem kvikmyndahandrit eru oft í eins konar skeytastíl langaði mig jafnhliða kvikmynd að skapa heim í bók sem væri ítarlegri," segir Helgi. „Mig langaði að gera verk ætlað börnum og unglingum sem myndi ná til breiðs aldurshóps, líkt og sögur á borð við Mit liv som hund og Billy Elliot gera. Húmorinn í bókinni er því allt frá því að vera „egg í hausinn" atriði og yfir í dýpri húmor."

Aðalpersóna bókarinnar, Lára Sjöfn, er búin að ganga í gegnum það að missa pabba sinn og bróður í bílslysi. Allt er því fremur brotið í kringum hana auk þess sem tvær bestu vinkonur hennar eru fjarlægar, önnur komin með kærasta og hin nýflutt til Akureyrar.



**Victoria Ferrell leikur aðalhlutverkið í væntanlegri kvikmynd samnefndri bókinni. Hér er hún í hlutverki sínu ásamt Önnu Kristínu Arngrímsdóttur.**

Lára kynnist fólki þetta sumar sem rekur leikhús og í kjölfarið lendir hún í spennandi atburðarás þar sem hún þarf að sýna hvað í henni býr.

„Sagan snýst meðal annars um þau grundvallaratriði í lífinu sem fólk þarf að takast á við. Dauðinn er nálægur þannig að um leið og bókin fjallar um málefni af andlegum toga er hún full af sykri líka sem gerir hana að krassandi og vonandi skemmtilegri spennusögu."

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson s. 512 5411



Þór þeytist um heiminn frá morgni til kvölds að sinna skyldum sínum við guði og menn. MYND/BJARTUR VERÖLD

# Menningararfurinn tekinn til kostanna

**Þór – Leyndarmál guðanna eftir Friðrik Erlingsson er hörkuspennandi saga fyrir unga lesendur.**

Bókin er gefin út í samvinnu við íslenska kvikmyndafyrirtækið CAOZ, sem vinnur nú að gerð alþjóðlegrar tölvuteiknimyndar um þrumuguðinn Þór. Myndin verður í þrívídd, kostar á annan milljarð króna í framleiðslu og er ekkert til sparað. Fyrir tveimur árum kom út bókin Þór – í Heljargreipum sem Friðrik byggði á handriti myndarinnar. Þór – Leyndarmál guðanna er hins vegar sjálfstætt framhald hennar og er nýja bókin jafnvel enn fjörugri og frískari en sú fyrri. Þór þeytist um heiminn frá morgni til kvölds að sinna skyldum sínum við guði og menn, í von um að faðir hans vígi hann endanlega inn í goðheima. Gömlu guðirnir eru hins vegar fullir öfundar yfir vinsældum Þórs og reyna að losa sig við hann.



Friðrik Erlingsson matreiðir goðafræðina á spennandi hátt fyrir unga lesendur í bók sinni Þór – Leyndarmál guðanna.

**ÆSISPENNANDI ATBURÐARÁS**

Af stað fer æsispennandi atburðarás þar sem hin illu öfl notfæra sér veikleika Þórs og fyrr en varir er allt líf í mannheimum og goðheimum í uppnámi. Loki vill tortíma Þór með aðstoð jötna og fær óvæntan liðsauka þegar sjálfur Surtur, lávarður logans, telur sig eiga harma að hefna gegn hinum hálfmennska guði. Þór þarf að kljást við öfluga og næstum ósigrandi óvini – og um leið sjálfan sig og breyskleika sinn.

Friðrik Erlingsson sló eftirminnilega í gegn með margverðlaunaðri sögu sinni Benjamín dúfu. Bók hans Þór – Í heljargreipum hlaut frábærar viðtökur. Hér er menningararfur þjóðarinnar tekinn til kostanna, goðafræðin túlkuð á lifandi og spennandi hátt og matreidd fyrir lesendur á aldrinum 8-13 ára.

# Sögulegar staðreyndir í magnaðri skáldsögu

Skáldsaga Sigurjóns Magnússonar, Útlagar, hefur vakið mikið umtal og athygli enda er hér fjallað um viðkvæma tíma í sögu Íslands.

Margir telja sig sjá ákveðnar fyrirmyndir í bók Sigurjóns, Útlagar, en í henni segir frá ungum íslenskum sósíalistum sem halda til náms í Austur-Þýskalandi um miðjan sjötta áratuginn. Þar eystra bíður þeirra annar veruleiki en marga dreymir um. Einn þeirra dregst gegn vilja sínum inn í pólitískar væringar og verður ástfanginn af konu sem lífið hefur leikið grátt.




Lesendur eru á einu máli um að Útlagar sé veigamesta skáldsaga Sigurjóns Magnússonar.

Sigurjón lýsir lífinu austan járntjalds af miklu innsæi og er ljóst að hann hefur haft góða heimildarmenn þegar hann setti sig inn í aðstæður hinna ungu Íslendinga eystra. Bókin er vissulega byggð á sögulegum staðreyndum, en fyrirmyndir eru margar og atburðum fléttað saman eftir skáldskaparins reglum. Þá er bókin öðrum þræði Reykjavíkursaga þar sem hann lýsir lífinu í borginni á sjötta áratugnum.

Þetta er dramatísk skáldsaga um leit ungs fólks að ást og sjálfstæði, en dimmir skuggar hryllilegrar styrjaldar í Evrópu og hatrammra átaka á Íslandi voma yfir, sagan er áhugaverð og dramatísk og gamlir tímar lifna við á síðum bókarinnar.



Sigurjón Magnússon hefur á liðnum árum sent frá sér verk sem fengið hafa lofsamlega dóma.

Sigurjón Magnússon hefur á liðnum árum sent frá sér verk sem vakið hafa mikla athygli og fengið lofsamlega dóma. Þeir sem lesið hafa Útlaga eru á einu máli um að þetta sé veigamesta skáldsaga Sigurjóns.




## Frá Aristótelesi til Ásdísar Ránar

Nýja tilvitnanabókin eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur hefur að geyma á fimmta þúsund tilvitnanir víða að úr heiminum og frá umliðnum 3000 árum – frá Grikkjum fornaldar til stjarnanna í dægurheimi samtímans.

Tilvitnanirnar eru af ýmsum toga – úr ræðum og ritum, fagurbókmenntum og öðrum bókmenntum, íslenskum og erlendum. Þeim er raðað upp í aðgengilega efnisflokka sem auðveldar lesandanum að finna tilvitnun fyrir sérhvert tilefni.

Í snjallyrðunum er fólgin lífsspeki aldanna, jafnt sem kaldhæðni nútímans; í stuttri setningu er oft fólgin meiri viska, hvassari ádeila eða dýpri mannúð en í langri ræðu. Nýja tilvitnanabókin er handhægt uppflettirit sem gott er að grípa til við öll tækifæri.

## Hvað merkja draumar þínir?




Veröld hefur gefið út Nýju draumaráðningabókina eftir Símon Jón Jóhannsson. Í Nýju draumaráðningabókinni er að finna greinargóðar skýringar á um tvö þúsund draumtáknum sem raðað er upp í mismunandi efnisflokka.

Fjallað er um draumtákn úr ýmsum áttum, m.a. tengd húsum og híbýlum, líkamanum, hlutum í daglegu lífi, mat og drykk, mannanöfnum og kynlífi svo eitthvað sé nefnt. Þá er gerð grein fyrir ýmsum nútíma draumtáknum, meðal annars varðandi tölvur og tækni. Í inngangi hvers kafla er að finna leiðbeiningar um það hvernig lesandinn getur sjálfur lært að skilja mismunandi boð sem draumarnir færa honum.

Símon Jón Jóhannsson þjóðfræðingur hefur áður ritað ýmsar bækur um drauma og draumaráðningar. Nýja draumaráðningabókin er aðgengilegt uppflettirit, nútímaleg fróðleiksnáma fyrir unga sem aldna – nauðsynleg bók á hverju heimili!







## Tvær bráðskemmtilegar barnabækur!

Fyrst kom "Ojbara, varstu að freta Fróði?" sem sló eftirminnilega í gegn hjá íslenskum börnum.

Nú snýr Fróði aftur í jafnvel enn skemmtilegri bók eftir David Roberts. En mun hann nokkurn tíma geta látið af öllum sínum ósiðum? Hrikalega fyndin bók sem sópað hefur að sér fjölda verðlauna erlendis.

Má ég kíkja í bleyjuna þína? er bráðskemmtileg myndabók með flipum um hrikalega forvitna mús eftir Guido van Genechten. Músi verður að skoða allt sem hann sér, jafnvel bleyjur vina sinna. Hann kannar málið hjá Héra, Geitu, Voffa, Kusu, Fáki og Svínku. En þegar þau vilja líka fá að sjá hvað er í bleyjunni hans verða þau heldur en ekki hissa!

## „Lesendur geta ekki verið annað en ánægðir"




Í barnasögunni Spóa eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson segir frá íslenskum spóa sem finnst fínna að kalla sjálfan sig Filippus aðhætti erlendra stórhöfðingja og þykist öðrum spóum gáfaðri og menntaðri. Hannleggur upp í mikla reisu til að finna sér konuefni við hæfi og hefst þá kostuleg atburðarás!

Spói kom upphaflega út árið 1962 en hefur nú verið endurútgefinn í nýjum og glæsilegum búningi. Bókina prýða fallegar myndir af fuglum í náttúru Íslands eftir Jón Baldur Hlíðberg og henni fylgir geisladiskur með lestri Ólafíu Hrannar Jónsdóttur á sögunni.

Kolbrún Bergþórsdóttir spurði í Morgunblaðinu á dögunum: „Og hvernig hefur þessi gamli gimsteinn elst? Hann ljómar enn, takk fyrir!" svarar hún og bætir því við að ástæða sé til að fagna endurútgáfu bókarina, hrósar stíl Ólafs Jóhanns Sigurðssonar, myndum Jóns Baldurs og lestri Ólafíu Hrannar. „Lesendur geta ekki verið annað en ánægðir."

## Paddington í skemmtiferð




Söguhetjan Paddington bangsi er vinsæll meðal barna víða um heim. Ný og vönduð útgáfa. Sagan hefur ekki komið út á íslensku áður. Sígilt efni og skemmtilegt.

## Pottormarnir sleppa sér




Það gengur mikið á hjá pottormunum. Allt iðar af fjöri í máli og myndum. Frábærlega fyndin bók.
„Hlýleg, skemmtileg og full af krafti.“
The Children´s Bookseller

## Sjáðu svarta rassinn minn
**Íslenskar þjóðsögur og ævintýri**




Hér eru stúlkur í aðalhlutverki, röskar og ráðagóðar! Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir endursegir létt og lipurt og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir skreytir fallega og fjörlega. Vönduð bók fyrir börn á aldrinum 8-88 ára!

## Kátína




Hildur Þóra Ólafsdóttir, sextán ára menntaskólanemi, segir skemmtilega frá merfolaldinu Kátínu sem reynist gæðagripur.
Listakonan Josefina Margareta Morell málaði fínar myndir.
Frásögnin er á fjórum tungumálum: Íslensku, ensku, sænsku og þýsku.





„Börnum nútímans þykir Að járna rimbu áreiðanlega jafneinkennilegur leikur og sautjándu aldar fólki hefði þótt klappleikir dagsins í dag,“ segir Karl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tímamótaár hjá Æskunni

**Bækur frá Æskunni hafa fylgt þjóðinni í áttatíu ár því sú fyrsta kom út haustið 1930 og innihélt ljóð og sögur. Enn gefur Bókaútgáfan Æskan út áhugavert efni fyrir börn og fullorðna. Það er tímanna tákn að margar bókanna á þessu ári hafa konur samið og þýtt.**

„Við erum sérstaklega ánægð með að konur hafa samið og þýtt margar útgáfubókanna á þessu ári. Systurnar Brynhildur og Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdætur hafa endursagt og myndskreytt íslenskar þjóðsögur og ævintýri, Hildur Þóra Ólafsdóttir samdi sögu um merfolaldið Kátínu og Josefina Margareta Morell málaði myndir. Una Margrét Jónsdóttir er höfundur bókarinnar Allir í leik II – Leila Erludóttir þýddi bókina Leiktu við mig, eftir hina bandarísku Robin McClure, Sigrún Eiríksdóttir þýddi söguna Pottormarnir sleppa sér og Ásdís Guðnadóttir íslenskaði Paddington.“

Þetta segir Karl Helgason, framkvæmdastjóri Bókaútgáfunnar Æskunnar, og lýsir bókum ársins nánar. „Una Margrét segir frá söngvaleikjum barna í tveimur bókum og síðara bindið kemur út núna. Hún ræddi við fjölda fólks á ýmsum aldri og skaust til Færeyja, Grænlands og Bandaríkjanna auk þess að vafra víða á vefnum! Leikurinn lifir en börnum nútímans þykir Að járna rimbu áreiðanlega jafneinkennilegur leikur og sautjándu aldar fólki hefði þótt klappleikir dagsins í dag!“

Karl spáir því að foreldrar barna á fyrsta ári muni kunna vel að meta uppeldishandbókina Leiktu við mig! sem geymi snjallar hugmyndir. „Þýðandinn, Leila Erludóttir, er ánægð með framlag höfundarins sem er þriggja barna móðir og hefur unnið að uppeldis- og menntamálum í fjölda ára. Það er léttleiki og fjör sem einkennir þessa fínu bók,“ segir hann.

Margir fagna því áreiðanlega að bangsinn Paddington birtist á ný. Nokkrar bækur um ævintýri hans komu út hér á landi á árunum 1971 til 1987 en nýja bókin, Paddington í skemmtiferð, hefur ekki komið áður. Hún er með fallegum myndum eftir R.W. Alley.

Síðasta bókin sem Karl nefnir er 1001 gamansaga eftir Helga Seljan, fyrrverandi alþingismann. „Helgi er þekktur fyrir gamanvísur sínar og skemmtisögur sem hann hefur safnað. Hann sómir sér vel innan um kvennafansinn.“

# Þjóðsögur á nútímamáli



Brynhildur skrifaði og Þórey Mjallhvít málaði myndirnar í þjóðsagna- og ævintýrabókinni Sjáðu svarta rassinn minn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Frá því við vorum stelpur hefur uppáhaldssagan okkar verið af Signýju Karlsdóttur sem bjargaði Hlina kóngssyni úr skessuhöndum,“ segja systurnar Brynhildur og Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdætur, sem hafa endursagt og myndskreytt íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Þær fengu styrk frá Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna á Íslandi og bókin Sjáðu svarta rassinn minn sem Bókaútgáfan Æskan gefur út, er afraksturinn.

„Við fórum gegnum íslenska þjóðsagnaarfinn og fundum margar skemmtilegar sögur þar sem stelpur eru í aðalhlutverkum, lenda í ævintýrum og bjarga öðrum. Bókin okkar geymir fimm slíkar, fjórar íslenskar þjóðsögur og eitt ævintýri,“ segir Þórey Mjallhvít og getur nýrrar heimasíðu þeirra systra, fjoregg.is



Brynhildur skrifar sögurnar og Þórey Mjallhvít málar myndirnar. Þær segjast hafa sett sögurnar á nútímamál og jafnvel gert þær enn meira spennandi en áður. Má það? „Já, þetta eru munnmælasögur sem hafa lifað með þjóðinni í mörg hundruð ár og margoft breyst á þeim tíma. Svo voru þær skrásettar á 19. öldinni en það gerir þær ekki ósnertanlegar,“ útskýrir Brynhildur. „Aðrar þjóðir vinna með sinn þjóðsagnaarf. Disney-útgáfan af Grimmsævintýrum er róttækt dæmi um það. Við erum ekki að eyðileggja sögurnar eða færa yfir í nútímann. Við segjum þær bara eins og þær væru sagðar í dag og gerum þær aðgengilegar fyrir börn á 21. öldinni.“

# Fortíðin er framandi land

**Hallgrímur Pétursson var vel gefið barn en þó hvatvís. Hann var fátækur og oft illa til hafður enda móðurlaus. Þannig ímyndar Steinunn Jóhannesdóttir sér sálusorgara þjóðarinnar á uppvaxtarárum hans í Skagafirði, í nýrri bók sinni Heimanfylgja.**




**„Lítið er til af nákvæmum heimildum um líf Hallgríms sem barns en þó má ýmislegt lesa úr skáldskap hans á fullorðinsárum," segir Steinunn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Upphafleg ætlun Steinunnar Jóhannesdóttur um að skrifa heimildarskáldsögu um samband Guðríðar Símonardóttur og Hallgríms Péturssonar breyttist snarlega þegar hún dvaldi á Hólum í Hjaltadal og upplifði yfirþyrmandi og tilkomumikið landslagið. Þá ákvað hún að einbeita sér að því að leita heimilda um æsku Hallgríms í Skagafirði. „Þá varð fornleifauppgröftur sem farinn var í gang á staðnum mér mikill innblástur. Allt í einu opnaðist jörðin fyrir fótum manns og upp úr sverðinum reis fortíðin og sagan varð raunverulegri og ágengari," segir Steinunn, sem spann stóratburði í sögunni inn í uppvaxtarsögu Hallgríms, til að mynda hrun dómkirkjunnar á Hólum.

„Ég var einmitt að lesa söguna inn á blindrabókasafninu í dag og var kominn að kafla sem lýsir því hvernig Hallgrímur, tíu ára, verður vitni að því þegar gamla dómkirkjan á Hólum hrundi í ofsaveðri 15. nóvember 1624," segir Steinunn, sem vildi óska að hún gæti komið með hljóðeffekta inn í söguna á slíkum stundum. „Því það er svo erfitt að endurskapa óveður í orðum," segir Steinunn sem reyndi að lifa sig inn í öryggisleysið, óttann og hina hreinu skelfingu sem hlýtur að hafa ríkt meðan allt lék á reiðiskjálfi og hin mikla timburkirkja hrundi til jarðar. Hún setur sig í spor Hallgríms sem varð vitni að ósköpunum og því hvernig hann tók væntanlega þátt í rústabjörgun og að reisa nýja kirkju.

En hvaða aðrar heimildir hafði hún um líf Hallgríms á þessum fyrstu árum? „Lítið er til af nákvæmum heimildum um líf Hallgríms sem barns en þó má ýmislegt lesa úr skáldskap hans á fullorðinsárum. Til er þekkt kvæði þar sem hann vísar til Hóladvalar, hann nefnir bæði Hólabyrðu og Drangey, og maður finnur að hann er með þetta landslag með sér þegar hann er fullorðinn maður," segir hún en bendir á að persóna Hallgríms í sögunni sé að mestu leyti hennar skáldskapur. Þá liggur beinast við að spyrja hvernig barn Hallgrímur hafi verið? „Oh, ég held að hann hafi verið alveg hryllilegt krútt," svarar Steinunn hlæjandi. „Hann er vel gefið barn og þjóðsögurnar eigna honum nokkrar vísur. Hann er líka hvatvís og þegar hann er unglingur lendir hann upp á kant við sitt ættfólk og fyrirfólkið á Hólum og segja má að hann yrki sig út úr skóla," segir Steinunn en Hallgrímur stundaði þá nám í latínuskólanum á staðnum. „Ég tel að Hallgrímur hafi misst móður sína í kringum níu, tíu ára aldur og heimildirnar verka þannig á mann að hann hafi verið alinn upp af einstæðum föður, hugsanlega með brostna menntadrauma sem hafi reynt í gegnum barnið að láta þá drauma rætast. Því er það mikið áfall bæði fyrir Hallgrím og pabba hans þegar strákurinn hrekst úr skólanum fyrir að vera of níðskár," lýsir Steinunn en bók hennar lýkur þegar Hallgrímur heldur aleinn til útlanda á skipi. „Hann var illa klæddur fyrir sjóferðina, svona eins og flóttadrengurinn sem kom til landsins fyrir stuttu með Norrænu á gallabuxum og bol, en vel útbúinn andlega, og þess vegna lifir hann af þessa útlegð."




Meðan Steinunn skrifaði bókina varð henni stundum hugsað til bíómyndar sem hún sá fyrir löngu. „Þetta var bresk mynd sem gerist á herragarði og heitir The Go-Between. Hún fjallaði um ungan dreng sem þvældist inn í ástarævintýri fólks og fór með bréf á milli elskenda," segir Steinunn, sem sá Hallgrím fyrir sér í slíkum aðstæðum. Hann varð margs áskynja úr heimi fullorðinna strax á unga aldri. Steinunn fletti myndinni upp á netinu fyrir skömmu og komst að því að hún var gerð eftir skáldsögu eftir L.P. Hartley þar sem upphafssetningin er: Fortíðin er framandi land. „Mér fannst það eiga svo vel við. Ferðalagið mitt aftur í fortíðina var auðvitað eins og ferð til framandi lands og eftir langvarandi heimildarkönnun er ég að kynnast þessu Íslandi sautjándu aldarinnar."

# Einar Kára í essinu sínu

Rithöfundurinn Einar Kárason hefur sagt frá ótal skringilegum og skemmtilegum karakterum alveg síðan hann hóf höfundarferil sinn. Í hans nýjustu bók, Mér er skemmt, er þó komið að honum sjálfum. Í nokkrum gullvægum köflum segir hann sögur úr eigin lífi, dramatískar sögur af brogaðri skólagöngu sinni og félagsmálastússi á fullorðinsárum, gráthlægilegar sögur af afskiptum sínum af kvikmyndabransanum á Íslandi, dásamlegar sögur af „jólunum á Hrauninu" og misjafnlega þroskavænlegri sumarvinnu. Já og ekki má gleyma sögunum af köttunum hans fjórum. En þó er ekki allt talið. Einar Kárason á einnig hlut í annarri bók sem út kemur fyrir jólin. Hann skrifar texta í ljósmyndabók sem margir hafa beðið eftir. Bókin Poppkorn, sem kemur út í vikunni, geymir ótrúlega magnaðar myndir Sigurgeirs Sigurjónssonar ljósmyndara frá gullaldarárum rokksins hér á landi, myndir af listamönnum og skrýtnum skrúfum, framámönnum ýmsum og öðrum sem settu svip á bæinn. Stemningarnar sem Einar dregur upp í bókinni hjálpa síðan lesandanum að ferðast aftur til dýrðardaganna þegar allir trúðu á frjálsar ástir, hansahillurnar voru móðins og enn mátti auglýsa sígarettur.





**Einar Kárason segir sögur úr eigin lífi, dramatískar sögur af brogaðri skólagöngu sinni og félagsmálastússi á fullorðinsárum.**

## GÓÐAR Á NÁTTBORÐIÐ

● Bragi Ólafsson rithöfundur kemur á óvart með hverri nýrri bók enda er stíll hans og frásagnarháttur engu öðru líkur. Í sinni nýjustu bók, sem ber hinn langa titil **Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson**, er að finna kostulega lýsingu á brokkgengu lífi listamanna og ástandi þjóðar. Sagan greinir frá ferðalagi hinna hálfsjötugu vina, Arnar og Jóns, sem sigla til Englands til að sækja arf eftir föður Arnar, sjómann í Hull. Í farangri þeirra eru drög að kvikmyndahandriti. Bók þessi er óbeint framhald af Sendiherranum sem var valin besta skáldsagan árið 2006 af starfsfólki bókaverslana, tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.




● **Ljósa** er þriðja skáldsaga Kristínar Steinsdóttur fyrir fullorðna, hrífandi frásögn um gleði og sorgir einstakrar konu. Ljósa elst upp seint á nítjándu öld undir hvelfdum jökli með víðsýni yfir sjó og sanda. Hana dreymir um framtíð þar sem hamingjan ríkir og sólin skín. En veruleikinn ætlar henni annað; þrátt fyrir góð efni og ástríka fjölskyldu vofir yfir henni ógn sem gefur engin grið. Kristín Steinsdóttir hóf höfundarferil sinn þegar hún hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 1987. Hún hefur skrifað á þriðja tug bóka og hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar, meðal annars Norrænu barnabókaverðlaunin, Sögustein og Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna. Þá var skáldsagan Á eigin vegum tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.




● Það vakti töluverða athygli í vor þegar Guðbergur Bergsson gaf út nóvelluna **Missi** og gagnrýnendur voru á einu máli um að saga þessi væri tvímælalaust meðal hans allra bestu verka. Guðbergur kennir form bókarinnar við stuttsögu en þar sannast enn að gæði skáldverka hafa ekkert með þykkt þeirra að gera. Þessi nístandi fallega frásögn greinir frá fullorðnum manni sem misst hefur margt, fólkið sitt og tengslin sín við samfélagið. Hvert leitar hugurinn þegar komið er á leiðarenda og fátt er fram undan nema eilífðin sjálf? Sagan mun á næstu dögum koma út innbundin ásamt diski með upplestri höfundarins en útgáfa sú er í takmörkuðu upplagi, 1.000 eintökum sem eru árituð og tölusett af höfundi.



## Þrautageitungurinn
**Árni Árnason og Halldór Baldursson**




Nýr Geitungur!
Úrvalsefni – íslenskt!
Alls konar skemmtilegar þrautir. Fyrri Geitungar njóta mikilla vinsælda og hafa hlotið einróma lof – enda eftir virta höfunda. Áður hafa komið út Geitungurinn 1–4, Ferðageitungurinn og Talnageitungurinn. Geitungurinn 1 verður brátt prentaður í fjórtánda sinn.

## Óvættaför 5
**Hrímþursinn Nanúk**




**Adam Blade**
**Árni Árnason (þýddi)**
Fimmta bindið í spennandi flokki um verndarvætti í illum álögum. Pilturinn Tom og stúlkan Elenna takast á við ógurlegan hrímþurs. Fjöldi mynda.
Gott letur.
**Áður hafa komið út:**
Elddrekinn Fernó, Sæslangan Sepron, Bergrisinn Arkta og Kentárinn Tagus.
Hver bók er sjálfstæð saga.

## Iðnir krakkar
**Sigrún Eldjárn**




Hver skyldi vera galdurinn að baki fullbúnu íbúðarhúsi, fallegri bók eða nýbökuðu brauði? Í þessu og fleiru pæla systkinin Sigga Lára og Kári í bók þar sem fjölskrúðugur hópur iðnaðarmanna kemur við sögu, m.a. rafvirkinn Stína stuð og Rabbi hársnyrtir en einnig gullsmiðir, bakarar, bifvélavirkjar o.fl.
Fjörleg bók um iðna krakka, ríkulega myndskreytt af höfundi. Ætluð börnum í fyrstu bekkjum grunnskóla.

IÐNÚ
BÓKAÚTGÁFA



Í Bókaverslun Iðnú, Brautarholti 8 í Reykjavík, eru bækur útgáfunnar seldar auk annarra bóka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óvættaför og Þrautageitungur

**Bókaútgáfan Iðnú hefur keypt af Æskunni útgáfuréttinn að tveimur vinsælum bókaflokkum, Þrautageitungnum og Óvættaför.**

Geitungurinn er bókaflokkur, saminn af Árna Árnasyni kennara með teikningum eftir Halldór Baldursson teiknara, sem hefur notið mikilla vinsælda hjá ungum lesendum undanfarin ár og hafa bækurnar verið gefnar út hvað eftir annað. Bækurnar eru ætlaðar ungum börnum sem hafa áhuga á að læra að lesa og reikna. Nú er komin út Þrautageitungurinn sem er sjöunda bókin í flokknum og eins og áður inniheldur hún ýmsar þrautir og skemmtilegar upplýsingar sem tengjast stærðfræði og lestri og hefur að markmiði að gera námið sem skemmtilegast og auka áhuga nemendanna á þeim námsgreinum. Til marks um vinsældir bókaflokksins má geta þess að fyrsta bókin í flokknum hefur nú verið prentuð fjórtán sinnum.




Bókaflokkurinn Óvættaför er eftir Adam Blade og hefur Árni Árnason þýtt allar bækurnar.

Nýja bókin, sem kemur út hjá Iðnú, heitir Hrímþursinn Nanúk og þar segir af baráttu söguhetjunnar Toms við forna verndarvætti sem illviljaður töframaður hefur lagt ill álög á og ógna nú Avantíu. Tom verður að berjast við þessa verndarvætti sem hafa snarsnúist og herja nú á landið. Þetta eru stórvaxnar verur og illvígar og Tom er falið að ráða niðurlögum þeirra vegna frásagna í fornum handritum af hetju sem muni takast ferð á hendur til að frelsa óvætti undan álögum. Með honum í för er gæðingurinn Stormur og strax í fyrstu bókinni hittir hann stúlkuna Elenu sem á úlfinn Silfra og þau skipta ekki minna máli en Tom í bókaflokknum. Tom hefur tekist á við fjóra óvætti í fyrri bókunum og nú er komið að þeim fimmta, Hrímþursinum Nanúk.

# Vekja áhuga krakka á iðngreinum

Iðnir krakkar eftir Sigrúnu Eldjárn er komin út hjá bókaútgáfunni Iðnú. Að sögn Erlings R. Erlingssonar, framkvæmdastjóra Iðnú, kom hugmyndin fram í samstarfi við Samtök iðnaðarins með það að markmiði að vekja áhuga krakka í þriðja og fjórða bekk grunnskóla á störfum iðnaðarmanna.




„Þróunin hefur verið sú að langflestir fara í bóknám, hvort sem þjóðfélagið hefur þörf fyrir það eða ekki," segir Erling, „og okkur fannst tímabært að vekja áhuga krakkanna á iðngreinum."

„Svo við fengum Sigrúnu Eldjárn til liðs við okkur og hún bæði skrifaði textann og myndskreytti bókina. Sagan fjallar um systkini sem eru að flytja í nýtt hús og eru orðin dálítið óþreyjufull. Þau fara að skoða húsið og þar hitta þau alls konar iðnaðarmenn, bæði konur og karla, sem eru að vinna við bygginguna hússins, og fræðast um mismunandi störf þeirra. Svo fara systkinin í bæinn og hitta rakara, bakara, prentara og fleiri. Þannig að það er svona verið að beina athyglinni að hinum ýmsu iðngreinum," segir Erling.



„Okkur fannst tímabært að vekja áhuga krakkanna á iðngreinum," segir Erling R. Erlingsson, framkvæmdastjóri Iðnú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bókin er þegar komin út og hluti af upplaginu var gefinn til grunnskólanna en nú verður bókin fáan-

# Frelsa Þóru frá sögubókunum

**Nýlega kom út bókin Þóra Biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar eftir Sigrúnu Pálsdóttur.**



„Þetta er sagnfræði fyrir ungar stúlkur á öllum aldri og karlmenn sem hafa áhuga á konum," segir Sigrún Pálsdóttir um bók sína Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**AÐ FINNA MANN**

*Um hvað fjallar bókin?*

Bókin fjallar um Þóru Pétursdóttur, sem oftast hefur verið kennd við tvo karlmenn, föður sinn Pétur Pétursson biskup yfir Íslandi og eiginmann sinn Þorvald Thoroddsen jarðfræðing. Bókin byggir á miklu magni heimilda og snertir ótal þætti í sögu okkar, en þegar maður býr til bók sem fólk á að nenna lesa er nauðsynlegt að spinna einn þráð sterkastan, skrifa hnitmiðaða sögu sem lýtur eigin lögmálum með skýru upphafi og enda, en endurspeglar ekki endilega allar þær heimildir sem varðveittar eru. Ég var líka sannfærð um að þannig kæmist ég nær sögupersónu eins og Þóru frekar en með því að bregða upp breiðtjaldi þótt sú aðferð hafi sína augljósu kosti líka. Sá þráður sem ég valdi var leit Þóru að maka. Þetta var stór tilvistarspurning á 19. öld því framboð mannsefna af borgarastétt var minna en eftirspurn. Bréf Þóru leiða þessa angist líka vel í ljós því það sem brennur á Þóru fram til fertugs er karlmenn. Og þó bókin beri undirtitilinn „raunir íslenskrar embættismannastéttar" vísar það í raun ekki til annars en að Þóra var af embættismannastétt og má að sjálfsögðu ekki taka sem fyrirheit um sögu íslenskrar embættismannastéttar. Þetta er umfram allt retórískur titill og svolítið írónískur líka þótt bókin sé skrifuð af hlýju og virðingu fyrir sögupersónunni. Hvað annað?

**ÚRELD SÖGUSÝN OG BAUTASTEINATAL**

*Hvernig er bókin hugsuð?*

Í upphafi var ég staðráðin í að frelsa Þóru frá sögubókunum. Þegar byrjað var að skrifa konur inn í sögubækur á áttunda áratugnum var það gert á forsendum hinnar karllægu sögu því þær voru annað hvort kynntar til sögunnar sem undirmálshópur eða frumkvöðlar. Þær komu fram sem viðhengi samfélagsþróunar en ekki á eigin forsendum. Áherslan var á réttindi og vinnu kvenna, áhugamál, félagsstörf og viðhorf þeirra til menntunar. Út frá þessari sögusýn ætti saga Þóru að fjalla fyrst og fremst um myndlist hennar og kennslu, hannyrðaáhuga, aðkomu hennar að stofnun Thorvaldsensfélagsins, biskupinn föður hennar og svo auðvitað eiginmanninn, Þorvald Thoroddsen. En hversu sönn væri sú saga? Þóra hafði ekki hæfileika á sviði myndlistar, hannyrðaáhugi hennar skapar henni ekki neina sérstöðu í sögunni og þátttaka hennar í félagsstarfsemi gerir hana aðeins dæmigerða konu af borgarastétt þess tíma. Það hefði með öðrum orðum verið fræðileg sóun að skrifa sögu Þóru á forsendum líknarfélaga og frægra karla, að nota allar þessar einstöku heimildir til að fylla upp í þá mynd sem fyrir var þegar bréfin og dagbækurnar voru efniviður í alveg nýja mynd. Það er ekki oft sem sagnfræðingum gefst tækifæri til þess, enda eru hugmyndir manna um ævisagnaformið nokkuð íhaldssamar hér á landi. Mörgum virðist erfitt að skilja þá staðreynd að þeir sem skrifa bækur „skrifa söguna", og að sagnfræðingar eru ekki handverksmenn í þjónustu þess sem er liðið. Menn verða að hætta þessu bautasteinatali um að hinir og þessir þekktir einstaklingar í sögunni eigi ákveðnar bækur skilið, því þannig sögusýn mun aldrei leiða okkur að nýjum sannindum og ekki heldur gera okkur kleift að koma leyndardómum fortíðar til yngri kynslóða.




**SKOP AÐ TUNGUMÁLI OG LÍKAMSVEXTI; MARGRÖDDUN TEXTANS**

*Og hver eru þá hin nýju sannindi?*

Einstakur hæfileiki Þóru sem bréfritara. Tungumál og tjáning hennar sem sjónarhorn á samfélagsþróun, hversdagslíf og hugsunarhátt íslenskrar borgarastéttar. Nákvæmar lýsingar hennar á atburðum og aðstæðum, sviðssetningar, samtöl fólks með beinum ræðum, skop hennar að tungumálinu og eigin líkamsvexti og annarra, skrásetning hennar á fylliríisröfli á grímudansleik í Kaupmannahöfn og svo framvegis. Allir þessir eiginleikar heimildanna tengjast margröddun textans og í samhengi íslenskrar sögu hafa þeir mikla þýðingu þar sem við eigum nánast engar skáldsögur frá þessum tíma.

**HIN HLJÓÐLAUSA OG FROSNA 19. ÖLD**

*En fyrir hvern er bókin skrifuð?*

Þetta er sagnfræði fyrir ungar stúlkur á öllum aldri og karlmenn sem hafa áhuga á konum. Áherslan á tungumál bréfanna endurspeglar nefnilega ekki bara fræðilega afstöðu heldur líka það markmið mitt að færa söguna nær almenna lesanda. Ég hef látið mér detta í hug hvort hispurslaus framsetning Þóru, og að nokkru leyti Elínborgar systur hennar, sé til merkis um að þær hafi skrifað fyrst, og hugsað svo, og að bréfin endurspegli ef til vill talmál þeirra. Þessi eiginleiki ásamt sviðssetningum þeirra systra gera að verkum að stundum finnst manni sem maður nemi hljóð og hreyfingu í heimildunum, sem mér finnst fullkomlega heillandi því tæknilega séð má segja að nítjánda öldin sé hljóðlaus og frosin.

# Leiðarvísir um (næstum) allt

Hefur þú velt því fyrir þér hvernig best er að faðma broddgölt? Eða kanntu ekki að festa tölu? Bókin Svona á að… er bókin með svörin fyrir nútímafólk sem ekki hefur náð að tileinka sér allar kúnstir heimsins. Bókin geymir myndskreyttar leiðbeiningar um 500 hluti sem gott er að kunna (og 8 í viðbót sem engum heilvita manni dytti í hug að prófa). Hvað skal gera við drukkinn brúðkaupsgest? Hvernig er best að stíga út úr bíl í minípilsi? Hvað þýða morstáknin? Hvernig bindur maður þverslaufu? Fjölbreytnin er mikil og bók af þessu tagi er kjörin til að koma samræðum af stað. Sérstök athygli skal vakin á kaflanum um klæðaburð og snið – þar ættu smekkvísir að finna fjölda góðra ráða til að líta enn betur út!

Höfundar bókarinnar eru þekktir fyrir smekkvísi sína og sjálfsbjargarviðleitni en parið Derek Fagerstrom og Lauren Smith hefur komið víða við í útgáfuheiminum. Bók þeirra hefur vakið heimsathygli og hefur verið fjallað um hana í fjölda hönnunartímarita.




## ÆVINTÝRI FYRIR UNGA FÓLKIÐ




● **Forngripasafnið** er fyrsta bókin í nýjum þríleik eftir Sigrúnu Eldjárn, ríkulega myndskreytt og spennandi saga fyrir krakka á aldrinum 8-12 ára. Rúnar er nýfluttur í lítið þorp úti á landi þar sem pabbi hans hefur ráðið sig sem safnstjóra. Draslið á safninu blasir við öllum en fleira er þar á kreiki sem minna fer fyrir. Rúnar kynnist Möggu og Lilla í næsta húsi en líka Gunnhildi – hvort sem hún er nú raunveruleg stelpa eða ekki – og saman lenda þau í ævintýri.




● **Töframaðurinn** er framhald Gullgerðarmannsins, önnur bókin af sex í bókaflokki Michaels Scott um hinn ódauðlega Nicolas Flamel sem farið hefur sigurför um heiminn. Eftir æsispennandi flótta frá Bandaríkjunum lenda tvíburarnir Sophie og Josh í heimaborg gullgerðarmannsins, París. Þar búa ótal ódauðlegir menn og aðrar myrkraverur og erfitt að vita hverjum er hægt að treysta. Kraftar Sophie hafa verið leystir úr læðingi og nú er kominn tími til að hún læri galdra eldsins. Besti kennarinn í þeim fræðum er gamall nemandi Flamels, Saint-Germain greifi. En þau mega engan tíma missa!




● **Þokan,** nýjasta bók verðlaunahöfundarins Þorgríms Þráinssonar, er dulræn og spennandi unglingasaga og sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Núll núll 9. Það eru liðnir þrír mánuðir frá því að Jóel bjargaði sér hetjulega úr klóm erlendra glæpamanna og hann er orðinn leiður á sífelldum spurningum fjölmiðlafólks um afrek hans. Hann vill bara vera í friði og hlakkar til að slaka á með vinum sínum á Snæfellsnesi heila helgi. En helgin verður ekki eins og Jóel sá fyrir sér. Hvað er eiginlega á seyði í norsku húsunum á Hellnum?




● Út er komin ný bók um hinn dáða og marglesna Artemis Fowl og í nýju bókinni, **Atlantisduldin**, er hann staddur á Vatnajökli. Já, á Íslandi. Þangað hefur hann boðað útvalinn hóp af hulduverum til að sýna þeim nýja uppfinningu sína sem á að bjarga heiminum frá gróðurhúsaáhrifunum. En hann er eitthvað ólíkur sjálfum sér. Eitthvað hræðilegt hefur gerst … Artemis Fowl er orðinn góður. Hulduverurnar átta sig á því að hann er haldinn Atlantisduld – galdrakukl hans hefur ruglað hann í ríminu og nú er sannarlega háski á ferðum.



Michael Caine fer yfir ferilinn í nýju sjálfsævisögunni The Elephant to Hollywood.

**● ÆVISAGA MICHAELS CAINE** Breski leikarinn Michael Caine hefur skrifað ævisögu sína og kom bókin, The Elephant to Hollywood, út um mánaðamótin september/október. Þar lýsir Caine ævi sinni, allt frá barnæskunni í fátækrahverfinu Elephant & Castle í London til sigranna í Hollywood.

Maurice Micklewhite, eins og Caine heitir í raun og veru, lítur yfir líf sitt og ferilinn sem spannar fimm áratugi og hefur aflað honum Óskarsverðlauna í tvígang, riddaratign og stöðu goðsagnar í Hollywood. Hann talar um kvikmyndirnar sem hann hefur leikið í, stjörnurnar sem hann hefur leikið með og það sem gerist bak við tjöldin í draumaborginni Hollywood, þar sem hann hefur búið síðustu áratugina þótt hann haldi því fram að hjarta hans tilheyri og muni alltaf tilheyra Englandi.

Það er útgáfufyrirtækið Hodder & Stoughton Ltd. sem gefur bókina út.

**● ÁTJÁNDA BÓKIN UM KAY SCARPETTA** Glæpasagnadrottningin Patricia Cornwell hefur sent frá sér nýja sögu þar sem réttarmeinafræðingurinn Kay Scarpetta er í aðalhlutverki. Bókin nefnist Port Mortuary og dregur nafn sitt af líkhúsinu í Dover Port þar sem Scarpetta leggur stund á „sýndarkrufningar“, nýja aðferð við krufningar sem talið er að muni valda byltingu í réttarmeinafræði.

Ekki líður á löngu þar til ungur maður finnst látinn skammt frá heimili hennar og við rannsókn kemur í ljós að hann muni hafa verið á lífi þegar hann var fluttur í líkhúsið og settur í kæli. Scarpetta notar nýju tæknina til að finna innri áverka og er innan tíðar komin í æsilegan eltingaleik við slægari og grimmari morðingja en nokkru sinni fyrr.

Bækur Cornwell hafa notið mikilla vinsælda um heim allan undanfarinn áratug og nokkrar þeirra fást í íslenskri þýðingu Atla Magnússonar.

*- fsb*



Patricia Cornwell

**● BARNABÓK OBAMA** Of Thee I Sing: A Letter to my Daughters, ný barnabók eftir Barack Obama Bandaríkjaforseta, kom í verslanir vestanhafs í vikunni. Bókin er prentuð í hálfri milljón eintaka og í tilkynningu útgefandans, Random House, segir að dætur forsetans, Sasha og Malia, hafi orðið honum hvatning til að skrifa bókina.



Bókinni er lýst sem „óði til þrettán frumkvöðla í bandarísku samfélagi og þeirra hugsjóna sem skapað hafi þjóðina – frá myndlist Georgiu O'Keefe til hugrekkis Jackie Robinson og föðurlandsástar George Washington“.

Handritið var tilbúið til útgáfu áður en Obama tók við embætti árið 2009, að því er segir í tilkynningu útgefanda.

**● HITLER BRENNDI 100 MILLJÓNIR BÓKA** Bókabrennur hafa verið stundaðar í gegnum söguna. Einna þekktustu bókabrennur heims fóru fram í seinni heimsstyrjöldinni í Þýskalandi, í valdatíð Adolfs Hitler. Hitler lét brenna um hundrað milljón bækur, eða eyðileggja á annan hátt, á tólf ára valdatíð sinni. Á eldinn var til dæmis kastað verkum Heinrichs Heine, þýsks skálds frá upphafi 19. aldarinnar. Árið 2006 brenndu kristilegir demókratar bók Dans Brown, Da Vinci Code, en þeir sögðu bókina árás á kristna trú.



Kristilegir demókratar á Ítalíu brenna Da Vinci lykilinn eftir Dan Brown árið 2006.







# GRÆNI JAKKINN

## GOLFSKÓLI BIRGIS LEIFS OG YFIR 30 GOLFMÓT Á STÖÐ 2 SPORT

Þú sérð besta golf í heimi á Stöð 2 Sport. Meira en 30 golfmót á ári með fremstu kylfingum veraldar. Og nú bætist Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar við, ný íslensk þáttaröð. Misstu ekki af golfinu í vetur. Tryggðu þér áskrift!

**THE GOLF CHANNEL**

EIN FLOTTASTA SJÓNVARPSSTÖÐ SINNAR TEGUNDAR Í HEIMINUM FYLGIR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT.

**Children Miracle Network Classic**

**ADT Skills Challenge**
Skemmtilegt golfmót þar sem kylfingar keppa m.a. í púttum, lengd upphafshögga og stutta spilinu.

**Chevron World Challenge**
Tiger Woods býður 18 bestu kylfingum heims að mæta til leiks.

**PGA tour Qualifying tournament**
Efnilegustu kylfingarnir leggja allt undir til að vinna sér þátttökurétt á PGA mótaröðinni.

**The Shark Shootout**

**Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar**
Ný íslensk þáttaröð um allt sem kylfingar þurfa að vita um upphafshöggin, stutta spilið, púttin, mataræðið, trixin, reglurnar og fleira.

**Augusta Masters**
Fyrsta stórmót sumarsins þar sem keppst er um að fá að klæðast græna jakkanum eftirsótta.

**US PGA Championship**
Eitt af risamótunum fjórum í PGA mótaröðinni.

**Konunglegi bikarinn í golfi**
Magnað golfmót í anda Ryder Cup þar sem úrvalslið Evrópu mætir fremstu kylfingum Asíu.

**Asia One**
Frábær 10 móta mótaröð þar sem kylfingar eins og Adam Scott, Fred Couples, Stuart Appleby, Geoff Ogily, Greg Norman o.fl. fara á kostum.

**PGA Europro tour**
Stærsta og flottasta mótaröðin sem er sérhönnuð fyrir unga og jafnframt efnilegustu atvinnukylfinga heims. 17 mót.

**Nedbank Golf Challange**
Meðal keppenda eru Ernie Els, Goosen, Justin Rose, Lee Westwood, Miguel Angel Jimenez, Padraig Harrington og fleiri.

Fíton/SÍA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT | 2 SPORT+ | 2 SPORT 3 | 2 SPORT 4 | 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilahollin.is



Honda C-RV 2.0 Elegance 4WD 10/2007 ek.47þús. dráttarkrókur og m/ fleira topp bíll ásett verð 3.590.000.- ath. skipti ód.



VW Touareg R5 TDi Diesel 7/2007 ek.70þús. mjög vel útbúinn ásett verð 6.190.000.- algjör gullmoli.



Suzuki Swift GL 5/2007 ek.57þús. algjör sparibaukur ásett verð 1.490.000.-



Subaru Impreza LX stw. 4x4 8/1999 ek. 155þús. ásett verð 490.000.- einn ódýr og góður.



VORTEX heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar í Bílaryðvörn síma 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

BÍLALIND.is S. 580-8900



VW POLO COMFORTLINE. 08/2000, ekinn 140 þ.km, SJÁLFSKIPTUR Verð 640.000. #320439 Bíllinn er á staðnum þegar þetta er ritað a.m.k!



MMC PAJERO SPORT GLS 3000. 05/2004, ekinn 93 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. #320405 Bíllinn er á staðnum, klár fyrir hvern sem er!



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX DIESEL. Árgerð 2001, ekinn 200 þ.km, DIESEL, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 3.440.000. #.320416 Bíllinn er á staðnum, klár fyrir þig!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

HARLEY-DAVIDSON MOTOR COMPANY

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



ARCTIC CAT F 1000. Árg. 2007, ekinn 2 þ.km, Tvígengis, Verð 1.100. þús. Skipti á bíl mögulegt. Rnr.129343 Óskum eftir fleiri sleðum á skrá og á staðinn.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

bifreiðasalan



**SÖLULAUN FRÁ AÐEINS 17.500KR**
VILTU SELJA BÍLINN ÞINN FYRIR LÍTIL SÖLULAUN FYRIR AÐEINS 17500KR EF BÍLLINN KOSTAR UNDIR 1MILLJÓN Á DÝRARI BÍLUM ERUM VIÐ LÍKA MEÐ BESTA VERÐIÐ ÞÚ ÞARFT AÐEINS AÐ SKRÁ BÍLINN Á BIFREIDASALAN. IS OG SENDA MYNDIR AF BÍLNUM Á BIFREDASALAN@BIFREIDASALAN.IS MIKIL EFTIRSPURN AF BÍLUM UNDIR MILLJÓN

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

100bílar.is bílasala



Mazda 3 S/D T PLUS, árg. 9/2006, ek.65þús.km, sjálfskiptur, hiti í sætum, cd, loftkæling, omfl, Flottur bíll, Ásett verð 1990þús.kr, bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**


**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


**Breiðan ehf**
**821-6292**



Hyundai H1 árg.'02, diesel, 7 manna, ek. 130þús.km., nýleg tímareim, dráttarkúla, nagladekk, aukadekk, sk.'11, 100% lánað, verð kr. 1.590.000,- 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu





Tveir lappar til sölu. Báðir innréttaðir sem húsbílar og með vökvastýri. Uppl. í s. 892 3793.



Toyota Avensis árg. ,99. 1600 vél. Ek. 210 þ. Beinsk. Nýsk. Ný tímareim. Cd. Álf. V. 390 þ. S. 773 5421.

## 0-250 þús.



**!!! Sjálfskiptur !!!**
Hyundai Accent árg ,97, sjálfskiptur, 4 dyra, ekinn aðeins 135 þús , bíllinn er ný skoðaður og í fínu standi, eyðir mjög litlu og góður í snattið, Tilboðsverð aðeins 230þús, uppl í s:659-9696

## 250-499 þús.



**Tilboð 250þús**
Lancer 4X4 1600 station, sk. 2011 ný kúpling, ný tímareim. ek. 225þús. Verð 250þús. Uppl. s. 659 3459.



**Góður jeppi á 330 þús!**
Jeep Grand Cherokee 4x4 5,2 V8 árg'96 ek.180 þús,leður rafmagn í sætum ofl góður vagn! ásett verð 500 þús TILBOÐ 330 ÞÚS! þús! s.841 895



**Suzuki jimny, ný skoðaður!!**
Suzuki jimny árg ,00, 4x4, hátt og lágt drif, beinskiptur, ný skoðaður bíll í fínu standi, verð 400þús, uppl í s: 659-9696

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374 .

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar, svona ca. 20-200 þús. sími 896 6744.

Óska eftir nýlegum Toyotu Corollu, Yaris eða Auris í skiptum fyrir Götuskráð fjórhjól árg. ,08 v. 550.000 og stgr. á milli s. 861 2736.

Nissan bílar, Micra, Almera og Primera og fleira óskast til niðurrifs og uppgerðar. Sæki út á land. Uppl. í s. 893 5517.

## Jeppar



**390.þ stgr.**
Til sölu Nissan Primera árg 07/2000 beinskiptur ek. 178.þ smurbók tímakeðja ný skoðaður ,11 í topp standi sumar og vetrardekk ásett verð 490.þ fæst á 390.þ stgr. Uppl 858.0300.

## Pallbílar



Ford F350 árg ,03. Ek. 61 Þ.km. Tvöf. aftan. Sérsmíðaður galv. pallur. 270x235cm. Mjög góður bíll! Verð 2,5 millj. Uppl. í s. 864 3000.

## Vinnuvélar



BRAVISOL INNILYFTURNAR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. DAGLEGA AÐEINS KR. 4900.+vsk DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bílaþjónusta

**Öll almenn bílaþjónusta**
Umfelgun og dekkjasala 1250kr. per dekk, get umfelgað á kvöldin og um helgar ekkert aukagjald. Er einnig með almenna viðgerðaþjónustu, járnsmíði og bílavörur til sölu. Uppl. s. 853 3340.

## Hjólbarðar

Dekk og felgur í ýmsa bíla. Upplýsingar í síma 896 8568.

## Varahlutir

**ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR**
Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!
Afhending á sérpöntunum frá USA tekur 4-7 vinnudaga. Hraðþjónusta líka í boði.
Getum útvegað hluti í m.a.:
- Toyota
- BMW
- Mitsubishi
- Nissan
- GMC
- Dodge
- Chevrolet
- Pontiac
- Ford
- Dodge
- Chrysler
- Jeep
- Cadillac
- Mercedes

Bílabúð Benna
Stofnuð 1975
www.benni.is
**590 2000**

NET-PARTAR
PARTASALA – NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**www.partaland.is - 567 4100**
Notaðir varahlutir í Mitsubishi bíla, PARTALAND, Stórhöfða 18, Rvk.

## Þjónusta

**Lucars**
**DEKKJASKIPTI FRÁ 5000KR**
Ef þú kaupir ný dekk – þá færðu skiptin FRÍTT
Við bjóðum upp á allsherjar þjónustu fyrir bílinn þinn.
**Lucars – Strandgata 90 – hafnarfjörður**
**773 6798 og 774 2424**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

**Verkfæri**
Sem ný Mic Mac suðuvél + kerra og suðu hjálmur. Gas suðu sett og kerra fyrir litla kúta + slöngur og mælar. Gólftjakkur 2,5 tonn. V. 170 þús. S. 568 1075 & 899 1075.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Vilt þú grennast eða bara halda góðri heilsu með LR. Míla sími 483 1808,692 6756 milahalli@simnet.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole bode massage 841 8529.

## Námskeið




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Labradorhvolpar**
Hrfí. draumheimaræktun ótrúlega fallegir og blíðir, tilbúnir til afhendingar. Sími 695 9597/482 4010.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Par með hund óskar eftir ódýrri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. S:650-3228 Kristjana

Óska eftir 3 herb. á höfuðborgas. Er 27 ára með 1 barn og 1 hund. 8487040.

## Húsnæði til sölu



Til sölu tvö samliggjandi endabil í geymsluhúsnæði að Móhellu 4 í Hafnarfirði, 26,3 m2 hvort. VSK kvöð. Afgirt og vaktað svæði. Verð kr. 7.800.000 - Ekkert áhvílandi. Sími 588 7050.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

**HEIMAKYNNINGAR**
Vantar þig pening og frjálsan vinnutíma? Okkur vantar gott fólk til að starfa við heimakynningar á kvöldin og um helgar. Góð töluð íslenska algjört skilyrði. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar í síma 517-8000 eða á golfefnaval@golfefnaval.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Ný upptaka! Falleg kona og mjög örvuð, nýsnyrt og nýkomin úr baði, leikur sér af mikilli nautn. Hámarkið er magnað. Þú heyrir þessa nýjustu upptöku og ríflega 500 aðrar hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8862.

Konur í ævintýraleit! Rauða Torgið Stefnumót kemur þér í samband við rétta karlmanninn. Þú auglýsir frítt í s. 555-4321 og auglýsingin birtist samstundis.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8780.

53 ára kona myndarkleg kona með fjölmörg áhugamál vill kynnast góðum manni, 47-58. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8173.

Flottasta myndin - samkeppni Ljósmyndasamkeppni hefur hafist á kanínunni og eru verðlaun á bilinu kr. 50.000 - 200.000 í boði fyrir stigahæstu ljósmyndina í hverjum flokk. Þátttaka í keppninni er ókeypis en skoðun mynda í keppnisalbúmum + einkunnagjöf er bundin áskrift. PurpleRabbit.eu.

Ókeypis einkaspjall Einkaspjallið er frítt hjá öllum notendum kanínunnar. Textaspjall + „full screen" vídeóspjall m/hljóði (hugbúnaður frá Flashcoms.com). Samskiptin eru heit á PurpleRabbit.eu.

**Spennandi vídeó íslenskra kvenna óskast**
Samskiptavefurinn PurpleRabbit.eu vill kaupa spennandi myndskeið huggulegra íslenzkra kvenna til birtingar á vef sínum. Allar nánari upplýsingar á PurpleRabbit.eu.

## Atvinna

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

**STARF VIÐ VEF- OG UPPLÝSINGAMÁL**

Hjá iðnaðarráðuneytinu er laust til umsóknar tímabundið starf við vef- og upplýsingamál. Ráðuneytið fer með forræði á málum er varða nýsköpun- og þróun, iðnaðarmál, byggðamál, orkumál og ferðamál. Leitað er að metnaðarfullum starfsmanni með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Starfið felur í sér þátttöku við mótun og skipulagningu verkferla við ytri og innri upplýsingamiðlun ráðuneytisins, vinnslu og miðlun frétta og upplýsinga til birtingar á vef og í skýrsluformi. Jafnframt felst starfið í þátttöku í einstökum átaks- og stefnumótunarverkefnum ráðuneytisins og stofnana þess.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af fjölmiðlum eða upplýsingar- og kynningarmálum.

**Starfið krefst:**
- Sjálfstæðis í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Ritfærni og góðrar tölvukunnáttu.
- Færni í notkun samfélagsmiðla.
- Lipurðar og færni í mannlegum samskiptum.
- Góðrar íslensku- og enskukunnáttu.

Um er að ræða fullt starf sem þó er tímabundið til 1. júlí 2011. Launakjör verða samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@idn.stjr.is eigi síðar en 25. nóvember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

## Atvinna

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

**LÖGFRÆÐINGUR**

Hjá iðnaðarráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings. Ráðuneytið fer með forræði á málum er varða nýsköpun- og þróun, iðnaðarmál, byggðamál, orkumál og ferðamál.

Leitað er að metnaðarfullum lögfræðingi með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni. Um er að ræða fjölbreytt starf sem m.a. felur í sér erlent samstarf og verkefni sem tengjast innleiðingu gerða er heyra undir EES samninginn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.

**Starfið krefst:**
- Færni og lipurðar í mannlegum samskiptum.
- Góðrar íslensku- og enskukunnáttu og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og skipulagshæfni.

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.
Nánari upplýsingar veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@idn.stjr.is eigi síðar en 1. desember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




**ZO-ON**

Fjöldi starfsmanna: 14
Ísland: 12
Finnland: 2
Framleiðsla: Kína, Indland (og Portúgal, Pakistan)
Föt ZO-ON eru seld: á Íslandi, í Noregi og Þýskalandi.

**NIKITA**

Fjöldi starfsmanna: 34
Ísland: 16
Þýskaland: 16
Frakkland: 2
Framleiðsla: Kína, Taívan, Víetnam, Túnis og Argentína
Föt Nikita eru seld: á Íslandi, í Andorra, Ástralíu, Austurríki, Belgíu, Kanada, Króatíu, Tékklandi, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Japan, Lettlandi, Lúxemborg, Hollandi, Nýja-Sjálandi, Noregi, Póllandi, Portúgal, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum.

**CINTAMANI**

Fjöldi starfsmanna: 30
Ísland: 28
Þýskaland: 2
Framleiðsla: Litháen, Kína.
Föt Cintamani eru seld: á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Færeyjum, Grænlandi, Kanada, Þýskalandi, Austurríki og Sviss.







# inna víða um heim

þurfi rétt að málunum eigi vöxtur utan landsteinanna að geta gengið eftir. „Það eru 15 ár síðan við byrjuðum á þessu," segir hann og telur að fyrst þurfi fyrirtæki að ná að verða „spámenn í eigin heimalandi" áður en ráðist verði í útrásina. „En það er ekki spurning að í þessu er fullt af tækifærum."

**ULLARFRAMLEIÐSLAN VATT UPP Á SIG**

Icewear hefur ekki svarað fyrirspurnum blaðsins um framleiðslu sína eða fjölda starfsmanna. Því liggja ekki fyrir upplýsingar um hvar í heiminum fatnaður fyrirtækisins er framleiddur. Leiða má þó að því líkur að það sé í Eystrasaltsríkjunum, þar sem dótturfyrirtæki Icewear sem annast dreifingu á fatnaði á sölustaði í Evrópu hefur aðsetur í Litháen. Þá hefur fyrirtækið áður látið framleiða fyrir sig í Lettlandi, eins og fram kom í Bændablaðinu um miðjan september 2003 þegar Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex, kvartaði undan innflutningi á ullarteppum frá Lettlandi sem seld voru undir merkjum Icewear. Vildi hann meina að um ódýrar eftirlíkingar á teppum úr íslenskri gæðaull væri að ræða.

Allnokkrar upplýsingar um starfsemi Icewear er þó að finna á vef fyrirtækisins, í ársreikningi og fyrri skrifum um fyrirtækið. Á vef Icewear kemur fram að fyrirtækið, sem stofnað var árið 1972, hafi í upphafi sérhæft sig í að framleiða jakka og peysur úr íslenskri ull, en tekið töluverðum breytingum í gegnum árin. „Í dag framleiðum við útivistarfatalínu sem spannar allt frá ullarpeysum til hátæknilegra dúnúlpna," segir þar og tekið er fram að með tilkomu vefverslunar séu vörur seldar um heim allan. Í viðtali við Fréttablaðið í október í fyrra sagði Ágúst Eiríksson, framkvæmdastjóri Icewear, að utan Íslands fáist vörur fyrirtækisins í um 150 verslunum, en þær séu seldar til Austurríkis, Þýskalands og Noregs, auk Kanada og norðurhluta Bandaríkjanna.





FRÁBÆR KAUP
SAMSUNG
ML-1660
NÝR LASER-PRENTARI
LISTAVERÐ: 23.900,-
TILBOÐ: 15.900,- kr
ORMSSON
OPIÐ LAUGARDAGA FRÁ KL. 11-15
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

GJAFABRÉF FYRIR MATGÆÐINGA
NÁMSKEIÐ Í JÓLAPAKKANN



GEFÐU EITTHVAÐ ÖÐRUVÍSI ÞESSI JÓL!
Gjafabréf frá Matvælaskólanum hjá Sýni er skemmtilegur kostur fyrir þá sem vilja koma starfsmönnum sínum, vinum og ættingjum á óvart með einstakri og spennandi gjöf.

Tilvalin jólagjöf fyrir þá sem hafa áhuga á matargerð og öllu því sem viðkemur mat.

Frábær námskeið í boði fyrir starfsfólk fyrirtækja sem liður í hópefli.

Dæmi um námskeiðin okkar:
- 12 bestu súpur í heimi
- Litríkar sumarkrásir
- Brauð úr fjölbreyttum hráefnum
- Gómsætar krásir
- Ítalskur sveitamatur
- Heimagert, hollt og hagkvæmt
- Hvað er í matinn?
- Ekta indverskur matur

Nánari upplýsingar í 512-3380 eða sendið okkur póst á netfangið matvaelaskolinn@syni.is

Gjafabréfin er hægt að fá í fallegum umbúðum eða send með tölvupósti.

www.syni.is

MATVÆLASKÓLINN HJÁ SÝNI
- Matur er okkar mál -
SÝNI

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir.is


VIÐHORF

# Um traust og samfélagslega ábyrga bankastarfsemi

ORÐ Í BELG



**Ari Skúlason**
framkvæmdastjóri Landsvaka hf.

Í síðustu viku kviknaði dálítil umræða um samfélagslega ábyrga banka í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Þar voru þremur litlum og sérhæfðum bönkum veitt verðlaun fyrir sjálfbæra bankastarfsemi. Bankar villtust dálítið af leið á síðustu árum og þurfa nú að rétta sig af. Fjármálaþjónusta fólst upphaflega m.a. í því að greiða fyrir viðskiptum, draga úr áhættu og öryggi, og veita stuðning á erfiðum tímum. Með þessari nálgun tókst að byggja upp auðæfi og velferð í aldanna rás.

Á síðustu árum misstu menn að stórum hluta sjónar á þessari sýn. Nú þarf fjármálageirinn að bindast raunhagkerfinu aftur og hverfa frá því gervihagkerfi sem byggt var upp. Bankar þurfa að hyggja að upprunalegu hlutverki sínu sem er að greiða fyrir viðskiptum í raunhagkerfinu og byggja á gegnsæi, áreiðanleika og einfaldleika. Fjármálafyrirtækin þurfa að ganga lengra í að sýna samfélagslega ábyrgð en áður, sýna samfélaginu virðingu og viðfangsefnunum auðmýkt. Það er besta leiðin til þess að endurvinna orðspor heiðarleikans í augum viðskiptavina. Fyrir starfsemi af þessu tagi var verið að verðlauna norrænu bankana þrjá.

**TRAUST HEFUR EKKI SKAPAST**
Hér fóru þrír stórir bankar á hausinn. Þeir hafa ekki stundað venjulega starfsemi síðan. Aðrir bankar voru stofnaðir á grunni þeirra en samt er umræðan eins og föllnu bankarnir starfi allir enn. Ekki hefur tekist að búa til skil á milli gamla kerfisins og þess nýja og ekki hefur tekist að skapa traust á nýju fjármálakerfi. Kannanir sýna að einungis 3% þjóðarinnar treysta fjármálakerfinu, og 6% Fjármálaeftirlitinu. Til þess að við getum byggt upp eðlilegt samfélag aftur skiptir miklu að fólk geti treyst fjármálakerfinu.

Íslenska bankakerfið lék marga grátt og allt frá hruninu hefur verið unnið að því að bæta þar úr. Flestum hefur þótt ganga hægt. Margir hafa tilhneigingu til þess að varpa allri ábyrgð í þessum efnum á nýju bankana. Enginn deilir um að gömlu bankarnir og stjórnendur þeirra bera mikla sök, en að benda sífellt á nýju bankana sem blóraböggla er ekki mjög uppbyggjandi.

**BENT Á BANKA**
Undanfarið hefur það einkennt stjórnmálaumræðu hér á landi að menn grípa til þess í árangursleysinu að benda á eitthvað annað til þess að bæta sitt eigið böl. Yfirleitt er bent á bankana. Það var t.d. ekki hægt að skilja forsætisráðherra öðruvísi í stefnuræðu hennar, en að það væri fyrst og fremst bönkunum um að kenna að lítill árangur hefði náðst í skuldaaðlögun einstaklinga. Þegar betur var að gáð höfðu bankarnir hleypt mun fleirum í gegn en aðrir og stærstu hindranirnar var að finna hjá opinberum aðilum. Stjórnmálamenn staglast í sífellu á samskiptum við bankana í sambandi við lausn húsnæðislánavanda þegar allir vita að Íbúðalánasjóður á mikinn meirihluta skuldanna. Einblínt hefur verið á bankana í sambandi við uppboðsbeiðnir þegar tölur sýna að Íbúðalánasjóður og tryggingarfélög eiga stærri hlut að máli. Það er auðvelt og vænlegt til vinsælda að kenna bönkunum sífellt um.

**TILTRÚ VERÐUR AÐ SKAPAST**
Það skiptir miklu fyrir framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags að fólk öðlist tiltrú á fjármálakerfið. Sú tiltrú skapast aldrei ef sífellt er verið að tala bankana niður. Neikvætt umtal bitnar reyndar mest á stóru bönkunum, kannski vegna þess að forverar þeirra eru taldir hafa átt mesta sök á vandamálum fólks og fyrirtækja. Að mínu mati eru nýju bankarnir að ósekju látnir bera sök forvera sinna og þeir fá í engu að njóta þeirra breytinga sem gerðar hafa verið í starfsemi þeirra og starfsháttum. Þar sem ég þekki best til, í Landsbankanum, hefur t.d. verið skipt algerlega um stjórnendur og mikið starf unnið meðal starfsmanna við að færa starfshætti og aðferðir til betri vegar. Kannski hefði mátt kynna þessar breytingar betur eða sýna þær í verki, en umræðan er samt eins og ekkert hafi gerst. Jafnvel ráðamenn tala áfram um nýju bankana, sem þeir eiga að hluta, eins og þar sé um gömlu bankana að ræða.

**SANNGIRNI SÉ GÆTT**
Ég held því ekki fram að fjármálastarfsemi hér á landi sé hafin yfir gagnrýni eða nýju bankarnir séu fullkomnir, þeir geta enn bætt sig að mörgu leyti. Það er hins vegar mikilvægt að menn gæti sín í umræðunni og að meiri sanngirni sé gætt ef endurvekja á traust á íslensku fjármálakerfi. Það gengur ekki til lengdar að alltaf megi böl bæta með því að benda á eitthvað annað. Það er ljóst að a.m.k. sumir bankanna hafa sýnt vilja til þess að haga starfsemi sinni með öðrum hætti, kannski eitthvað í áttina til norrænu bankanna sem nefndir voru í upphafi. Það væri nær að hvetja íslenska banka til þess að halda áfram á réttri leið í stað þess að vera sífellt að hallmæla þeim fyrir verk sem þeir bera í reynd enga ábyrgð á.

Í NÆRMYND

## *Steinþór Pálsson bankastjóri*



Steinþór Pálsson settist í stól bankastjóra Landsbankans í sumar eftir að hafa verið valinn úr hópi 42 umsækjenda. Hann er ekki ókunnugur bankageiranum þar sem hann vann frá 1986 til 2000 hjá Verzlunarbankanum og síðar Íslandsbanka. Eftir það starfaði hann hjá líftæknifyrirtækinu Urði Verðandi Skuld í rúmt ár þar til hann gekk til liðs við Actavis. Hjá Actavis var hann framkvæmdastjóri á Möltu, í Bandaríkjunum og síðustu tvö árin á Íslandi áður en hann gekk til liðs við Landsbankann.

Steinþór fæddist á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, þar sem foreldrar hans sinntu skólastjórn og kennslu við héraðsskólann, og þar ólst hann upp til sex ára aldurs, þegar fjölskyldan flutti í Mosfellssveit.

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1980, prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1985 og MBA-námi frá Edinborgarháskóla árið 1995.

Hann er kvæntur Áslaugu Guðjónsdóttur og eiga þau tvær dætur.

Áslaug segir Steinþór alltaf hafa unnið mikið, en reynt að gefa sér tíma fyrir fjölskylduna og áhugamál sín, sérstaklega golf. Frítíminn hafi þó verið af skornum skammti undanfarið eftir að hann tók við stjórn Landsbankans. „Hann er eiginlega búinn að vera að vinna allan sólarhringinn síðustu fjóra mánuðina,“ segir hún.

Samstarfsmenn Steinþórs kunna vel að meta stjórnunarstíl hans og segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, að hann sé sérlega öflugur, en sanngjarn stjórnandi.

„Hann er gríðarlegur vinnuþjarkur, fljótur að hugsa og óhræddur við að framkvæma. Svo er mottó hjá honum að bestu rökin eigi að ráða för hjá bankanum. Hann tekur því þess vegna mjög vel ef menn tefla fram andstæðum rökum.“

Einn besti vinur Steinþórs er Eyjólfur Jónsson, en þeir hafa verið vinir allt frá bernskuárum í Mosfellssveit. Eyjólfur segir að Steinþór sé ákaflega hress og skemmtilegur. Hann sé harðduglegur, samviskusamur og framtakssamur sem sést vel þegar hann hefur tekið að sér að skipuleggja uppákomur í vinahópnum. „Þá er mikið um að vera. Hann skipuleggur göngutúra og útilegur og þess háttar.“



**HOLLUSTAN Í FYRIRRÚMI** Þær Unnur og Þórdís geta ekki verið annað en sáttar við gengið síðustu tvö árin. MARKAÐURINN/PJETUR

# Hollur matur í Happi

Þrátt fyrir erfiða tíma í atvinnu- og efnahagslífi eru enn vaxtarmöguleikar fyrir nýjar og góðar hugmyndir. Dæmi um þetta er Happ ehf. sem hefur vaxið fiskur um hrygg frá stofnun þess fyrir um tveimur árum.

Happ er orðið myndarlegt fyrirtæki þar sem um tuttugu manns vinna í framleiðslu fyrir hundruð viðskiptavina, meðal annars í veisluþjónustu og skólamat, og fyrr í haust opnaði Happ veitingastað í Höfðatorgi.

Starfsemin hófst með því að Unnur Guðrún Pálsdóttir, stofnandi og annar eigenda Happs, bauð upp á þjónustu þar sem fólk gat keypt heils dags skammt af hollum mat. „Ég hafði aldrei staðið í rekstri áður, en hafði starfað við heilsurækt. Þar fann ég að fólki fannst vanta svona vörur á markaðinn og ákvað að leysa málið sjálf,“ segir Unnur. Hún rekur nú fyrirtækið ásamt Þórdísi Jónu Sigurðardóttur.

Umsvifin hafa aukist jafnt og þétt. „Það er mjög gaman að á þessum erfiðu tímum höfum við stöðugt verið að fjölga starfsfólki.“ Lagt er upp úr vönduðu hráefni. „Við erum bæði með grænmetisrétti og rétti með kjöti. Við stefnum að því að bjóða upp á alvöru mat, án aukaefna og þess háttar.“

„Við finnum að fólk hefur ekki bara áhuga á matnum heldur vill það læra meira. Þess vegna erum við að fara í gang með fimm daga námskeið sem fer fram í Stykkishólmi þar sem við kennum fólki á mat, hreyfingu og fleira. Svo kemur fólk til baka reynslunni ríkara.“ - þj

# Hætt við sölu á skemmtigörðum

Breski fjárfestingarsjóðurinn Candover hefur hætt við sölu á Parques Reunidos, spænsku móðurfélagi 69 afþreyingar- og skemmtigarða víða um heim. Meðal þeirra er BonBon-Land í Danmörku.

Sjóðurinn vonaðist til að fá tvo milljarða evra, þrjú hundruð milljarða króna, fyrir Parques Reunidos. Nokkur tilboð bárust og voru þau öll undir væntingum, að sögn breska dagblaðsins Financial Times.



**STJÓRNENDUR SKEMMTIGARÐA** Rekstur skemmtigarða er ekki alltaf dans á rósum. Eigandi Parques Reunidos á í basli með að losa sig við garðinn. MARKAÐURINN/AFP

Candover var á meðal helstu fjárfestingarsjóða Evrópu en lenti í vandræðum eins og önnur félög sem stunduðu skuldsettar yfirtökur í aðdraganda fjármálakreppunnar. Félagið gat ekki staðið við skuldbindingar og hafa stjórnendur þurft að segja upp sextíu manns frá áramótum og selja eignir til að forðast gjaldþrot.

Á meðal helstu eigna Candover er hollenska iðnfyrirtækið Stork, sem félagið á með Eyri Invest, helsta hluthafa Marels og stoðtækjafyrirtækisins Össurar. - jab

# HS Orka hagnast um 1,2 milljarða

Hagnaður HS Orku á fyrstu níu mánuðum þessa árs nemur ríflega 1,2 milljörðum króna eftir skatta. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaðurinn ríflega 2,2 milljörðum krónum.

Þetta kemur fram í tilkynningu um uppgjörið. Þar segir að tekjur félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins hafi numið 5,1 milljarði króna, sem er um 800 milljónum króna meiri tekjur en á sama tímabili í fyrra.

Eignir HS orku nema nú 41,7 milljörðum króna. Af þeim nemur hlutafé 17,5 milljörðum króna eða um 42 prósentum af heildareignum.

Ef þriðji ársfjórðungur er skoðaður kemur í ljós að hagnaður á honum hefur þrefaldast milli ára. Er 3,6 milljarðar króna í ár en var rúmlega 1,2 milljarðar króna í fyrra. - fri



**HS ORKA** Eignir félagsins nema nú 41,7 milljörðum króna, þar af er hlutafé 17,5 milljarðar.






HugurAx býður til morgunverðarfundar
Víða leynast krónurnar
Tæki og tól til að auðvelda birgðastjórnun
Fimmtudaginn 18. nóvember
frá kl. 8:30 - 10:45 á Grand Hótel
Dagskrá:
Girnilegur morgunverður að hætti hússins
Inngangur
Gunnar Ingimundarson, framkvæmdastjóri HugarAx
Gagarín, meira með minni fyrirhöfn
Einföld en öflug lagerlausn
HugurAx Mobile
Fyrir sölumenn á ferðinni
OWAS vöruhúsakerfi
Vöruhúsakerfi frá A - Ö
Reynsla viðskiptavinar - Egilsson / Office 1
Vélbúnaður EJS
Kynning á handtölvum
Samantekt
Gunnar Ingimundarson
Ráðgjafar okkar verða til viðtals að loknum kynningum
Skráðu þig strax með því að senda póst á vignir@hugurax.is
(nafn fyrirtækis, þátttakanda og símanúmer),
eða með því að hringja í síma 545 1000
EJS HLUTI AF SKÝRR HUGUR / AX VERSLUNARTÆKNI

# Nafnið hefur valdið hugarangri

Í GLASI MEÐ ÓLA KRISTJÁNI






Islay heitir eyja við vesturströnd Skotlands sem pistlahöfundur vonast til að geta heimsótt einhvern tímann á lífsleiðinni. Frá þessari litlu eyju kemur nefnilega obbinn af þeim guðaveigum sem líklegastar eru til að gleðja í honum bragðlaukana. Sér í lagi er tilhlökkunarefni að sækja heim brugghús maltvískiframleiðandans sem valdið hefur ófáum viskíunnendum um heim allan hugarangri af því þeir vita ekki hvernig bera á fram nafn veiganna. Laphroaig!

Áherslan í nafninu er hins vegar á ph-ið sem borið er fram sem eff, nokkurn veginn svo: laFrojg! Og getur þá hver sem er pantað án þess að verða sér til skammar. Þakka má þennan fróðleiksmola skoska rithöfundinum Iain Banks sem var svo viðkunnanlegur að láta framburðarleiðarvísi í bók sína Raw Spirit: In Search of the Perfect Dram, en hún fjallar um ferðalag hans um Skotland í leit að besta sopanum.

Drykkurinn viskí er hins vegar ekki allra. Sumir hafa líkt fyrstu smökkun við að drekka uppþvottalög. Þeir sem harkað hafa af sér hafa hins vegar uppgötvað hafsjó upplifunar, þar sem leikið er við bragðlaukana. Laphroaig er svo viskí sem ekki einu sinni allir viskíunnendur geta fellt sig við. „Reykur á flösku" segja sumir og trúlega er sú lýsing ekki fjarri lagi. Móreykur er áberandi í bragði viskísins. En þá á eftir að bæta við tjörguðum og sjóreknum kaðli, brenndri karamellu, hóstasaft, joði og fleiri litbrigðum bragðsins sem alls ekki ættu að vekja manni löngun í að fá sér annan sopa, en renna í þessum veigum saman í harmóníu sem gengur stórkostlega upp. Drykkurinn gengur niður eins og hann á að gera.

**10 ára Laphroaig er einhver kraftmesti og mest gefandi sopi sem Skotland hefur alið í formi maltviskís.**

10 ára Laphroaig er einhver kraftmesti og mest gefandi sopi sem Skotland hefur alið í formi maltviskís. Ráðlegt er að fara að því þjóðráði sem gefið er á heimasíðu framleiðandans (www.laphroaig.com) að skella örfáum dropum af vatni út í glasið, með því fer mesti broddurinn úr spíranum og hægt að gleyma sér dágóða stund eftir einn sopa í því ferðalagi sem bragðlaukunum er boðið upp á. Svo er bara að feta sig upp aldursstigann (viskí eru því eldri eftir því sem þau fá að bíða lengur á tunnum þar til þeim er tappað á flöskur) og upplifa breytinguna. Einhvern tímann væri gaman að bragða Laphroaig 30 ára gamalt, en þá segja kunnugir það nálgast fullkomnun. Það bíður hins vegar betri tíma.

- óká

# Culiacan flytur í stærra húsnæði

**Fleiri vilja halda aukakílóunum fjarri og línunum í lagi, segir Sólveig Guðmundsdóttir.**

„Fólk veltir því meira fyrir sér hvað það borðar. Það kýs nú frekar hollari mat," segir Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri veitingastaðarins Culiacan.

Veitingastaðurinn, sem býður upp á heilsusamlega mexíkóska rétti, flutti í byrjun mánaðar úr Faxafeninu þar sem hann hefur verið í rúm sjö ár í stærra húsnæði við Suðurlandsbraut. „Það var orðið ansi þröngt um okkur," segir Sólveig og bætir við að veitingahúsarekstur almennt tekið við sér eftir dýfu haustið 2008 og í fyrra, ekki síst hjá þeim sem bjóði upp á heilnæmari mat en aðrir. „Fólk spáir orðið mikið í matinn, úr hverju hann er og hversu ferskur," segir hún.

Sólveig, sem er iðnhönnuður að mennt, innréttaði eldra húsnæði Culiacan. Það sama á við um nýja staðinn.

- jab



**NÓG AÐ GERA Í HÁDEGINU** Stofnandi veitingastaðarins Culiacan segir fleiri meðvitaða en áður um það sem þeir setji ofan í sig. Fólk vilji snæða hollan og ferskan mat. MARKAÐURINN/VILHELM

MERKING
www.merking.is
S: 562 7044
Láttu minninguna lifa !



Ljósmyndir á
Ál
Striga
Plexigler
mynd@merking.is

# Stefna á útrás bókhaldsforrits

Fyrirtækið Regla hefur síðastliðin tvö ár prufukeyrt samnefnt bókhaldskerfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á netinu. Stefnt er að því að markaðssetja það erlendis á næstu mánuðum. Þetta er íslensk nýsmíði frá grunni, sem fór í gang af fullum krafti eftir bankahrunið 2008.



**KJARTAN ÓLAFSSON**

Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri Reglu, telur fyrirtækið eiga mikla möguleika ytra. Viðræður hafa staðið yfir við helsta ráðgjafa Breta í þessum málum um markaðssetningu þar og lofa þær góðu. „Margir stefna á þennan markað, en við höfum nokkurra mánaða forskot," segir Kjartan og bendir á að fyrirtækið hafi notað bókhaldsbúnaðinn í ýmsum myndum í þrjú ár auk þess sem tuttugu til þrjátíu fyrirtæki hafi sömuleiðis prufukeyrt það. „Við höfum náð að minnka bókhaldstengda vinnu um rúman helming," segir hann.

Hugbúnaðurinn er miðlægur á netinu og notkun hans keypt í áskrift. Notendur losna bæði við rekstur eigin tölvukerfa og dýran hugbúnað.

„Við höfum sagt bæði í gríni og alvöru að þetta sé bókhald sem færir sig að miklu leyti sjálft," segir Kjartan en möguleiki er á að hringja inn færslur í bókhaldskerfið með farsíma.

- jab

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

# Meta verðtryggingar

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur skipað nefnd sem mun kanna forsendur verðtryggingar á Íslandi.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að nefndin muni meðal annars meta kosti og galla þess að draga úr vægi verðtryggingar í fjármálakerfinu.


ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Nefndin mun skoða áhrif verðtryggingar á lántaka og lánveitendur á heildstæðan hátt sem og áhrif hennar á virkni hagstjórnar og efnahagslegan stöðugleika almennt, eins og segir í tilkynningunni.

Nefndin á að skila áliti sínu og tillögum til ráðherra í lok árs. - þj

# Viðsnúningur hjá Magma

Magma Energy skilaði 13,4 milljóna dala eða rúmlega 1,5 milljarða hagnaði á fyrsta ársfjórðungi rekstrarárs síns en það hófst um mitt sumar.

Á sama tímabili í fyrra var tap af rekstri Magma upp á 2,6 milljónir dollara eða tæplega 300 milljónir króna.

Greint er frá þessu í Winnipeg FreePress. Þar kemur fram að tap Magma í heild á síðasta rekstrarári hafi numið 16,4 milljónum dala. Winnipeg FreePress fjallar stuttlega um yfirtöku Magma á HS Orku en í byrjun september síðastliðinn var eignarhluturinn kominn í 98,5 prósent.

Þá er sagt að Magma eigi umtalsverðar eignir í Bandaríkjunum og Suður-Ameríku. - fri

# Eignir tryggingafélaga minnka

Heildareignir tryggingafélaga námu 136 milljörðum króna í lok september og lækkuðu um 1,2 milljarða á milli mánaða.

Þetta kemur fram í hagtölum Seðlabankans. Þar segir að útlán og markaðsverðbréf námu 85,3 milljörðum króna og lækkuðu um 714 milljónir króna. Verðtryggð markaðsskuldabréf lækkuðu um 873 milljónir króna og önnur útlán um 680 milljónir króna en hlutdeildarskírteini hækkuðu um 976 milljónir.

Skuldir tryggingafélaga námu 79,4 milljörðum í lok september og lækkuðu um 1,2 milljarða sem stafar af lækkun á iðgjaldaskuld. Eigið fé nam 56,6 milljörðum í lok mánaðarins. - fri







SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is Auglýsingadeild: auglysingar@markadurinn.is Veffang: visir.is

**85** milljarðar króna af útlánum banka og sparisjóða hafa veð í íbúðarhúsnæði sem er lægra metið en lánsupphæðin sjálf.

**48** klukkustundir verða að líða frá umsókn um smálán þar til lánið er afgreitt, samkvæmt nýju frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra.

**64** milljarðar er sú upphæð sem einstaklingar greiddu í tekjuskatt hér á landi fyrstu níu mánuði ársins. Það er fimm milljarða aukning frá sama tímabili á síðasta ári.

BANKAHÓLFIÐ

## Garðyrkjustóriðja

Margir urðu hvumsa í síðustu viku þegar tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir sagðist í spjallþættinum Návígi í Ríkissjónvarpinu mundu nýta grunninn að álverinu í Helguvík með vægast sagt nýstárlegum hætti fengi hún bæjarstjórastólinn í Reykjanesbæ í einn dag. Hugmynd Bjarkar fólst í því að ofan á grunninn yrði byggt risastórt gróðurhús þar sem ræktað yrði grænmeti í þvílíku magni að ekki þyrfti að flytja neitt inn.



## Tíu fótboltavellir

Við nánari athugun er þetta ekki svo galin hugmynd. Síðastliðin sjö ár, eða allt frá árinu 2003, hefur Fjárfestingarstofa, sem nú er deild innan Íslandsstofu, með reglubundnum hætti gert athugun á hagkvæmni þess að byggja hundrað þúsund fermetra gróðurhús á Reykjanesi með innlendum og erlendum fjárfestum. Þetta jafnast á við heila tíu knattspyrnuvelli, sem plantað yrði niður í hraunið. Aðstæður voru gróðurhúsinu ekki í vil á árum áður en hafa batnað talsvert síðan þá, ekki síst er raforkuverð hér nú talsvert lægra en á meginlandi Evrópu.



## Speisuð hugmynd ratar á Alþingi

Hugmyndin um risagróðurhúsið hefur í raun gengið það langt að nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins, Hreyfingarinnar og Samfylkingar lögðu fram þingsályktunartillögu á Alþingi á síðasta þingi sem fjallaði um grænahagkerfið. Á meðal tillagna var bygging risagróðurhúss. Nýjustu hugmyndirnar fela í sér að gróðurhúsið verði lýst upp allan sólarhringinn allt árið um kring og tengt jarðvarmaveitum. Tvennt var þó ekki að finna í tillögunum; ekki skyldi það rísa á grunni álversins í Helguvík né grænmetisframleiðslan þvílík að ekkert þyrfti að flytja inn. Þvert á móti er framleiðslan öll ætluð til útflutnings.



nei ekki í dag... fór út.... því miður e
er á fundi... svarar ekki....
því miður ekki við...
Þú ert númer 15 vinsamle
reynið síðar.........
Þú ert stórt númer hjá okkur...



VILTU EKKI BINDA FJÁRMAGN Í TÆKJUM?
KYNNTU ÞÉR KOSTI
BORGAÐ PR. BLAÐ
OG ÞÚ SPARAR!

Fagmenn í þjónustu prenttækja
RICOH
Ljósritunarvélar - Prentarar - Skannar
www.optima.is
STOFNAÐ 1953
OPTÍMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

512 50 50
Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...

www.bruna.nl

# ALÞJÓÐLEG SPENNUSAGA SEM GERIST Á ÍSLANDI!

*„Lipurlega skrifuð spennusaga ... Góð persónusköpun og Íslandi eftir hrunið lýst með glöggu gestsauga.“*
*–Ármann Jakobsson, dósent í íslensku*

Íslenskur prófessor finnst látinn í Þingvallavatni en skömmu áður taldi hann sig hafa komist yfir stórmerkilegt miðaldahandrit. Magnaður tryllir þar sem alþjóðlegi metsöluhöfundurinn Michael Ridpath grefur sig ofan í sögu og samtíð Íslendinga í bók sem lesandinn leggur ekki frá sér fyrr en á síðustu blaðsíðu!

**„Frábært sambland af morðgátu, goðsögn og nútímaglæpum.“**
**– The Times**






DYNAMO REYKJAVÍK

## Lestrarfærni er lykill að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

**GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL**




VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát okkar ástkæru*

**María Stefaníu Björnsdóttur**

Lækjasmára 2 í Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi.

**Aðalsteinn Guðlaugsson**
**Sigurveig Helga Hafsteinsdóttir** **Bjarni Ragnarsson**
**Eiríksína Kr. Hafsteinsdóttir** **Óskar Sverrisson**
**Guðný Hafsteinsdóttir** **Jóhann Sveinsson**
**Sigurður Hafsteinsson** **Svava Aldís Viggósdóttir**
**Júlíus Geir Hafsteinsson** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Þröstur Hafsteinsson** **Hrafnhildur Karlsdóttir**
**Sólveig Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Guðrún Andrésdóttir**

Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala 10. nóvember sl. verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Áslaug Ásmundsdóttir** **Gunnlaugur S. Gíslason**
**Ásdís H. Ásmundsdóttir** **Bergur J. Hjaltalín**
**Andrés Ásmundsson** **Erna D. Stefánsdóttir**
**Rúnar Þór Halldórsson** **Hrafnhildur Þórðardóttir**
**Gunnar Þór Halldórsson** **Inga Dóra Ingvadóttir**
**Halldór Örn Rúnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum innilega hlýhug og samúð við fráfall*

**Nikulásar Þórðarsonar**

sem lést 27. október. Karitas systur, Agnes Smáradóttir og starfsfólk Líknardeildarinnar í Kópavogi eiga heiður skilinn fyrir stuðning sinn.

**Elísabet Berta Bjarnadóttir** **Halla Nikulásdóttir**
**Svanborg Þórisdóttir** **Stefán Páll Jónsson**
**Bjarni Þórisson** **Marta Guðrún Jóhannsdóttir**
**Skúli Eggert Þórðarson** **Guðrún Þórðardóttir**
**Elísabet Þórðardóttir** **Kjartan Þórðarson**
**og fjölskyldur**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún H. Ólöf Ólafsdóttir Benitez**

Svölutjörn 48, Reykjanesbæ,

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Robert E. Benitez**
**Stefán Karl Jónsson** **Helga Róbertsdóttir**
**Sigríður E. Jónsdóttir** **Ólafur Reynir Svavarsson**
**Friðrik Jónsson**
**Árni Jónsson** **Christine Jónsson**
**Clara Louisa B. Róbertsdóttir**
**Christina Moore** **John Moore**
**Kimberly A. Lynch** **Matthew Lynch**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Jafnréttistorg í Sólborg

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri boða til fyrsta jafnréttistorgs vetrarins kl. 12 á hádegi í dag í Sólborg við Norðurslóð. Hjálmar Gunnar Sigmarsson, MA í mannfræði og sérfræðingur á Jafnréttisstofu, mun segja frá störfum sínum hjá UNIFEM í Bosníu og Hersegóvínu.

Í erindi sínu mun Hjálmar lýsa reynslu sinni í Bosníu og varpa ljósi á hvernig það var að vinna að þróunarmálum í landi sem á flókna sögu og lifir við erfitt stjórnmálaástand. Einnig mun hann fara yfir stöðu jafnréttismála þar í landi og þau verkefni sem hafa verið í gangi síðan skrifstofa UNIFEM var opnuð þar árið 2008.

Hjálmar útskrifaðist sem MA í mannfræði frá Háskóla Íslands vorið 2006. Hann hefur unnið að jafnréttismálum síðan 2003 og hóf störf sem sérfræðingur á Jafnréttisstofu 2007. Undanfarin tvö ár hefur Hjálmar unnið á vegum Friðargæslunnar, sem jafnréttisráðgjafi hjá UNIFEM í Bosníu og Hersegóvínu.

Fyrirlestur Hjálmars er haldinn í stofu N102 í Sólborg.



**HJÁLMAR GUNNAR SIGMARSSON** flytur erindi um jafnréttismál í Bosníu og Hersegóvínu í dag klukkan 12 í Sólborg.

# Lífsreynsla transstúlku

Í tilefni minningardags transfólks, Transgender day of remembrance, hefur Q – félagi hinsegin stúdenta, hlotnast sá heiður að fá Uglu Stefaníu Jónsdóttur til að deila reynslu sinni með nemendum Háskóla Íslands í stofu 220 í aðalbyggingu Háskólans á morgun klukkan 11.30.



Ugla er formaður Samtakanna '78 á Norðurlandi og hefur á síðasta ári verið áberandi í fjölmiðlum og samfélagsumræðunni, þar sem hún ræðir hispurslaust um kynleiðréttingarferli sitt og hvernig það er að vera transstúlka á Íslandi í dag.

Býður Q nemendur og kennara hjartanlega velkomna til að hlusta á frásögn Uglu, en að erindi loknu mun Ugla og stjórn Q sitja fyrir spurningum.

Aðgangur er ókeypis og opinn fyrir alla.

**Heimild: www.hi.is**



**DOKTORSNEMI Í FÉLAGSFRÆÐI** Kolbeinn Stefánsson heldur fyrirlestur um kynbundna verkskiptingu fyrir og eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við lítinn vog…

Kolbeinn Stefánsson, doktorsnemi í félagsfræði við Oxford háskóla og verkefnisstjóri hjá EDDU – öndvegissetri, heldur á morgun fyrirlestur er nefnist „Við lítinn vog, í litlum bæ. Kynbundin verkskipting fyrir og eftir bankahrun" í Öskju, stofu 132, frá klukkan 12.25-13.15.

Í þessu erindi mun Kolbeinn fjalla um greiningu hans og Þóru Kristínar Þórsdóttur, doktorsnema í félagsfræði við háskólann í Manchester, á þeim breytingum sem hafa orðið á verkskiptingu kynjanna í kjölfar kreppunnar. Um er að ræða niðurstöður úr könnunum Þjóðmálastofnunar á samspili vinnu og heimilis, kynhlutverkum og kynbundinni verkskiptingu frá árunum 2005 og 2010.

Í kynningu á fyrirlestrinum kemur fram að flestar rannsóknir á kreppum hafa verið unnar af hagfræðingum og sagnfræðingum. Í kjölfar þeirra efnahagsþrenginga sem nú ganga yfir heiminn hafi félagsvísindafólk aftur á móti beint sjónum sínum í auknum mæli að ýmsum félagslegum afleiðingum kreppna. **- fsb**

# Styrkveiting úr Stefaníusjóði

Veitt var úr Minningarsjóði frú Stefaníu Guðmundsdóttur í gær. Alls hafa 36 manns hlotið styrk úr sjóðnum.

Styrkveiting úr Minningarsjóði frú Stefaníu Guðmundsdóttur fór fram í gærkvöldi í sal Iðnó. Guðjón Davíð Karlsson leikari og Filippía Elísdóttir búningahönnuður hlutu styrkveitingu að þessu sinni úr sjóðnum.

Minningasjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur var stofnaður árið 1938 af hjónunum Önnu Borg og Poul Reumert. Var sjóðurinn stofnaður til að efla íslenska leiklist og heiðra um leið minningu Stefaníu Guðmundsdóttur, móður Önnu Borg. Stefanía Guðmundsdóttir var ein fremsta leikkona Íslands um sína daga og jafnframt einn helsti burðarás Leikfélags Reykjavíkur.

Fyrsti styrkur úr sjóðnum var veittur árið 1970, og að þessari úthlutun meðtalinni hafa alls 36 manns, sem tengjast leiklist, hlotið styrk en styrkþegarnir voru tveir að þessu sinni. Við sama tækifæri var heimasíða minningasjóðsins, www.stefaniusjodur.is, formlega opnuð og er þar hægt að finna upplýsingar um sögu sjóðsins, styrkþega og fleira.





*Okkar ástkæri*

**Alexander Alexandersson**

Melalind 8, áður Holtagerði 62, Kópavogi,

varð bráðkvaddur að heimili sínu 11. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. nóvember kl. 15.00.

**Hjördís Alexandersdóttir** **Guðmundur Jón Jónsson**
**Bára Alexandersdóttir** **Þórarinn Hjálmarsson**
**Erla Alexandersdóttir** **Sigurður Jón Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Merkisatburðir:

**1390** Skriða fellur á Löngulhlíð ytri í Hörgárdal. Hrafn Bótólfsson lögmaður og fleiri farast.
**1558** Elísabet 1. tekur við konungdómi í Englandi og Írlandi eftir hálfsystur sína.
**1603** Sir Walter Raleigh er dreginn fyrir rétt í Winchester-kastala ákærður fyrir þátttöku í Maine-samsærinu.
**1869** Súesskurðurinn milli Rauðahafs og Miðjarðarhafs er opnaður.
**1912** Íslenska guðspekifélagið er stofnað í Reykjavík.
**1913** Morgunblaðið birtir fyrstu íslensku fréttamyndirnar, dúkristur vegna morðmáls í Dúkskoti í Reykjavík.
**1938** Vikan kemur út í fyrsta sinn
**1962** Samvinnubankinn er stofnaður.
**1984** Jón Baldvin Hannibalsson er kjörinn formaður Alþýðuflokksins
**1988** Linda Pétursdóttir er kjörin Ungfrú heimur, átján ára gömul.



*Ástkær sonur minn, stjúpsonur, bróðir, mágur og vinur,*

**Sigurjón Guðmundsson**

Vesturbergi 138, Reykjavík,

lést að morgni mánudagsins 15. nóvember. Jarðsett verður í kyrrþey.

**Oddný Ólafía Sigurjónsdóttir** **Benedikt Hermannsson**
**Sævar Benediktsson** **Ástríður Sólrún Grímsdóttir**
**Hermann Benediktsson** **Þórunn Kristjánsdóttir**
**Rannveig Benediktsdóttir** **Ómar Garðarsson**
**Kristján V. Halldórsson** **Elísabet Egilsdóttir**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurbjörn Þorsteinsson**

Hellulandi, Langanesbyggð,

sem lést á Dvalarheimilinu Kjarnalundi föstudaginn 12. nóvember, verður jarðsettur frá Skeggjastaðakirkju laugardaginn 20. nóvember kl. 14.00.

**Einar Sigurbjörnsson**
**Þorsteinn Sigurbjörnsson**
**Stefán R. Sigurbjörnsson** **Sigríður M. Hlöðversdóttir**
**Guðrún Sigurbjörnsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐ
Ali
998 KR. kg
ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
898 KR. kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETUR
198 KR.kg
269 KR.kg
KS FROSINN INNMATUR LAMBALIFUR OG LAMBAHJÖRTU
KS
1198 KR.kg
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
798 KR.kg
FROSINN LAMBABÓGUR
engifer
Engifer heilsudrykkur með minntu & lime. 100% ferskt hráefni
298 kr. 1/2 ltr.
269 KR.kg
KS HAUSTSLÁTRUN 2010
LAMBASVIÐ FROSIN
NAUTA Veisla
Nautaborgarar 4 stk. m/brauði
498 KR.pk
NAUTAVEISLA: FJÓRIR 80g NAUTABORGARAR MEÐ BRAUÐI
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
898 KR.kg
NAUTAVEISLA: FERSKT NAUTAHAKK
198 KR.kg
BÓNUS: FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
KJÖRFUGL
1798 KR.kg
KJÖRFUGL: FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
629 KR.kg
KJÖRFUGL: HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** í röð, **8.** fley, **9.** þunnur vökvi, **11.** ekki heldur, **12.** gafl, **14.** gróðabrall, **16.** skóli, **17.** sjáðu, **18.** í viðbót, **20.** 999, **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, **3.** frá, **4.** máski, **5.** viður, **7.** græn baun, **10.** samstæða, **13.** viðmót, **15.** báru að, **16.** skraf, **19.** mun.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** lm, **8.** far, **9.** lap, **11.** né, **12.** stafn, **14.** brask, **16.** ma, **17.** sko, **18.** auk, **20.** im, **21.** snuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** af, **4.** kannski, **5.** tré, **7.** matbaun, **10.** par, **13.** fas, **15.** komu, **16.** mas, **19.** ku.











# Hnútarnir hans Jóns Gnarr

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Hvert sem komið er liggur krafan í loftinu um að menn hegði sér nákvæmlega eins og náunginn. Sífellt færri hafa svo sterka hnjáliði að þeir kikni ekki undan þessari kröfu.

**SJÁIÐ BARA** knattspyrnumennina sem eru nánast allir orðnir eins. Það er engu líkara en hver og einn þeirra hafi aðeins um fimm frasa að velja þegar þeir eru í viðtali.



**ÞESS VEGNA** hef ég svo gaman af þrautagöngu Jóns Gnarr í Ráðhúsinu því þar er kominn stjórnmálamaður sem hegðar sér einmitt eins og stjórnmálamaður á ekki að hegða sér. Fyrir þetta má hann þola endalausar áminningar því það er í rauninni óþolandi fyrir meirihlutann að umgangast mann sem bindur ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir.

**ÉG LENTI** í sams konar baráttu fyrst þegar ég kom til stórborgar og sá hvernig fólkið gekk um götur í fálæti sínu með fjarrænt augnaráð. Það var engu líkara en það væri dauðhrætt um að einhver kynni að yrða á það, eins hættulegt og það er nú.

**ÉG ÁKVAÐ** að skera upp herör gegn þessu háttalagi og gekk alltaf um í stórborgum rétt eins og ég væri á bryggjunni á Bíldudal. Virti fyrir mér fólkið og kastaði kveðju ef augun mættust. En eftir einn annasaman dag í Madríd gafst ég upp á þessu.

**ÞÁ HAFÐI** ég lenti í fjórum skoðanakönnunum og síðan tatarakonu einni sem bar býsnin öll af plastpokum upp tröppur á fjölfarinni brautarstöð. „Gætir þú nokkuð aðstoðað mig, væni minn?" spurði hún. Ég hélt það nú, tók pokana og gerði mig líklegan til að bera þá upp. „Komdu með pokana, fíflið þitt, ég er að biðja þig um pening." Ég var fastheldinn á evruna eftir þessa svívirðingu.

**Í MIÐBORGINNI** kem ég svo auga á fallega stúlku sem er þó nokkuð illa klædd miðað við veðurfar. Ég horfi í augu hennar líkt og væri hún bílddælsk stúlka á bryggjunni. Þá segir hún: „Ég er til í tuskið fyrir 50 evrur ef þú vilt hleypa klárnum á brokk."

**ÉG VARÐ** harmi sleginn. Ekki yfir verðinu heldur hlutskipti stúlkunnar. Síðan þá horfi ég í jörðina eins og stórborgarbúi þegar ég fer í bæinn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TILBOÐSVERÐ Á AEG
# KÆLISKÁPUM, FRYSTISKÁPUM OG FRYSTIKISTUM



Lítið eitt útlitsgallaðir frystiskápar á flottu verði

**KANNAÐU ÚRVALIÐ!**

| GERÐ | STÆRÐ | RÝMISSTÆRÐ | LITUR | LISTAVERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|---|---|
| **AEG KÆLISKÁPAR** / FRÍSTANDANDI | | | | | |
| SANTO 173 TK48 | 85X55X60 | 152/00L | Hvítur | 84.900,- | ***67.920,-*** |
| SANTO 163 TK4 | 85X55X60 | 122/18L | Hvítur | 78.900,- | ***63.120,-*** |
| SANTO 26-KA78 | 125x55x62 | 236L | Hvítur | 89.900,- | ***71.920,-*** |
| SANTO 25-KA78 | 125x55x62 | 213/18 | Hvítur | 94.900,- | ***75.920,-*** |
| SANTO 60240 DT | 140x55X63 | 186/44L | Hvítur | 99.900,- | ***79.920,-*** |
| SANTO 60290 KG | 154X60X63 | 208/61L | Hvítur | 126.900,- | ***101.520,-*** |
| SANTO 70306 KG | 154X60X63 | 208/61L | Stálgrár | 159.900,- | ***127.920,-*** |
| SANTO 70300 KA | 160X60X63 | 291/00L | Hvítur | 165.900,- | ***132.720,-*** |
| SANTO 70308 KA | 160X60X63 | 291L | Stál | 199.900,- | ***159.920,-*** |
| SANTO 70290 DT | 160X60X63 | 221/69L | Hvítur | 146.900,- | ***117.520,-*** |
| SANTO 60340 KG | 175X60X63 | 223/92L | Hvítur | 146.900,- | ***117.520,-*** |
| SANTO 60346 KG | 175X60X63 | 223/92L | Stálgrár | 169.900,- | ***135.920,-*** |
| SANTO 71360 KG | 185X60X63 | 245/92L | Hvítur | 169.900,- | ***135.920,-*** |
| SANTO 70369 KG | 185X60X63 | 221/82L | Stálgrár | 199.900,- | ***159.920,-*** |
| SANTO 71368 KG | 185X60X63 | 249/110L | Stál | 209.900,- | ***167.920,-*** |
| SANTO 75380 KG | 201X60X63 | 285/78L | Hvítur | 196.900,- | ***157.520,-*** |
| **AEG KÆLISKÁPAR** / TIL INNBYGGINGAR | | | | | |
| SANTO U 9 6000-6I | 87X59X54 | 136/00L | | 94.900,- | ***75.920,-*** |
| SANTO C 8 1842-6I | 177X54X55 | 210/70L | | 174.900,- | ***139.920,-*** |
| SANTO K 8 1840-6I | 177X54X55 | 267/35L | | 179.900,- | ***143.920,-*** |
| **AEG FRYSTISKÁPAR** / FRÍSTANDANDI | | | | | |
| ARCTIS 70120-GS | 85X60X63 | 96L | Hvítur | 92.900,- | ***74.320,-*** |
| ARCTIS 60190 GS | 140x60x63 | 160L | Hvítur | 149.900,- | ***119.920,-*** |
| ARCTIS 60220-GS | 160X60X63 | 194L | Hvítur | 175.900,- | ***140.720,-*** |
| ARCTIS 75270-GA | 180X60X63 | 254L | Hvítur | 207.900,- | ***166.320,-*** |
| **AEG FRYSTISKÁPAR** / TIL INNBYGGINGAR | | | | | |
| G9 1850-4I | 177X54X54 | 208L | Innbygg. | 262.900,- | ***210.320,-*** |
| N9 1250-4I | 121x54x55 | 123L | Innbygg. | 211.900,- | ***169.520,-*** |
| **AEG FRYSTIKISTUR** | | | | | |
| AEG EL12 | 86X55X61 | 110L | | | ***55.900,-*** |
| AEG EL22 | 86X72X73 | 215L | | | ***89.900,-*** |
| AEG EL35 | 86X105X73 | 347L | | | ***99.900,-*** |
| AEG EL 45 | 86X130X73 | 447L | | | ***106.900,-*** |
| AEG EL53 | 86X150X73 | 527L | | | ***118.900,-*** |
| AEG EL61 | 86X170X73 | 607L | | | ***135.900,-*** |
| AEG EL71 | 86X1880X77 | 670L | | | ***159.900,-*** |




GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!
Sjá nánar á www.ormsson.is

**ORMSSON**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160




## HAGKAUP BÝÐUR UPP Á ÓTRÚLEGT ÚRVAL FYRIR



**Nói Síríus Konsum 200g**
frábært í baksturinn



**Nói Síríus Konsum**
70% súkkulaði, 56% súkkulaði og orange súkkulaði



**Nói Síríus súkkulaði dropar**
dökkir og ljósir




**Fazer kökuskraut**
tilvalið á ís, eftirétti og kökur



**Dan Sukker, strásykur og flórsykur, Pillsbury hveiti**
í baksturinn




**Jói Fel belgískt súkkulaði**
Callebaut súkkulaði 33%, hvítt og 70% massi

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# ALLT Í BAKSTURINN





## Kaffismákökur

*að hætti kokkalandsliðsins*

2 eggjahvítur
70g sykur
50g flórsykur
2 tsk kakóduft
1 tsk nescafé
50g súkkulaði
6 kaffibaunir

Forhitið ofninn upp í 80°C.
Þeytið eggjahvíturnar og bætið sykri varlega saman við á meðan þar til það stífnar. Blandið flórsykri, kakódufti og instant kaffi varlega saman við. Sprautið litlum punktum á plötu og látið þá þorna í ofninum í kringum 90 mínútur, látið dropana kólna. Bræðið súkkulaðið og brytjið niður kaffi baunirnar. Dýfið dropunum í súkkulaðið og stráið kaffibaununum yfir.

## Anís smákökur

*að hætti kokkalandsliðsins*

250g hvítt súkkulaði
3 egg
150g sykur
200g hveiti
125g maizena
100g möndluduft
Sítrónubörku
3 tsk anísduft
1/2 tsk negul duft
Salt
1msk anísfræ
50g hindberjasulta

Forhitið ofninn upp í 180°C.
Bræðið 100 g af hvíta súkkulaðinu. Þeytið eggin saman við sykurinn þar til það verður kremað, bætið þá við bráðnu súkkulaðinu. Blandið saman hveiti, maizena, möndludufti og sítrónu berki saman við öll kryddin og saltið. Blandið varlega saman við fyrri blönduna í litlum skömtum. Sprautið deiginu á plötu, um 4-5 cm langar rendur og bakið í um 10 mínútur. Látið kólna, bræðið afganginn af súkkulaðinu dýfið kökunum til hálfs í súkkulaðið og stráið anis fræum yfir. Bakið í 25 mínútur eða þar til þær eru tilbúnar.

## BAKSTURINN - HJÁ OKKUR HEFUR ÞÚ VALIÐ!




**Mónu súkkulaði spænir og dropar**
dökkir, ljósir og með núggati




**Katla bökunarvörur**
möndlumjöl, púðursykur, glassúr og piparkökumix




**Kornax hveiti**
ómissandi í baksturinn




**Odense marsipan**
fjölbreytt úrval




**Dr. Oetker vörur**
skemmtilegt í baksturinn




**GK suðusúkkulaði og Appolo lakkrís kurl**
tilvalið í bakstur

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

menning
menning@frettabladid.is

**MOJITO Í TJARNARBÍÓI** Leikritið Mojito verður frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Uppi rifjar upp kvöld á veitingastað sem fór úr böndunum, þegar veitingamaðurinn blandar sér í frásögnina og í ljós kemur að ekki er allt sem sýnist. Höfundur og leikstjóri er Jón Atli Jónasson.

**Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins**

**Dagskrá**

Fimmtudaginn 18. nóvember n.k kl 20.00 er Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins í Fella- og Hólakirkju.

1. Gamanmál. Pétur Óskarsson fer með Norðfirsk gamanmál
2. Á síld árið 1967. Sýnd verður stuttmynd sem Ingvar Níelsson tók á Norðfirði og um borð í Birting NK árið 1967.
3. Ingi T. Lárusson, tónskáld.

- Ingi Tómas Björnsson, dóttur sonur skáldsins fjallar um ævi afa síns.
- Sveinn Snorrason bróðursonur tónskáldsins, segir sögur af manninum Inga T.
- Norðfirsku tónlistarmennirnir, Hlöðver Smári Haraldsson, Bjarni Freyr Ágústsson, Auður Helga Kristinsdóttir, Ragnar Á. Sigurðsson og Davíð Samúelsson munu flytja valin lög Inga T. Lárussonar.

Á eftir er kaffi og ljósmyndasýning frá Norðfirði

*www.nordfirdingafelagid.is*






**VERÐLAUNAHAFARNIR** Auk verðlauna Jónasar Hallgrímssonar, sem féllu Vigdísi Vinnbogadóttur í skaut, hlutu Möguleikhúsið og Hjálmar sérstakar viðurkenningar fyrir að miðla menningararfi Íslendinga til yngri kynslóða og auka veg íslenskunnar í popptónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Uppskeruhátíð málræktenda

**Vigdís Finnbogadóttir hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu gær. Möguleikhúsið og hljómsveitin Hjálmar hlutu einnig sérstakar viðurkenningar fyrir stuðning við íslenska tungu.**

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningamálaráðherra, afhenti Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, verðlaun Jónasar Hallgrímssonar við hátíðlega athöfn í Landnámssetrinu í Borgarnesi í gær.

Í reglum menntamálaráðuneytisins um verðlaun Jónasar Hallgrímssonar er kveðið á um að þau skuli veitt einstaklingum sem hafa unnið íslenskri tungu gagn með sérstökum hætti. Í umsögn ráðgjafanefndar um verðlaunin segir að þetta eigi sannarlega við um Vigdísi Finnbogadóttur. „Vigdís var í starfi sínu sem forseti óþreytandi að benda á gildi íslenskrar tungu fyrir mannlífið í þessu landi. Í fyrstu opinberri ræðu sinni eftir að hún var kjörin lagði hún áherslu á þá auðlegð sem Íslendingar eiga í menningararfi sínum … Vigdís hélt því fram réttilega að ríkidæmi heimsmenningarinnar byggist á margbreytileika þeirra tungumála sem mannkynið hefur skapað. Eftir að hún lét af embætti forseta Íslands hefur hún haldið áfram að boða þennan sannleik og fengið góðan hljómgrunn, enda er hún á vegum Sameinuðu þjóðanna sérstakur verndari þjóðtungna sem eiga í vök að verjast."

Auk verðlaunanna voru Möguleikhúsinu og hljómsveitinni Hjálmum veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu.

> Við litum á það sem svo að við værum íslenskt band sem spilaði fyrir íslenskt fólk og myndi þar af leiðandi syngja á íslensku.
>
> **SIGURÐUR GUÐMUNDSSON Í HJÁLMUM.**

Möguleikhúsið hlaut viðurkenningu fyrir að hafa á undanförnum tuttugu árum kynnt menningararfinn „á frjóan og skemmtilegan hátt fyrir yngstu kynslóð leikhúsgesta og stuðlað þannig að verndun og varðveislu íslenskrar tungu og skapað henni sóknarfæri".

„Okkur þykir ósköp vænt um þetta," segir Pétur Eggerz hjá Möguleikhúsinu. „Markmið okkar í gegnum tíðina hefur verið að sýna íslensk verk, bæði frumsamin sem og leikgerðir upp úr sögum, fyrir börn. Það er gaman að fá svona viðurkenningu fyrir starfið í heild. Þetta er vísbending um að einhverjum þyki við vera á réttri braut og hvetur okkur til frekari dáða."

Hljómsveitin Hjálmar fékk viðurkenningu fyrir að hafa alla sína söngtexta á íslensku.

„Þannig hafa þeir lagt fram drjúgan skerf til að byggja upp þá ímynd að meðal framsækinna íslenskra rokk- og dægurtónlistarmanna sé íslenska sjálfsagt mál, eða ætti að vera það," segir í umsögn ráðgjafanefndar.

Sigurður Guðmundsson, söngvari og gítarleikari Hjálma, segir hljómsveitina sannarlega hafa haft málrækt í huga þegar hún ákvað að syngja á íslensku.

„Við tókum beinlínis ákvörðun um að halda tryggð við okkar ástkæra og ylhýra mál. Við litum á það sem svo að við værum íslenskt band sem spilaði fyrir íslenskt fólk og myndi þar af leiðandi syngja á íslensku," segir Sigurður. Hann segir það aldrei hafa hvarflað að hljómsveitinni að skipta yfir í ensku, eins og títt er í poppbransanum.

„Um leið og maður fer að brúka annað tungumál en sitt eigið er maður farinn að útvatna tilganginn og boðskapinn sem að minnsta kosti við í Hjálmum lögðum upp með."

Ráðgjafanefnd um verðlaun og viðurkenningar á degi íslenskrar tungu var skipuð þeim Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, Kristjáni Árnasyni og Þórarni Eldjárn.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Dramatík og húmor hjá Kammersveit Reykjavíkur

Verk eftir Tartini, Stravinskí og Sjostakovits eru á meðal þeirra sem hljóma munu á tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í kvöld. Una Sveinbjarnardóttir, konsertmeistari Kammersveitarinnar, segir efnisskrána bæði dramatíska og fulla af húmor.

„Sónatan eftir Sjostakovits hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér. Hún er talin til eins af hans betri verkum frá síðari hluta ferilins og mig hefur lengi langað til þess að leika verkið sem upphaflega var skrifað fyrir rússneska fiðluleikarann David Oistrakh," segir Una Sveinbjarnardóttir, sem tók nýverið við stöðu konstertmeistara Kammersveitarinnar. Verkin sem verða flutt spanna þrjár aldir, Tartini skrifaði sitt á fyrri hluta átjándu aldar en verk Sjostakovits er frá seinni hluta þeirrar tuttugustu. „Það fylgir verki Tartinis, Djöflatrillusónötunni svokölluðu, sú skemmtilega saga að hann hafi dreymt djöfulinn spila það og svo skrifað það niður eftir minni þegar hann vaknaði," segir Una sem leikur á fiðlu frá þeim tíma sem verkið var samið, frá árinu 1732.

Auk Unu leika þau Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og Hrafnkell Orri Egilsson sellóleikari á tónleikunum, sem hefjast klukkan 20.



**UNA, ANNA GUÐNÝ OG HRAFNKELL** Leika á tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þess má geta að lokum að hægt verður að panta miða á jólatónleika Kammersveitarinnar á tónleikunum, en þeir hafa löngum verið mjög vinsælir. - sbt

ALVARA LEIKSINS – ÆVISAGA GUNNARS EYJÓLFSSONAR

# Dramatík á leiksviði lífsins



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




*Gunnar Eyjólfsson hefur unnið marga leiksigra og tekist á við erfiðar tilfinningar á sviði. Ævi hans sjálfs hefur þó ekki síður verið átakamikil.*

***Alvara leiksins** er saga af miklum örlögum og sárri lífsreynslu en einnig af ógleymanlegu fólki og ævintýralegu lífi, innanlands sem utan.*

*Árni Bergmann skráði af næmi og stílfimi.*

## ÚTGÁFUHÓF Í IÐNÓ

Útgáfu bókarinnar verður fagnað í Iðnó
í dag, miðvikudaginn 17. nóvember, kl. 17
Léttar veitingar. Verið velkomin.

Lestur er undirstaða alls náms

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL



# Sælir sigurvegarar í Seljaskóla

„Það er búið að vera ótrúlega gaman og allir eru í skýjunum,“ segir Sigrún Dís Hauksdóttir, formaður nemendafélags Seljaskóla, en skólinn bar sigur úr býtum í Skrekk á mánudagskvöldið.

„Það voru allir svo ánægðir með sigurinn að það var gefið frí í fyrstu þremur tímunum í dag. Þegar við mættum svo í skólann, hlupum við sigurhring með styttuna og allir krakkarnir í yngri bekkjunum komu fram á gang að horfa,“ segir Sigrún, en Seljaskóli hefur aldrei unnið keppnina áður.

Atriði Seljaskóla var virkilega flott og því hlýtur undirbúningurinn að hafa verið gríðarlegur. „Við æfðum í fimm vikur en við reyndum að byrja eins snemma og við gátum,“ segir Sigrún. „Við vorum með leikaraprufur, fimleikaprufur og söngprufur og utanaðkomandi aðilar aðstoðuðu við valið á hópnum. Svo saumuðum við alla búningana líka sjálf,“ segir Sigrún, en alls tóku 33 nemendur þátt.



**SIGUR Í FYRSTA SKIPTI** Krakkarnir í Seljaskóla unnu Skrekk í fyrsta skipti á mánudagskvöldið. Stemningin í skólanum að morgni þriðjudags var því ansi góð.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigrún fékk hugmyndina að atriði Seljaskóla en allir nemendurnir sem tóku þátt hjálpuðu til við að útfæra það. „Stephen Hawking sagði árið 2005 að við myndum útrýma heiminum með tækninni og í atriðinu erum við að sýna hvernig framtíðin gæti orðið með allri þessari tækni. En sama hvað gerist, að þá er alltaf von, og hún er okkar sterkasti eiginleiki,“ segir Sigrún. En var atriði Seljaskóla það flottasta á Skrekk í ár? „Alveg klárlega,“ segir Sigrún, glöð með sigurinn. - ka


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS – ÓTEXTUÐ | 6 , 8 og 10.15 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 8 og 10.15 | 12 |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 6 -ÍSL TAL | 7 |
| STONE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 -ÍSL TAL | L |

FORSALA Á HARRY POTTER HAFIN Á SAMBIO.IS

ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
DUE DATE

★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★ EMPIRE
BRUCE WILLIS, MORGAN FREEMAN, JOHN MALKOVICH OG HELEN MIRREN ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGU GRÍNMYND

14.000 gestir ★★★★ H.S. MBL ÓRÓI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LET ME IN | kl.10:30 | 16 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| THE TOWN | kl. 5:30 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| GNARR | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.55 og 6 | L |
| DUE DATE | kl. 3.50 - 5.45 - 8 og 10.20 | 10 |
| GNARR | kl. 6 - 8 og 10.10 | L |
| RED | kl. 3.45 - 5.50 - 8.10 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.45 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DON PASQUALE Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| GNARR | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| DUE DATE | kl. 10:20 | 10 |
| RED | kl. 10:20 | 12 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | á morgun kl. 5:50 | 7 |

NÝTT Í BÍÓ!
Sjáðu Jackass eins og þú hefur aldrei séð áður!
★★★★ "Snjöll, fyndin og stórskemmtileg. Held að hin nýja Clueless sé fundin." T.V. - Kvikmyndir.is
750 kr.

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| EASY A | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 3.40 | L |
| MACHETE | kl. 10.35 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.20 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| UNSTOPPABLE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| EASY A | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 5.50 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 8 - 10.15 | L |
| INHALE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 8 - 10 | 12 |
| EASY A | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%
ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

BÍÓ PARADÍS CAFÉ

| | |
|---|---|
| FEATHERED COCAINE(L) | 18:00 |
| INSIDE JOB(L) | 20:00 |
| ARMADILLO(14) | 20:20 |
| I'M STILL HERE(12) | 20:10 |
| FREAKONOMICS(L) | 18:10 |
| CATFISH(L) | 18:20 |
| SUBMARINO(14) | 20:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI(L) | 18:30 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS
BÍÓDAGAR HAUST 2010
SJÖ HEITUSTU HEIMILDAMYNDIR ÁRSINS!
græna ljósið
FREAKONOMICS
INSIDE JOB

REYKJAVÍKURNÆTUR
NOVA
TÓNLEIKARÖÐ Á NASA Í NÓVEMBER!
18. NÓVEMBER KL. 21:00
ANNAÐ KVÖLD!
HJALTALÍN OG FELDBERG
25. NÓVEMBER KL. 21:00
HJÁLMAR OG RETRO STEFSON
FRÍTT INN FYRIR VIÐSKIPTAVINI NOVA Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR!
MIÐAVERÐ FYRIR AÐRA: 1.000 KR. 20 ÁRA ALDURSTAKMARK.
SÝNDU NOVA FARSÍMANN VIÐ INNGANGINN. HÚSIÐ OPNAR KL. 21.00.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
DAGUR & STEINI

„Ég bý til besta Mojito á Norðurlöndunum. Þú getur gengið inn á hvaða bara sem er í Osló, Stokkhólmi eða Kaupmannahöfn og beðið um einn ískaldan Stebbi's Mojito. Þeir vita nákvæmlega hvað þú ert að tala um. Þeir þekkja mig þar!“

„Fólk er bara að reyna að skemmta sér. Reyna að hafa gaman. Menn eru bara að fá sér. Skiljanlega. Ég meina Liverpool hafði unnið fyrr um daginn. Believe it or not!“



# MOJITO

MOJITO EFTIR JÓN ATLA JÓNASSON

NÝTT ÍSLENSKT OG BRÁÐFYNDIÐ LEIKVERK FRUMSÝNT Í TJARNARBÍÓI Í KVÖLD

LEIKARAR STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON ÞÓRIR SÆMUNDSSON MIÐASALA Í SÍMA 527 2100 OG Á MIDI.IS

HANDRIT OG LEIKSTJÓRN JÓN ATLI JÓNASSON

17.11.10 Miðvikudagur kl. 20:00 UPPSELT
21.11.10 Sunnudagur kl. 20:00
23.11.10 Þriðjudagur kl. 20:00
24.11.10 Miðvikudagur kl. 20:00
27.11.10 Laugardagur kl. 23:30

FORLAGIÐ

TJARNARBÍÓ

# sport

sport@frettabladid.is



**ARNAR GUNNLAUGSSON** skrifaði í gær undir eins árs samning við Fram og leikur með liðinu í Pepsi-deild karla á næstu leiktíð. Arnar er 37 ára og á langan feril að baki sem spannar 21 ár, bæði hér á landi sem og erlendis. Fram verður hans sjötta félag á Íslandi.

## Lið Íslands gegn Ísrael

**Markvörður:**
Gunnleifur Gunnleifsson

**Vörn:**
Birkir Már Sævarsson, Hermann Hreiðarsson fyrirliði, Kristján Örn Sigurðsson og Indriði Sigurðsson.

**Miðja:**
Birkir Bjarnason, Eggert Gunnþór Jónsson, Aron Einar Gunnarsson, Steinþór Freyr Kristinsson og Alfreð Finnbogason.

**Sókn:**
Kolbeinn Sigþórsson.

SCHMIDT
saltdreifarar

- sala
- varahlutir
- þjónusta
Nido
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Leggjum allt undir í Ísrael

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir að Ísland ætli sér sigur á Ísrael í vináttulandsleik ytra í kvöld. Ólafur er aðeins með sextán leikmenn á skýrslu vegna mikilla forfalla í leikmannahópnum. „Ísrael með hörkulið,“ segir Ólafur.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Ísrael í vináttulandsleik sem fer fram á Bloomfield-leikvanginum í Tel Aviv í kvöld. Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari, segir að engan bilbug sé að finna á sínum mönnum þrátt fyrir að sjö leikmenn hafi þurft að draga sig úr hópnum af ýmsum ástæðum.

„Það er svo sem ekkert nýtt að menn forfallist en það er óvenjulega mikið um það núna,“ segir Ólafur við Fréttablaðið. „Við verðum aðeins með sextán leikmenn á skýrslu að þessu sinni en megum vera með átján. Það voru aðeins átján leikmenn boðaðir út og kannski hefðum við átt að fara með fleiri leikmenn. En leikurinn er í annarri heimsálfu og þetta er erfitt ferðalag.“

Nú síðast duttu þeir Gylfi Þór Sigurðsson og Jóhann Berg Guðmundsson úr liðinu vegna meiðsla sem þeir urðu fyrir í leikjum sinna liða um helgina. Fyrirvarinn var skammur og ekki tókst að boða nýja menn í liðið í þeirra stað. „Ég er þó með sterkt lið hér úti og og mun nota þennan leik alveg eins og ég ætlaði að gera áður,“ segir Ólafur, sem ætlar að leggja áherslu á að bæta sóknarleik íslenska liðsins í kvöld.

„Ég hef áður sagt að við erum örlítið ragir þegar við fáum boltann og vil ég að menn þori að halda boltanum innan liðsins án þess að gefa hann auðveldlega eða klaufalega frá sér. Ef það tekst er sá möguleiki fyrir hendi að færa okkur framar á völlinn og skapa okkur fleiri færi við mark andstæðingsins. Þetta hefur lengi verið vandamál hjá íslenska landsliðinu,“ segir Ólafur.

„Sóknarleikurinn hjá okkur hefur verið ágætur inni á milli en dottið niður eins og gengur og erist. Við höfum líka verið mikið að hugsa um varnarleikinn og menn hafa því verið hræddir við að sækja fram. Við erum að reyna að vinna í því.“



**STEFNIR Á SIGUR** Ólafur Jóhannesson, þjálfari íslenska landsliðsins, stefnir á sigur í Ísrael í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur stillir upp að stærstum hluta ungu liði í kvöld. „Það stóð alltaf til að ungir leikmenn fengju tækifæri í þessum leik til að öðlast dýrmæta reynslu. Ég veit líka að menn munu gefa sig alla í leikinn og meðan svo er verðum við í fínum málum. Við ætlum að vinna þennan leik og leggjum allt undir svo að það takist.“

eirikur@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### *N1-deild kvenna*

**Stjarnan - Haukar** **37-24 (20-9)**
**Mörk Hauka:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 12, Elísabet Gunnarsdóttir 7, Esther Ragnarsdóttir 4, Hildur Harðardóttir 3, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Aðalheiður Hreinsdóttir 2, Þorgerður Anna Atladóttir 2, Margrét Vilhjálmsdóttir 1, Guðrún Bjarnadóttir 1, Sólveig Lára Kjærnested 1, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1.
**Mörk Stjörnunnar:** Þórunn Friðriksdóttir 7, Hekla Hannesdóttir 4, Viktoría Valdimarsdóttir 4, Erla Eiríksdóttir 3, Katerina Baumruk 2, Sandra Sif Sigurjónsdóttir 2, Karen Helga Sigurjónsdóttir 1, Gunnhildur Pétursdóttir 1.

### *Eimskipsbikarkeppni karla*

**Grótta - FH** **23-30 (13-13)**
**Mörk Gróttu:** Hjalti Þór Pálmason 9, Hjálmar Árnason 6, Árni Benedikt Árnason 3, Þórir Jökull Finnbogason 2, Sigurður Eggertsson 2, Friðgeir Elí Jónasson 1.
**Mörk FH:** Ólafur Guðmundsson 11, Ásbjörn Friðriksson 8, Atli Rúnar Steinþórsson 4, Hermann Ragnar Björnsson 3, Logi Geirsson 2, Ísak Rafnsson 1, Bogi Eggertsson 1.

### LIÐIN Í 8-LIÐA ÚRSLITUM

| | |
|---|---|
| **Selfoss** | **Haukar** |
| Fram | Akureyri |
| **ÍR** | **Víkingur** |
| FH | Valur 2 eða Valur |

### *Enska bikarkeppnin, 1. umf*

**Vauxhall Motors - Hartlepool** **0-1**
Ármann Smári Björnsson var í byrjunarliði Hartlepool sem mætir Yeovil Town í 2. umferð.
**Huddersfield - Cambridge** **2-1**
Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður á 68. mínútu en Huddersfield skoraði bæði mörk sín í uppbótartíma.
**Leyton O. - Dagenham & Redbridge** **3-2**
Guðlaugur Victor Pálsson var á bekknum hjá D. Leyton Orient mætir Droylsden í 2. umferð.

REIKNAÐU DÆMIÐ
800.00
Fíton / SÍA



ÞJÁLFARINN Alfreð Gíslason á hliðarlínunni í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Toppslagur í Þýskalandi:

# Loksins vann Hamburg

HANDBOLTI Hamburg vann í gær sinn fyrsta sigur á Kiel í þýsku úrvalsdeildinni síðan 2003, 26-25. Marcin Lijewski skoraði sigurmarkið þegar tíu sekúndur voru til leiksloka.

Það var þó markvörðurinn Johannes Bitter sem var hetja Hamburg en hann varði þrjú víti í leiknum, þar af eitt frá Momir Ilic þegar tvær mínútur voru til leiksloka.

Aron Pálmarsson átti ágæta spretti með Kiel í gær. Hann skoraði tvö mörk, fiskaði víti og gaf nokkrar stoðsendingar. Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins. Hamburg er nú eitt á toppi deildarinnar með 22 stig en Kiel er með 20. - esá



ÖRUGGUR SIGUR Stjarnan vann þrettán marka sigur á Haukum í N1-deild kvenna í gær, 37-24. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Helena Sverrisdóttir er í hópi bestu leikmanna bandaríska háskólaboltans:

# Ein af fimm bestu hjá ESPN

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir var á dögunum valin ein af fimm bestu litlu framherjunum í bandaríska háskólakörfuboltanum af bandaríska fjölmiðlarisanum ESPN.

Þetta er mikil viðurkenning fyrir Helenu, sem er nú að hefja lokaár sitt í skólanum en áður hafði hún verið valin meðal 50 bestu leikmannanna fyrir bæði John R. Wooden-verðlaunin og Naismith-verðlaunin. Þau eru virtustu einstaklingsverðlaunin í bandaríska háskólaboltanum sem veitt eru á hverju ári. Það er því ljóst að augu sérfræðinganna verða á Helenu í vetur en hún var með 13,6 stig, 6.7 fráköst og 5,2 stoðsendingar að meðaltali í leik síðasta vetur.

„Þetta er rosalega flott viðurkenning en ég einbeiti mér ekki að þessum hlutum heldur bara því sem ég geri á vellinum. Ég veit hvar ég vil vera eftir þetta tímabil og það er það eina sem ég einbeiti mér að," segir Helena. Hún er ekkert farin að hugsa um möguleikana á því að komast inn í WNBA-deildina en svona viðurkenningar hafa vissulega komið henni á kortið.

„WNBA-deildin er svo rosalega lítil, 12 lið og í valinu eru bara þrjár umferðir. Það eru því einungis 36 leikmenn sem eru valdir og af þeim komast um 12-15 leikmenn inn í liðin. Þetta snýst allt saman um hvernig ég og liðið mitt spilum í ár," segir Helena, sem veit að það er mikið undir hjá henni í vetur.

„Allar svona viðurkenningar hjálpa til langs tíma litið en þetta snýst samt algjörlega um lokaárið," segir Helena, sem verður áberandi í sögu TCU-skólans þegar tímabilið er á enda.



SÍÐASTA ÁRIÐ Helena Sverrisdóttir hefur átt frábæran feril með TCU-skólanum en fram undan er lokaárið hennar. MYND/TCU

TCU-liðið er til alls líklegt í vetur enda á lista yfir 25 bestu háskólaliðin í ár.

„Við lítum rosalega vel út, líklegast besta lið sem við höfum haft þessi fjögur ár sem ég hef verið hér. Markmiðin eru sett hátt, að endurtaka sigur í deildinni og komast langt inn í NCAA eftir sárt tap í fyrra. Núna fyrir áramót eigum við eitt erfiðasta leikjaplanið sem sést hefur því við spilum við sex topp 20 lið. Þetta verður mjög erfitt en við ætlum okkur að standa okkur vel," segir Helena.

TCU er búin að spila einn leik á tímabilinu en liðið er til alls líklegt í Mountain West-deildinni. Helena var með 15 stig, 6 fráköst og 5 stoðsendingar í 58 stiga sigri á Houston Baptist.

„Við spiluðum á móti mun slakari andstæðingi en vorum samt að spila flottan bolta og höfðum gaman af hlutunum. Ég skaut ekki vel, en var sátt með aðra hluti," segir Helena, sem vill ekki gefa upp sín markmið í vetur.

„Ég hef að sjálfsögðu mín persónulegu markmið sem bara ég veit. En það sem ég er að einbeita mér að er að nota þessa þjálfun og aðstöðu eins vel og ég get til að eiga sem best mögulegt leikár og byggja á því fyrir næstu plön," segir Helena. Hún hefur hins vegar aldrei farið leynt með það að ætla að verða atvinnumaður í körfubolta, hvort sem það verður í Bandaríkjunum eða Evrópu. - óój



ÖFLUGUR Hlynur Bæringsson hefur farið vel af stað í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sænski körfuboltinn:

# Sundsvall vann í Íslendingaslag

**KÖRFUBOLTI Hlynur Bæringsson og Jakob Sigurðarson höfðu betur gegn Loga Gunnarssyni í Íslendingaslag í sænsku úrvalsdeildinni í gær er Sundsvall vann Solna, 95-74.**

**Allir þrír byrjuðu leikinn en Jakob skoraði ellefu stig og gaf þrjár stoðsendingar í leiknum. Hlynur var með fimm stig og þrettán fráköst en báðir léku í um 30 mínútur. Logi skoraði níu stig og tók tvö fráköst fyrir Solna.**

**Einn Íslendingur enn var í eldlínunni í Svíþjóð í gær. Helgi Már Magnússon fór mikinn í liði Uppsala sem vann nauman sigur á 08 Stockholm, 79-77. Hann skoraði sextán stig og tók sjö fráköst.**

**Sundsvall og Uppsala komust í tíu stig í gær og eru í 4.-5. sæti. Solna er með átta stig í sjötta sæti. Topplið Södertälje er með sextán stig.** - esá


Fjórfaldur 1. vinningur

500.000.000
+300.000.000



Nú er til mikils að vinna því fyrsti vinningur í Víkingalottóinu er hálfur milljarður og hefur aldrei verið hærri á árinu. Ofurpotturinn stefnir í 300 milljónir. Og þá er að leggja saman!

**Fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is fyrir kl. 17.00 í dag.**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 17. NÓVEMBER 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 4 |

SÖLU LÝKUR NÚ KL. 17

## > Taylor Momsen

„Leggirnir á mér eru svakalega langir og það þykir víst voða flott, en ég er svakalega mikill klaufi. Ég meina, ég er eins og Bambi. Ég dett um mig sjálfa og get með engu móti stjórnað höndunum og mínum löngu leggjum.“

***Töffarinn Taylor Momsen fer með eitt aðalhlutverkanna í dramaþáttunum Gossip Girl sem eru á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR HUGSAR TIL ÁRSINS 1983

# *Níundi áratugurinn heimsóttur*

Árið 1983 var gott ár fannst mér. Það var bara tiltölulega gaman að hanga í Fossvoginum áður en unglingaþreytan lagðist yfir af fullum þunga. Skólinn var skemmtilegur, strangar reglur unglingsára ekki farnar að setja manni skorður. Afþreying fólst í bókasafnsheimsóknum og tónlist. Bravo-blöðin komu á föstudögum í Grímsbæ og þá var málið að drífa sig þangað og festa kaup á einu. Mikið lá við að ná Lögum unga fólksins í útvarpinu og Skonrokki í sjónvarpinu, alltaf var stillt á upptöku.

Árið er mér hugleikið vegna bíómyndar helgarinnar, This Is England. Ég hafði sem betur fer fyrir því að rannsaka úrvalið á öllum þeim stöðvum sem mér standa til boða og sá að sænska sjónvarpið tefldi fram gæðamynd sem ég hafði ekki séð áður.

Myndin gerist í Englandi á þessu herrans ári 1983 í raunamæddu umhverfi sem reyndar minnti mig ekki neitt á Fossvoginn.



Ótrúlega vel gerð mynd segir frá jafnaldra mínum (1983), tólf ára drengnum Shaun sem á erfitt með að fóta sig í skólanum og lífinu, hann hefur nýverið misst föður sinn og hann er öðruvísi klæddur en hinir – sem er slæmt þegar maður er tólf ára. Líðanin skánar svo þegar unglingagengi tekur hann upp á arma sína og í framhaldinu er sögð óhefðbundin þroskasaga.

Fyrir utan vel skrifað handrit og sannfærandi persónur er ótrúlega gaman að sjá hversu vel tekst til við að endurskapa tímabilið, fötin, umhverfið, tónlistin, þetta er fáránlega vel gert. Ég hef mjög gaman af tímabilamyndum og þessi fær mjög háa einkunn.

Forvitnilegt verður því að fylgjast með afdrifum persónanna en nú er búið að gera þáttaröð sem heitir This Is England '86 sem ég skora hér með á sjónvarpsstöðvar að taka til sýninga. Svo vonast ég vitanlega eftir íslenskri þáttaröð sem gerist á níunda áratugnum, sem ég held að sé stórkostlegur tími til að takast á við í bíói eða sjónvarpi.

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Þjóðin og þýðingarnar** Sjónvarpsmynd um stöðu þýðinga á Íslandi.
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (13:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Snillingarnir** (8:28)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (8:42)
**18.30 Gló magnaða** (8:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Ljóta Betty** (84:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.



**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Kvartanakórinn** (Complaints Choir) Dönsk heimildamynd.
**23.15 Landinn** (e)
**23.45 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Notting Hill**
**10.00 The Truth About Love**
**12.00 Stormbreaker**
**14.00 Notting Hill**
**16.00 The Truth About Love**
**18.00 Stormbreaker**
**20.00 Yes**
**22.00 Kings of South Beach**
**00.00 The Godfather 2**
**03.15 The U.S. vs. John Lennon**
**04.55 Kings of South Beach**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (12:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (3:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (12:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (22:23)
**14.40 ER** (3:22)
**15.30 iCarly** (13:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Daffi önd og félagar, Ofurhundurinn Krypto
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (8:24)
**19.50 How I Met Your Mother** (3:20)
**20.20 Gossip Girl** (2:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga.
**21.10 Grey's Anatomy** (8:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**22.00 Medium** (8:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar.
**22.45 Nip/Tuck** (7:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
**23.30 Sex and the City** (7:18)
**00.05 NCIS: Los Angeles** (13:24)
**00.50 Human Target** (4:12)
**01.35 The Forgotten** (17:17)
**02.20 Sjáðu**
**02.50 The Initiation of Sarah**
**04.20 Gossip Girl** (2:22)
**05.05 Grey's Anatomy** (8:22)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Hamburg - Kiel** Útsending frá leik Hamburg og Kiel í þýska handboltanum.
**17.25 Children's Miracle Network** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**18.20 Hamburg - Kiel** Útsending frá leik Hamburg og Kiel í þýska handboltanum.



**19.55 England - Frakkland** Beint frá vináttuleik Englands og Frakklands.
**22.00 Portúgal - Spánn** Beint frá vináttuleik Portugals og Spánar.
**23.40 England - Frakkland**
**01.20 Portúgal - Spánn**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wolves - Bolton**
**18.15 Newcastle - Fulham**
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Football Legends** Magnaðir þættir þar sem fjallað er um bestu knattspyrnumenn sögunnar og að þessu sinni verður fjallað um hinn brasilíska Zico.
**23.25 Aston Villa - Man. Utd**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**13.40 Skrekkur 2010** (e)
**15.55 The Marriage Ref** (10:12) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (9:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (8:23) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**19.45 Matarklúbburinn** (2:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.
**20.10 Spjallið með Sölva** (9:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
**20.50 Parenthood** (7:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.
**21.35 America's Next Top Model** (7:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.25 Secret Diary of a Call Girl** (6:8)
**22.55 Jay Leno**
**23.40 CSI** (7:23) (e)
**00.30 CSI: Miami** (19:25) (e)
**01.15 Premier League Poker II** (15:15) (e)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.00 Golfing World** (e)
**11.50 Golfing World** (e)
**12.40 JBwere Masters** (2:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 European Tour - Highlights** (7:10) (e)
**19.40 LPGA Highlights** (7:10)
**21.00 Ryder Cup Official Film 2010** (e)
**22.15 Golfing World** (e)
**23.05 Junior Ryder Cup 2010** (e)
**23.55 Golfing World** (e)
**00.45 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.40 Falcon Crest** (1:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**20.30 That Mitchell and Webb Look** (3:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Cougar Town** (23:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courteney Cox.
**22.15 Chuck** (1:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**23.00 The Shield** (10:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögregluliðið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 The Doctors**
**00.50 Falcon Crest** (1:28)
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 Helgarpakkinn með Rúnari Eff** Norðlenskir viðburðir helgarinnar.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Björgvin G. Sigurðsson.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis hefur slegið í gegn hjá bíla- og mótorhjólaköppum í allt sumar.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.30 Stjórnarskráin** Er eitthvað að eða ekki að? Jón Kristinn Snæhólm.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05
### Grey's Anatomy



Það verður mikið fjör hjá læknunum í Seattle í kvöld þegar þeir reyna að bjarga lífi háttsetts stjórnmálamanns frá Mið-Austurlöndum. Christina heldur innflutningsparti og nýr barnalæknir mætir til starfa.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Jón Múli Árnason **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.15** Deal or No Deal **13.50** Monarch of the Glen **14.40** Absolutely Fabulous **15.10** Absolutely Fabulous **15.40** Last of the Summer Wine **16.10** Waterloo Road **17.05** The Weakest Link **17.50** Deal or No Deal **18.25** Only Fools and Horses **18.55** Fawlty Towers **19.30** QI **20.00** Harry and Paul **20.30** New Tricks **21.20** Fawlty Towers **21.55** Harry and Paul **22.25** QI **22.55** Come Dine With Me **23.20** Come Dine With Me **23.45** EastEnders

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Ha' det godt **13.30** Hammerslag på Fyn **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Skæg med bogstaver **16.50** Laban det lille spøgelse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Chile's Emergency Mine Rescue **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.20** OBS **23.25** Mission Ledelse **23.55** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.40** Glimt av Norge **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** En Noman i Pakistan **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Joanna Lumley. Draumen om Nilen **23.00** Filmbonanza **23.30** Trekant **00.00** Viggo på lørdag

## SVT 1

**12.05** Skavlan **13.05** Man lever bara en gång **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Brottet **21.00** Nurse Jackie **21.30** Nurse Jackie **22.00** Våra vänners liv **23.00** Dox





# 50 HELGILEIKIR Í DESEMBER

Stöð 2 Sport 2 boðar ykkur mikinn fögnuð í desember. 50 leikir í enska boltanum, þar af fjórar heilar umferðir um jólin. Gerast kraftaverkin hjá Liverpool? Verða stuðningsmenn Arsenal og Man Utd bænheyrðir eða nær Chelsea að halda sér í hæstu hæðum? **Fáðu þér áskrift, sjáðu æsispennandi helgileiki og haltu heilaga hátíð í desember.**

**Fjöldi stórleikja:**
Chelsea – Everton
Liverpool – Aston Villa
Man. Utd. – Arsenal
Newcastle – Liverpool
Tottenham – Chelsea
Chelsea – Man. Utd.
Arsenal – Chelsea

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 2 SPORT 6 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.




vísir.is

## MORGUNMATURINN



*„Cheerios heima og molakaffi úti í Hámu. Einn bolli hefur verið nóg, en í dag var það ekki. Ég veit ekki hvernig skammdegið fer með kaffidrykkjuna.“*

Auður Alfífa Ketilsdóttir, ritstjóri Stúdentablaðsins.

# Forsetahjón hlupu í skarðið fyrir Jón Gnarr

André Bachmann, sem hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrr á árinu, vonast eftir að um 1.500 manns mæti á jólahátíð fatlaðra sem verður haldin á Hilton-hótelinu 8. desember.

Sérstakir gestir verða forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff. Þetta verður í annað sinn sem sérstakir gestir verða á hátíðinni, en erfiðlega hefur gengið að fá þá til að mæta. Sá fyrsti þáði boðið fyrir fimm árum, eða Magnús Stefánsson, þáverandi félagsmálaráðherra. „Mér þótti afskaplega vænt um það,“ segir André, sem reyndi fyrst að fá borgarstjórann Jón Gnarr til að koma í ár. Svo virðist sem André hafi þurft að fara aftast í röðina því margir hafa þurft að bíða lengi eftir því að ná sambandi við hinn eftirsótta Jón. „Ég beið eftir svari í fimm vikur en fékk engin svör. Þá sendi ég póst á forsetann klukkan 10 að morgni og hann svaraði upp úr klukkan 13,“ útskýrir hann. „Þetta fannst mér gott og ég er voða stoltur. Hann hefði gaman af að sjá mína skjólstæðinga skemmta sér af gleði. Þessi fallegu augu og bros. Þetta er svo einlægt fólk og þakklátt.“

Hljómsveitin The Charlies, Ingó Veðurguð, Bubbi og Raggi Bjarna verða á meðal flytjenda á jólahátíðinni, sem er nú haldin í 28. sinn.„Ég sendi Ölmu [Guðmundsdóttur] póst og fékk ægilega fallegt bréf til baka sem snart mig. Þetta eru afskaplega indælar stúlkur og þær hugsa fallega líka,“ segir André um stúlkurnar í The Charlies sem eru búsettar í Los Angeles. **- fb**



**MÆTIR Á JÓLAHÁTÍÐ** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussiaeff mæta á jólahátíð fatlaðra. Jón Gnarr svaraði ekki boðum aðstandenda hátíðarinnar.




## ELÍSABET ORMSLEV: FÆRI EKKI ÚT ÁN MÖMMU MINNAR

# Dóttur Helgu Möller boðið hlutverk í Hollywood-mynd

„Þetta á held ég að vera einhver táningadrulla, voða hallærislegt,“ segir Elísabet Ormslev, dóttir söngkonunnar Helgu Möller og gömlu fótboltakempunnar Péturs Ormslev.

Elísabetu var á dögunum boðið að leika í hryllingsmynd sem framleidd verður í Hollywood. Bandarískur handritshöfundur að nafni Chris Broms fann Elísabetu á Facebook og leist vel á útlit hennar. Hann hafði samband við hana og sendi henni handritið í kjölfarið. „Ég er ekki búin að lesa allt handritið yfir, það er frekar langt. Myndin á að heita Suicide Club og snýst aðallega um eina stelpu, en það eru nokkrar aðalpersónur í myndinni,“ segir Elísabet, sem telur sig þó ekki hafa átt að leika þessa stelpu sem myndin snýst um.

Eftir að Elísabet fékk handritið í hendurnar fékk hún annan tölvupóst frá Chris Broms. „Hann sendi mér annan póst þar sem hann sagði að einhver leikstjóri hefði séð mynd af mér og að hann hefði verið voðalega hrifinn. Svo talaði hann um að ég væri örugglega með svipaðan líkamsvöxt og vinkona hans, einhver Paula, og að þau gætu sent einhverja kjóla til mín sem ég gæti mátað.“

Spurð að því hvort að hún ætli að slá til, segist Elísabet ekki vera viss. „Ég er svo hrædd við þetta. Ég er svo hrædd um að ég komi bara út og svo er þetta bara einhver klámmynd, einhver hryllingsklámmynd. Ég myndi allavega ekki fara þangað út án þess að hafa mömmu með mér,“ segir Elísabet.

Hún segir að þótt hún samþykki ekki að leika í kvikmyndinni, sé það ákveðinn heiður að vera beðin um að leika í Hollywood-kvikmynd. „Ég er bara einhver sautján ára íslensk stelpa í Reykjavík og er bara spurð: Hey, viltu leika í Hollywood?,“ segir Elísabet. **kristjana@frettabladid.is**



**VEIT EKKI MEÐ HOLLYWOOD** Elísabetu var boðið hlutverk í kvikmyndinni Suicide Club en er hrædd um að ekkert verði af brottför hennar til Hollywood.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### CHRIS BROMS

Fréttablaðið grennslaðist fyrir um handritshöfundinn Chris Broms. Samkvæmt vefsíðunni IMDB hefur Chris Broms leikið í einni heimildarmynd, að nafni Bomb It. Sú mynd kom út árið 2007 og fjallar um nútíma veggjalist. Annað er ekki að finna um handritshöfundinn frá Hollywood og því vert að spyrja sig hvort hann sé í raun sá sem hann segist vera.




# Sendiherra stefnt á hvíta tjaldið

„Mér líst mjög vel á þetta og það sem Ingvar Þórðarson ætlar sér, það gerist,“ segir rithöfundurinn Bragi Ólafsson. Kvikmyndafélag Íslands hefur keypt kvikmyndaréttinn á skáldsögunni Sendiherranum og er fyrsta uppkast að handritinu eftir Jónas Knútsson tilbúið. Bragi kveðst vongóður um að bókin verði að kvikmynd. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa reynt við aðrar bækur rithöfundarins, svo sem Hvíldardaga, fyrstu skáldsögu Braga, og Gæludýrin en Óskar Jónasson hugðist gera klukkustundarlanga sjónvarpsmynd eftir þeirri bók.

Bragi segist vera bæði spenntur og dauðhræddur. „Kvikmynd getur lifað alveg sjálfstæðu lífi og bókin líka. Og mér finnst mjög skemmtilegt að þeir skyldu sjá eitthvað myndrænt í Sendiherranum því hún gerist mikið innra með aðalsögupersónunni,“ segir Bragi en sjálfstætt framhald af Sendiherranum, Handritið, kemur einmitt út fyrir þessi jól.

Júlíus Kemp hjá Kvikmyndafélaginu segir Sendiherrann verða settan í algjöran forgang hjá þeim. Kvikmyndagerðarmenn hafa verið duglegir við að tryggja sér kvikmyndarétt á skáldsögum á undanförnum árum án þess að mikið hafi gerst en Júlíus segir þá vera harðákveðna í að koma bókinni upp á hvíta tjaldið. „Við tókum okkur góðan tíma því bókin kom út 2007. Við veltum þessu mikið fyrir okkur en viljinn er mjög einbeittur,“ segir Júlíus og staðfestir um leið að til greina komi að ráða erlendan leikstjóra í verkið. Þeir hafi meðal annars horft til Finnlands og Þýskalands í þeim efnum. „Það er bara allt opið, veiðarfærunum hefur allavega verið hent út.“ **- fgg**



**HRÆDDUR OG SPENNTUR** (Frá vinstri) Ingvar Þórðarson, Bragi Ólafsson, Úa Matthíasdóttir hjá réttindaskrifstofu Forlagsins og Júlíus Kemp. Skáldið segist bæði vera hrætt og spennt fyrir því að Sendiherrann verði færður upp á hvíta tjaldið.




**Jólatilboð Borgarleikhússins**

# Gjafakort
## Borgarleikhússins

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Gjafakortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.




**Tveggja tíma hláturskast**

**(frumsýnt í febrúar)**

Tveir miðar á drepfyndinn gamanleik á aðeins

**6.500 kr.**



**Fyrir yngstu börnin**

**(frumsýnt í mars)**

Tveir miðar á ljóslifandi ævintýrasýningu á aðeins

**3.300 kr.**

**Gjöf sem aldrei gleymist!**

**Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jóhann í Hollywood



Tónlist **Jóhanns Jóhannssonar** hljómar í stiklu fyrir kvikmyndina Battle: Los Angeles sem er ætlað að verða ein af stórmyndum næsta vors. Myndin virðist hefðbundin geimmyndaklisja en lag Jóhanns, sem er af hinni frábæru plötu IBM 1401, lyftir stiklunni sannarlega upp. Þegar hafa 543 þúsund manns séð stikluna á Youtube, sem verður að teljast bærileg kynning fyrir tónlistarmanninn.

### Eyjafjallajökull rændi Tyrki fjölbragðaglímu

Tyrkneskir fjölbragðaglímuaðdáendur fengu loksins ósk sína uppfyllta á sunnudagskvöld. Bandarísku glímusamtökin WWE komu til Istanbúl eftir að hafa neyðst til að afboða komu sína í vor vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Glímukappinn og kvikmyndaleikarinn Edge bað áhorfendur afsökunar og sagði kappana snúa aftur til Tyrklands ef eldfjallið íslenska leyfði.

### Tveir á toppnum

Tveir af farsælustu umboðsmönnum landsins hafa tekið höndum saman. Þeir **Páll Eyjólfsson**, sem rekur umboðsskrifstofuna Prime, og Máni Pétursson, sem rekur Paxal, nýta krafta sína til að koma listamönnum á borð við Bubba Morthens, Diktu og Erp Blaz Roca á framfæri og sjá til þess að tónleikar þeirra fari fram snurðulaust. Páll og Máni búa yfir mikilli reynslu í bransanum sem kemur sér vafalaust vel fyrir listamennina sem eru á þeirra snærum. - afb



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Handtökurnar tengjast Stím málinu
2. Menntaskólakrakkar kúkuðu í rútu á leið til Akureyrar
3. Þorvaldur Lúðvík yfirheyrður
4. Líðan Ólafs óbreytt
5. Sonur Ólafs játar
6. Vændiskúnni segir vændinu hafa verið „otað að sér“


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI GLAMÚR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

## Að aka meira og meira, meira í dag en í gær

Sértilboð á **rafgeymum**, **rúðuþurrkum** og **ljósaperum**




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 52204 11/10

**Ökum betur í vetur – Engin vandamál, bara lausnir**

Nú er sértilboð á rafgeymum, rúðuþurrkum og ljósaperum hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi.
Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | Kópavogi | Sími: 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | Sími: 460-4300 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ | Sími: 420-6600 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | Sími: 480-8000 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | Sími: 455-4570 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | Sími: 577-7080 |
| Bílatangi Ísafirði | Suðurgata 9 | Ísafirði | Sími: 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | Akranesi | Sími: 431-5050 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | Sími: 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstaðir | Sími: 470-5070 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today Tomorrow Toyota